



Ársskýrsla

Ungmennafélags Selfoss

2008



Sveitarfélagið
ARBORG



Íslandsbanki



prentmet
Suðurlands
HRADÞJÓNUSTA



Ársskýrsla

Ungmennafélags Selfoss

2008

Skýrsla stjórnar	2	Handknattleiksdeild	45
Íþrótt- og tómstundaskóli Árborgar	4	Unglingaráð handknattleiksdeildar	48
Íþróttavallarnefnd	5	Handboltaakademía	50
Jólasveina- og þrettándanefnd	6	Júðódeild	52
		Knattspyrnudeild	54
<i>Skýrslur deilda:</i>		Unglingaráð knattspyrnudeildar	57
Fimleikadeild	7	Körfuknattleiksdeild	59
Frjálsíþróttadeild	11	Mótokrossdeild	61
Handknattleiksdeild	14	Sunddeild	63
Júðódeild	17	Taekwondodeild	65
Knattspyrnudeild	19		
Sunddeild	26	Lög Ungmennafélags Selfoss	67
Taekwondodeild	29	Formenn Umf. Selfoss frá upphafi	69
		Björns Blöndal bikarinn	69
<i>Reikningar félags og deilda:</i>		UMFÍ bikarinn – deild ársins	69
Framkvæmdastjórn	32	Hafsteins bikarinn	70
Íþróttavallarnefnd	35	Heiðursfélagar, gull- og silfurmerkjahafar	70
Jólasveina- og þrettándanefnd	38	Viðurkenningar á aðalfundi 2009	70
Fimleikadeild	39	Íþróttamenn ársins frá upphafi	70
Fimleikaakademía	42	Fundargerð aðalfundar Umf. Selfoss 2008	71
Frjálsíþróttadeild	43		



Undangengið starfsár Umf. Selfoss var að mörgu leyti mjög sérstakt. Hrun fjármálkerfisins og sú kreppa sem fylgdi í kjölfarið hefur gert mörgum íþróttafélögum erfitt fyrir. Það á þó ekki við alls staðar. Deildir Umf. Selfoss eru þar undanskyldar því gott og markvisst starf undanfarinna ára og traustar undirstöður allra deilda gera það að verkum að félagið í heild getur tekist á við erfiðleikana og haldið úti því góða starfi af sama myndarskap og undanfarin ár. Deildirnar eru allar skuldlausar eða skuldlitlar og geta því hagað seglum eftir vindi og haldið ótrauðar áfram. Þetta er ekki sjálfgefin staða. Hana má þakka góðu starfi stjórnara deildanna, ábyrgri aðalstjórn ungmennafélagsins og góðum skilningi Sveitarfélagsins á undangengnum árum. Við aðstæður sem þessar sanna gildi ungmennafélagsins sig og það að félagið sé til staðar fyrir deildirnar og deildirnar fyrir félagið er aldrei mikilvægara en nú. Á komandi sumri ætla deildirnar að taka sig saman og reka íþrótt- og úti- vistar skóla þann sem félagið hefur haldið úti undanfarin sumur. Er þetta kjörinn vettvangur samstarfs og mun vonandi styrkja þeirra innra starf og skapa grundvöll fyrir hagræðingu og frekara samstarf þeirra á milli.

Starfsemi Umf. Selfoss hefur verið að eflast jafnt og þétt undanfarin ár. Á síðasta ári voru stigin mörg stór skref í félagsstarfinu og íþróttalegur árangur hefur sjaldan verið betri.

Vallarframkvæmdir hafnar

Eitt af því sem stendur upp úr frá árinu 2008 er að hafnar voru framkvæmdir við nýjan íþróttavöll við Engjaveg. Þar mun rísa glæsilegur knattspyrnuvöllur og aðstaða fyrir meistaraflokksleiki verða fyrsta flokks. Við enda knattspyrnuvallarins verður frjálsíþróttavöllur sem bætir áralangt aðstöðuleysi frjálsíþróttafólks. Þá er fyrirhugað að stækka búningsaðstöðu, byggja nýja tækjageymslu fyrir vellina, auk þess sem félagsaðstaðan mun væntanlega stækka við þessar framkvæmdir. Er ánægjulegt að sjá í verki áhuga bæjaryfirvalda á áframhaldandi uppbyggingu íþróttamann- virkja. Nýi gervigrasvöllurinn hefur sannað notagildi sitt svo um munar. Þar eru daglegar æfingar nánast allan ársins hring, oft frá morgni til kvölds.

Nýr þjónustusamningur

Á aðalfundi félagsins í maí var skrifað undir nýjan þjónustusamning við Sveitarfélagið Árborg. Er þar tvímælalaust um tímamótasamning að ræða. Stuðningur við starf félagsins var aukinn verulega og mörg athyglisverð nýmæli tekin upp. Má þar nefna aukinn rekstrarstyrk, sem gerir félaginu kleift að halda úti starfsmanni og bókara, forvarnir, styrk til fyrirmyndardeilda, öflugri afreksmannasjóð, leiðtogaþjálfun, styrk til akademía, jólasveina- og þrettándaútgærd, íþrótt- og tómskundaskóli, leiðtogaþjálfun og margt fleira.

Þá tók Sveitarfélagið s.l. haust upp sérstakar hvatagreiðslur þar sem íþrótt- og tómskundastarf barna 6-18 ára er niðurgreitt. Ber að fagna því.

Félag til fyrirmyndar

Sunddeild félagsins fékk viðurkenningu sem fyrirmyndardeild ÍSÍ í maí og í lok árs bættust handknattleiksdeild og knattspyrnudeild í hópinn, þannig að fyrirmyndardeildirnar urðu fjórar. Fimleikadeildin hlaut fyrstu útnefninguna vorið 2007. Þegar þetta er skrifað í apríl 2009 er tækwondo- deildin einnig búin að fá útnefningu, en hana fékk hún í febrúar 2009 á héraðsþingi HSK. Frjálsíþróttadeildin stefnir að því að fá útnefningu á aðalfundi 2009. Með fyrirmyndarvinnunni hafa deildirnar rammað starf sitt vel inn. Þar er félagsleg, íþróttaleg og fjármálaleg stefna hverrar deildar sett fram og hlutverk hvers og eins sem að starfinu kemur skilgreint. Jafnframt hafa verið útbúnar vandaðar handbækur sem allir geta nálgast á heimasíðu félagsins.

Bókhaldið fært til félagsins

Í haust var tekin sú ákvörðun að ráða bókara í hlutastarf til að sjá um bókhald félagsins. Komið var upp vinnuáðstöðu í fundaherbergi Tíbrár, en þar hafa nú aðstöðu bókari félagsins og starfsmaður knattspyrnudeildar. Helmingur fundaherbergisins er eftir sem áður nýttur fyrir fundi stjórna, ráða og nefnda. Hefur sú ráðstöfun að flytja bókhald félagsins í Tíbrá sannað gildi sitt og gert gott starf betra. Bókhaldsstofa Maddýar hefur séð um bókhald félagsins undanfarin ár og eru henni færðar bestu þakkir fyrir góð störf fyrir félagið.



Frábært íþróttarár

Íþróttalega var árið 2008 frábært hjá Umf. Selfoss. Margir einstaklingar náðu glæsilegum árangri í sinni íþrótt með því að verða Íslandsmeistarar, vinna titla á meistaramótum eða mótum innan héraðs. Í hópa- og flokkaíþróttum náðist líka betri árangur og almennt færðist Selfoss ofar á afreka- töflum félaga.

Meistaraflokkur Selfoss í knattspyrnu stóð sig frábæ- lega á sínu fyrsta ári í 1. deild og var hársbreidd frá því að komast upp í úrvalsdeild. Vonandi tekst það 2009. Það yrði flott ef félagið spilaði í úrvalsdeild á nýjum glæsilegum heimavelli tímabilið 2010.

Vegur kvennaknattspyrnunnar á Selfossi hefur vaxið með hverju árinu og er árangur stelpnanna nú orðinn mjög góður á landsvísu. Í framhaldi þess var meistaraflokkur kvenna formlega endurvakinn í haust.

Olímótið var að vanda haldið aðra helgina í ágúst og hefur það sýnt sig að það mót er komið til að vera. Vonir standa til að svipað mót verði haldið fyrir stelpurnar áður en langt um líður.

Hinn félagslegi þáttur unglingaráðs knattspyrnudeildar hefur eflst með hverju árinu. Öflug foreldraráð eru í hverj- um flokki og fáar deildir sem geta státað af jafn traustri grasrót.

Ánægjulegt var þegar handboltastrákarnir í 3. flokki urðu Íslands- og deildarmeistarar síðastliðið vor. Þer það svo sannarlega vott um gróskuna í handboltanum á Selfossi og það frábæra starf sem unnið er í handboltaakademíunni. Yngri flokkarnir náðu líka góðum árangri, unnu nokkra titla og voru í flestum flokkum á meðal fimm bestu liða á land- inu. Umf. Selfoss fékk svo Unglingabikar HSÍ fyrir besta barna- og unglingastarfið á tímabilinu. Handboltaaka- demían var eflð m.a. með því að taka nú stelpur inn.

Árangur fimleikastelpnanna í hópfimleikum var líka frábær. Þær komust m.a. á Norðurlandamót juniora og á Evrópumótið þar sem þær höfnuðu í níunda sæti. Það er ekki á hverju ári sem lið frá félaginu taka þátt í Evrópumót- um. Sýnir þetta hve öflugt fimleikastarfið er á Selfossi. Margir Íslandsmeistararitlar unnust, bæði í einstaklings- greinum og hópfimleikum. Fimleikaakademía deildarinnar

hóf starfsemi í haust og iðkendur hafa aldrei verið fleiri. Þá flutti deildin í apríl alla starfsemi sína í Baulu, nýtt íþrótt- hús Sunnulækjarskóla, þar sem aðstaða til æfinga er allt önnur og betri.

Júdo hefur líka verið í mikilli uppsveiflu sem sést best á góðum árangri og ekki síst fjöldi Íslandsmeistararitla sem Selfyssingar hafa unnið. Starf deildarinnar hefur verið í föstum skorðum og iðkendur hefur fjölgað mikið.

Mótokrossmenn stóðu sig vel í keppnum á árinu. Helsti veikleiki þeirrar deildar er félagslegi þátturinn, en erfiðlega hefur gengið að fá fólk til starfa í stjórn. Aðstöðu- leysi er líka fyrirséð, því samkvæmt skipulegi þarf núver- andi æfingabraut að víkja.

Sunddeildin hefur eflst mikið undanfarin ár og árangur sundkrakkanna er líka betri. Það sást m.a. þegar Umf. Selfoss vann unglingamót HSK í lok árs. Þótt deildin sé ekki stór er félagslegi þátturinn mjög öflugur.

Taekwondodeild hefur verið í miklum vexti undanfarin ár. Iðkendur hefur fjölgað jafnt og þétt og er deildin nú orðin önnur stærsta á landinu. Aðstaðan í Gagnheiðinni er farin að þröngja verulega að starfsemi og þarf að finna lausn á því vandamáli á næstu misserum. Íþróttalegur árangur var mjög góður. Nokkrir Íslandsmeistararitlar unnust og deildin átti einstaklinga í landsliðshópi.

Starf frjálsíþróttadeildar var öflugt á árinu og er í raun ótrúlegt að sjá árangurinn ef miðað er við aðstöðuleysið utanhúss. Með nýjum velli mun það gjörbreytast og ekki þarf að sækja æfingar utan héraðs eins og verið hefur. Margir Íslandsmeistararitlar unnust og einstaklingar voru valdir í landslið. Þá voru Selfoss-krakkar mjög öflugir á Unglingalandsmóti UMFÍ í Þorlákshöfn s.l. sumar.

Ekki reyndist áhugi fyrir því að manna nýja stjórn körfuknattleiksdeildar og því hefur starf hennar legið niðri frá því í vor. Yngri flokka starf fluttist allt yfir til FSu.

Tvær nýjar deildir

Tvær nýjar deildir voru formlega teknar inn í félagið í maí, taekwondodeild og mótokrossdeild. Taekwondo, sem er kóresk íþrótt að uppruna, hefur vaxið hratt hér á landi undanfarin ár.

Skýrsla stjórnar

Ný forvarnastaefna

Á árinu var samþykkt ný forvarnastaefna fyrir félagið og er hún í takt við stefnu Sveitarfélagsins. Með henni er m.a. undirstrikað að áfengi, tóbak eða önnur vímuefni eiga ekki samleið með íþróttum. Íþróttastarfið hefur uppeldis- og forvarnargildi fyrir börn og unglinga og verða allir sem að starfinu koma, hvort heldur er innan vallar sem utan, ávallt að hafa það í heiðri og jafnframt að gera sér grein fyrir því að þeir eru fyrirmyndir.

Félagið stóð fyrir forvarnaheimsóknum í Sunnulækjar-skóla og Vallaskóla í lok árs. Þar voru nemendur elstu bekkja heimsóttir og starf félagsins kynnt. Framkvæmdastjóri félagsins, Þjálffarar og íþróttafólk úr öllum deildum sögðu frá mikilvægi þess að stunda íþróttir og heilbrigðar tómsundurir.

Ýmis verkefni

Í upphafi árs var gerður samningur við Hummel-umboðið og Sportbæ um nýjan íþróttafatnað fyrir félagið. Gilti hann um allar deildir félagsins. Hefur hann án efa þjappað fólki saman og aukið samkennd innan félagsins.

Í byrjun maí tók knattspyrnudeild við rekstri íþróttavallarins. Gerður var samningur til eins árs þar sem deildin tók yfir gildandi samning. Hefur reksturinn gengið vel og er stefnt á endurnýjun samningsins fyrir 2009. Miklar framkvæmdir standa yfir á vallarsvæðinu og þarf að laga starfsemina að því.

Með nýjum þjónustusamningi við Sveitarfélagið var gerð breyting á afreksmannasjóði og hann stórefldur. Félaginu var falið að semja nýja reglugerð og var það gert s.l. haust. Fyrsta úthlutun fór síðan fram í lok árs.

Afmælisnefnd vegna 75 ára afmælis félagsins 2011 starf aði á árinu og mun hún leggja fram hugmyndir sínar á aðalfundi.

Félagið tók að vanda mikinn þátt í starfi HSK á árinu. Á

héraðsþing í Þorlákshöfn mættu 13 vaskir fulltrúar. Margir Selfyssingar eiga sæti í nefndum HSK og leggja starfi sambandsins þannig öflugt lið í fjölda greina. Þess má geta að HSK-mót í júdó og taekwondo voru haldin í fyrsta skipti og stóðu Selfyssingar fyrir þeim. Einnig voru héraðsmót í handbolta endurvakin að okkar tilstuðlan. Þá hefur félagið tvö ár í röð orðið stigahæsta félag innan HSK.

Fyrri hluta árs var unnið að stefnumótun innan félagsins með aðstoð Ræktar ehf., en þeir aðilar unnu að stefnumótun fyrir Sveitarfélagið. Lagður var grunnur sem deildirnar hafa nýtt sér við vinnu við að hljóta viðurkenningu sem Fyrirmyndardeildir ÍSÍ.

Framtíðin er björt

Framtíð Ungmennafélags Selfoss er björt. Innan félagsins er fjöldinn allur af efnilegu íþróttafólki sem er stutt áfram af áhugasömum einstaklingum sem margir hverjir fórna miklum tíma í þágu félagsins. Starfið gefur þessum einstaklingum mikla ánægju.

Þó erfiðleikar séu í íslensku efnahagslífi um þessar mundir og það hafi einhver áhrif á störf félagsins erum við staðráðin í að halda áfram. Við munum bregðast við aðstæðum með aðhaldi og góðri fjármálastjórn. Í lok árs 2008 var ákveðið að taka upp systkinaafslátt á milli deilda til að létta fjölskyldum róðurinn.

Framundan eru næg verkefni sem við munum takast á við af sama krafti og ánægju og við höfum gert hingað til. Það er trú okkar að Umf. Selfoss komi enn sterkara til leiks á komandi árum þar sem að sá auður sem við búum yfir er ekki fólgin í peningum heldur í því frábæra fólki sem leggur starfseminni lið á öllum sviðum.

Framkvæmdastjórn þakkar öllum þeim sem hafa komið að starfi félagsins með einum eða öðrum hætti á liðnu ári.

F.h. framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

Axel Þór Gissurason formaður

Örn Guðnason framkvæmdastjóri

Íþrótt- og tómskundaskólinn

Í lok maí byrjaði skólastjóri að undirbúa sumarið. Áður en námskeiðin hófust voru allir starfsmenn kallaðir á fund þar sem verkefnum var skipt niður og ákveðið hver sæi um hvaða aldurshóp. Skólastjóri skólans að þessu sinni var Sigurður Reynir Ragnhildarson. Auk hans voru sjö aðrir starfsmenn. Framkvæmdastjóri Umf. Selfoss sá um kynningarmál og auglýsingar. Skólastjóri var í 100% starfshlutfalli og sá m.a. um skipulagningu, skráningar, innheimtu á námskeiðsgjöldum, innkaup o.fl.

Alls voru haldin fimm tveggja vikna námskeið. Hægt var að velja um að vera á námskeiði kl. 9-12, kl. 13-16 eða allan daginn. Boðið var upp á gæslu frá kl. 8-9, í hádeginu frá kl. 12-13 og síðdegisgæslu frá kl. 16-17.

Íþróttaskólinn hafði aðstöðu fyrir krakkana í Vallaskóla (Sandvíkurskóla hlutanum) og höfðum við einnig aðgang að stóra íþróttahúsinu. Hádegismatur var í Tíbrá.

Reynt var að hafa skipulagningu dagskrárinnar eins markvissa og unnt var. Íþróttagreinum var skipt upp í þema á hverjum degi. Reynt var að hafa þemað fjölbreytt t.d.

boltaþema, frjálsíþróttþema, fimleikaþema o.s.frv. Farið var í sund, heimsóknir á bókasafnið, í golf, á lögregglustöðina, í Kjörís, hjólaferðir, fjöruferð og í dyragarðin í Slakka. Í lok hvers námskeiðs var haldin grillveisla sem starfsmenn skipulögðu. Einnig fengu krakkarnir litla bakpoka gefins frá JÁVERKI og íþrótt- og tómskundaskólanum.

Að mati skólastjóra gekk sumarið vel. Veðrið lék við okkur og var ekki mikið um rigningardaga. Eldhúsaðsaðan var fín og starfsmannafjöldin passlegur, þó svo að á sumum námskeiðum hafi ekki verið mörg börn. Það koma þó vel út því nokkrir starfsmenn sem iðka íþróttir fóru í keppnisferðir með Selfossi og landsliði til útlanda. Gaman var að geta boði krökkunum upp á fjöruferðir, kynningarferðir í fyrirtæki, ferðir í Slakka og fleira. Einnig var gott að hafa möguleika á því að komast í gott íþróttahús þegar veðrið lék ekki við okkur. Vegna mikils framboðs á öðrum námskeiðum var þátttakan aðeins minni en búist var við og þarf að athuga hvernig væri best að auglýsa námskeiðið til þess að fá fleiri börn.

Sigurður Reynir Ragnhildarson skólastjóri



Vallarstjórn hafði umsjón með rekstri vallarins fyrstu fjóra mánuði ársins samkvæmt rekstrarsamningi við Sveitarfélagið. Hinn fyrsta maí tók knattspyrnudeild við rekstri vallarins og sá um reksturinn út árið samkvæmt samningnum. Fyrstu fjóra mánuði ársins sá Örn Guðnason, framkvæmdastjóri félagsins, um reksturinn og starfsmaður var Þórdís Raket Hansen. Fyrsta maí tók Sveinbjörn Másson við sem vallerstjóri. Sumarstarfsmenn voru Guðmundur Árni Ólafsson og Jóhann Ólafur Sigurðsson auk Þórdísar. Þórdís fór í barnseignarfrí í byrjun október. Til áramóta voru menn kallaðir inn í tímavinnu auk starfa vallerstjóra.

Helstu verkefni frá áramótum fram á vor og frá hausti til áramóta hafa verið umsjón og eftirlit vallasvæðisins, þríf og hreinsun, auk ýmis konar viðhaldsverkefna. Yfir sumartímann hefur verið unnið að því að undirbúa svæðið fyrir leiki, æfingar og mót. Einnig viðhaldi tækja og áhald, ræstingu húsa og almennum þrífum og hreinsun.

Haustið 2008 hófust framkvæmdir við uppbyggingu nýrra íþróttavalla með miklum jarðvegsflutningum þar sem m.a. fjallið eina stækkaði gríðarlega. Gröfutækni ehf. hefur unnið að þessum framkvæmdum.

Allir flokkar knattspyrnudeildar, hafa æft á gervigrasvöllinum allt árið. Meistaraflokkur æfði á grasæfingasvæðinu og aðalvöllinum um leið og svæðin voru tilbúin í júní. Einnig nýttu eldri flokkarnir grasvöllina undir æfingar og leiki. Yngri flokkarnir voru nær eingöngu á gervigrasinu. Nýting þess var mjög góð allt árið og kom upphitunin sér mjög vel. Þess má geta að eldri borgarar nýttu sér oft í vetur upphitað gervigrasið þegar snjór var yfir öllu. Knattspyrnuakademía Íslands á Suðurlandi var með æfingar yfir vetrartímann tvisvar í viku fyrir hádegi. Var fyrri önnin eftir áramót og fram á vor og sú seinni frá hausti til áramóta. Knattspyrnufélagið Árborg æfði einnig yfir vetrartímann á gervigrasinu og á æfingasvæðinu yfir sumartímann.

Í apríl og maí og frá því í ágúst og fram eftir hausti komu oft krakkar úr grunnskólunum og voru með æfingar og leiki í umsjón íþróttakennara sinna. Nemendur Fjölbautaskóla Suðurlands hafa einnig nýtt gervigrasvöllinn til æfinga og leikja. Þá kom hópur eldri spilara og lék listir sínar á gervigrasinu í hádeginu part úr árinu. Íþrótt- og tólmundaskóli Árborgar var starfræktur í júní, júlí og ágúst. Einnig voru námskeið á vegum knattspyrnudeildar yfir sumartímann.

Notkun félagsheimilisins Tíbrár hefur aukist mikið undanfarið ár. Fundum stjórna, nefnda og ráða hefur fjölgað mikið og hafa báðir salirnir oft verið fullbókaðir heilu vikurnar. Fjóra daga í viku var boðið upp á heitan mat í hádeginu fyrir krakka í íþróttakademíunum.

Fastir liðir eins og starfsemi jólasveinanevndar, Grýlupottahlaupið, Olísmótið og starfsemi getrauna voru á sínum stað.

Meistaraflokkur í knattspyrnu hóf tímabilið með fysta leik á gervigrasinu í 1. deild um miðjan maí. Var þetta jafnframt fyrsti leikur liðsins í 1. deild í 14 ár. Allir aðrir heimalaikir meistaraflokks fóru fram á aðalvöllinum. Hið sama má segja um 3. deildarlið Árborgar, fyrst á gervigrasinu, en síðan á aðalvöllinum. Þá tóku 2. og 3. flokkur karla og kvenna nokkra leiki á aðalvöllinum þó svo að flestir hafi verið á gervigrasinu.

Um 700 leikir voru háðir á íþróttavallasvæðinu á Selfossi 2008. Af þeim voru um 40 á aðalvöllinum, um 150 á æfingasvæðinu og yfir 500 á gervigrasinu.

Áætlaður heildarfjöldi iðkenda á árinu var eftirfarandi:

<i>Iðkendur</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Samtals</i>
16 ára og eldri	12.100	1.900	14.000
15 ára og yngri	21.100	6.600	27.700
Iðkendur samtals	33.200	8.500	41.700

Örn Guðnason og Sveinbjörn Másson

Jólasveina- og þrettándanefnd



Í nefndinni voru: Þórarinn Ingólfsson, Guðmundur, Pröstur og Svanur Ingvarsson. Árið 2008 var 32. starfsár nefndarinnar.

Starfið hófst í desember með fundi í Tíbrá þar sem búningar voru afhentir, farið yfir starfið og jólalögin sungin við undirleik okkar snjöllu harmónikkuleikara.

Jólasveinarnir komu á Tryggvatorg laugardaginn 13. desember kl.16.00 og heilsuðu upp á bæjarbúa. Grýla og Leppalúði voru með í för og dönsuðu þau á þaki Hótelsins ásamt þeim Leppi og Skreppi. Það voru fagnaðarfundir er jólasveinarnir komu á torgið og eins og venjulega tók þá drjúga stund að komast í gegnum mannfjöldann og tala við börnin. Það er sennilega einsdæmi á landinu sú mikla nálægð við jólasveinana sem börnin á Selfossi fá að njóta. Kveikt var á jólatrénu í 18. sinn við þetta tækifæri. Áður en jólasveinarnir mættu á torgið, söng KarlaKór Selfoss og bæjarstjórinn, Ragnheiður Hergeirsdóttir, flutti ávarp. Dagskráin gekk fljótt og vel fyrir sig við söng og dans í fallega skreyttum miðbænum.

Það voru um 32 ungmennafélagar sem brugðu sér í búning einu sinni eða oftari um þessi jól, enda var mikið að gera. Að frátaldrí innkomunni, aðfangadegi og þrettándanum, fóru bræðurnir á 20 jólasemmtanir hverskonar, sem er mikil aukning frá í fyrra. Á aðfangadagsmorgun voru 32 jólasveinar á ferð um bæinn og afhentu pakka í 209 húsum, sem er svipað og undanfarin ár.

Mikill mannfjöldi tók þátt í blysför og álfabrennu á þrettándanum, þó heldur færri en undanfarin ár í dumbungsveðri. Grýla, Leppalúði, Leppur og Skreppur voru í fararbroddi á vagninum góða og spiluð þrettándatónlist af



diski. Álfabrennan var í fjórða sinn á tjaldstæðinu við Gesthús. Flugeldasýningin var glæsileg sem Björgunarsveitin aðstoðaði við í 7. sinn og lánaði til þess rafbúnað. Alls sinntu 32 ungmennafélagar hinum ýmsu störfum þetta kvöld við þrettándahátíðarhöldin.

Jólasveina- og þrettándanefndin þakkar öllum þeim sem komu að starfinu á einn eða annan hátt. Sérstakar þakkir til bæjarbúa fyrir góðar undirtektir.

*F.h. Jólasveina- og þrettándanefndar,
Svanur Ingvarsson*



Helstu verkefni stjórnar fimleikadeildar

Á aðalfundi fimleikadeildar Umf. Selfoss 10. apríl 2008 voru eftirtaldir kosnir í stjórn: Birgir Ásgeir Kristjánsson formaður, Silja Sigríður Þorsteinsdóttir, gjaldkeri, meðstjórnendur voru kjörnir, Magnús Gísli Sveinsson, Helga Dagmar Emilsdóttir, Ingunn Guðjónsdóttir, Auður Svala Heiðarsdóttir og Guðfinna Tryggvadóttir. Stjórnin skipti með sér verkum, Magnús Gísli varaformaður og Helga Dagmar ritari.

Fastir stjórnarfundir eru í fyrstu viku hvers mánaðar á meðan á æfingum stendur og eru fundirnir haldnir í Tíbrá, húsnæði Umf. Selfoss. Yfirþjálfari deildarinnar, Olga Bjarnadóttir, sat stjórnarfundir meðan fjallað var um málefni sem sérstaklega snerta starf hennar. Síðastliðið haust óskaði Magnús eftir að víkja úr stjórn og í hans stað kom Þórunn Jóna Hauksdóttir. Samfara þessum breytingum tók Auður Svala við sem varaformaður.

Stjórn deildarinnar hefur yfirumsjón með fjáröflunum deildarinnar sem er sala á SÁÁ-álfinum að vori og friðarkertum Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir jóla. Iðkendur hafa verið ötulir við sölu undanfarin ár og gekk salan ágætlega á árinu.

Fulltrúar deildarinnar sækja fundi Fimleikasambands Íslands, ársþing Héraðssambandsins Skarphéðins og aðalfund Umf. Selfoss. Þá sækir formaður fundi aðalstjórnar Umf. Selfoss sem haldnir eru mánaðarlega.

Fréttabréf

Með tilkomu vefs ungmennafélagsins hefur fréttabréfum fækkað, en gefið var út sameiginlegt fréttabréf UMFS í september þar sem starfsemi félagsins var kynnt. Einnig gáfu meistarahópar út fréttabréf með auglýsingum áður en haldið var til Noregs á Norðurlandamót og á Evrópumót í október. Þökkum við Erni Guðnasyni framkvæmdastjóra UMFS kærlega fyrir hans vinnu við blöðin.

Foreldraráð

Hlutverk foreldraráða er að standa vörð um hagsmuni iðkenda, efla samskipti milli foreldra annars vegar og stjórnar deildarinnar og þjálfara hins vegar, stuðla að vellíðan iðkenda í leik og starfi, betri árangri, standa að baki iðkendum við fjáraflanir og hafa áhrif á starf iðkenda og aðbúnað.

Foreldraráðin hafa verið mjög virk og staðið vel við bakið á hópunum t.d. við fjáraflanir vegna utanlandsferða og hefur hugmyndaflug og dugnaður foreldranna verið óþrjótandi. Nýliðið ár var afar viðburðaríkt hjá fimleikadeildinni og í mjög mörgu að snúast hjá foreldraráðum. Þá hafa foreldrar iðkenda einnig verið afar duglegir við að aðstoða við flutninga áhalda vegna móta en fyrir hvert mót þarf að flytja öll áhöld á milli íþróttahúsa þar sem ekki er hægt að halda mót í Baulu þar sem æfingaaðstaða deildarinnar er. Foreldraráðin hafa starfað í mjög góðu samstarfi við stjórn og þjálfara deildarinnar og fylgjast með faglegu starfi innan deildarinnar.

Iðkendur og æfingar

Æfingar fóru fram í íþróttahúsinu við Sólvelli fram til 15. febrúar þegar nýtt íþróttahús við Sunnulækjarskóla var tekið í notkun. Íþróttahús Sunnulækjarskóla er byggt með æfingaaðstöðu fyrir fimleika í huga. Salurinn er vel búinn áhöldum sem að hluta til geta staðið uppi milli æfinga. Fibergólf og dýnur geta nú verið útistandandi sem bætur aðstöðu iðkenda mjög mikið þar sem áður fór drjúgur tími af hverri æfingu í að koma fyrir áhöldum og taka þau samant aftur. Fimleikadeildin flutti sín áhöld í húsið að mestu leyti, en Árborg sá um að fullbúa húsið þeim áhöldum sem nauðsynleg eru. Óhætt er að segja að hér sé um byltingu í æfingaaðstöðu að ræða sem nú þegar er farin að skila sér í bættum árangri iðkenda og minni meiðslum. Íþróttahúsið var formlega opnað með hátíðlegri athöfn þann 8. maí og var af því tilefni gefið nafnið Baula með tilvísun í fjall eitt í

Fimleikadeild

Borgarfirði, en byggingar skólans bera hin ýmsu fjallanöfn. Um miðjan apríl s.l. voru síðan teknar í notkun gryfjur og trampólín í gólfi. Í salnum eru einnig speglar á vegg fyrir danskennslu og fullkomið hljóðkerfi. Þessi nýja aðstaða hefur gjörbreytt aðstöðu deildarinnar og hefur án efa átt stóran þátt í þeirri miklu framþróun sem orðið hefur í fimleikum á Selfossi.

Heildaræfingatími hópa á viku er mismunandi, frá einni klukkustund á viku upp í tíu klukkustundir eftir aldri og getu. Iðkendur á síðasta ári voru 301 þegar æfingum lauk síðastliðið vor, en um áramót voru iðkendur orðnir 390, sem er tæplega 30% fjölgun. Verður það að teljast ágæt aukning.

Alls er æft í 25 hópum, tveir strákahópar eru þar á meðal. Þrír hópar eru blandaðir að kynjum. Tveir hópar eru fyrir 5 ára börn, 60 börn alls og einn í eldri flokkum. Keppnishópar eru 11-13, þar af eru 9 hópar sem keppa mikið, en aðrir minna. Þjálfarar sem störfuðu hjá deildinni á síðasta ári voru alls 36 talsins.

Vegna hækkana á launum þjálfara, aukinnar menntunar og hækkana á launum á almennum markaði voru æfingagjöld hækkuð á haustönn. Systkinaafsláttur hélst óbreyttur.

Íþróttaskólinn

Fimleikadeildin starfrækti „Íþróttaskólann“, bæði að vori og hausti árið 2008, eins og undanfarin ár. Skólinn, sem er fyrir 2-4 ára börn, er undir stjórn Guðrúnar Hrafnhildar Klemenzdóttur íþróttakennara og þjálfara og Steinunnar H. Eggertsdóttur kennara og þjálfara. Aðsókn að skólanum hefur verið mjög mikil og var hann rekinn í tveimur hópum á hvorri önn. Þetta framtak deildarinnar mælist einkar vel fyrir hjá foreldrum og börnum. Nemendur í íþróttaskólanum hafa líka skilað sér vel inn á æfingar þegar þeir hafa aldur til.

Æfingar utan héraðs

HM1 meistarahópur æfði í Versölum húsnæði Gerplu einu sinni í viku í upphafi síðasta árs. Þetta var gert til að gefa hópnum tækifæri á að æfa við bestu aðstæður hér á landi við undirbúning fyrir keppni á Norðurlandamóti unglinga sem fram fór í Bergen, Noregi, 19. apríl 2008. Með tilkomu íþróttahúss Sunnulaekjarskóla æfir deildin nú við bestu aðstæður og lögðust því æfingafærðir til Gerplu af.

Mót og aðrir viðburðir

Auk æfinga taka iðkendur deildarinnar þátt í fjölmörgum mótum á ári hverju og síðasta ár var engin undantekning að því leyti. Fjallað er sérstaklega um þátttöku og árangur iðkenda á mótum árið 2008 í sérstakri samantekt.

Norðurlandamót juniora

Á Unglingamóti FSÍ í hóp fimleikum, sem haldið var á Sel-tjarnarnesi 9. febrúar vann meistaraflokkur fimleikadeildar HM1 sér rétt til þátttöku fyrir hönd Íslands á Norðurlandamóti í hóp fimleikum unglinga 13-18 ára sem fram fór í Bergen í Noregi 19. apríl. Tækninefnd FSÍ tilkynnti í lok mótsins að tvö félagslið hefðu náð tilskildum árangri og myndu því keppa fyrir hönd Íslands á Norðurlandamótinu í kvennaflokki, þ.e. fimleikadeild Umf. Selfoss og Gerpla.

Félagsliðin tvö frá Íslandi kepptu við kvennalið frá Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Þetta er í fyrsta sinn sem lið frá deildinni nær lágmarkum inn á Norðurlandamót juniora, en árið 2004 ávann hópur frá deildinni sér rétt til að keppa í level 2 fyrir hönd Íslands á Norðurlandamóti juniora í hóp fimleikum sem haldið var í Laugardalshöllinni í apríl það sama ár.

Lið Selfoss endaði í tíunda sæti á mótinu. Þrátt fyrir að ná ekki sínu besta fram á mótinu stóðu stelpurnar sig mjög vel á sínu fyrsta stórmóti og voru deildinni til mikils sóma. Á mótinu fengu stelpurnar mikilvæga reynslu sem án efa á eftir að nýttast þeim vel í framtíðinni.

Evrópumót seniora

Þann 7. mars 2008 keppti HM1 á Íslandsmóti í hóp fimleikum þar sem hópurinn náði 2. sæti á fyrri keppnisdegi og þar með þátttökurétti á Evrópumót fullorðinna 16 ára og eldri. EM var haldið í Ghent í Belgíu 20.-26. október 2008, en þar kepptu 20 lið í kvennaflokki frá 15 fimleikasamböndum. Stelpurnar í HM1 stóðu sig frábærlega á mótinu og enduðu í 9. sæti sem er frábær árangur.

Eurogym

Eurogym fimleikahátíðin var haldin í Albi í Frakklandi í júlí 2008. Frá fimleikadeild UMFS fóru um 40 iðkendur ásamt þjálfurum og fararstjórum. Krakkarnir tóku þátt í ýmsum vinnubúðum og sýndu almenningi í Albi afrakstur þeirra á torgum og túnnum við mikla lukku. Að venju var haldin glæsileg gala-sýning þar sem Selfoss var með í atriði og fengu bæði þjálfarar Íslands og sýnendur mikið hrós fyrir atriði sitt. Hátíðinni lauk síðan með lokahátíð sem haldin var undir berum himni á knattspyrnuleikvangi. Á hátíðinni sýndu krakkarnir meðal annars hvað þau höfðu lært í vinnubúðunum. Þrátt fyrir mjög langt og strangt ferðalag og ýmis ævintýri, varðandi mat, húsakost og annan aðbúnað, gekk ferðin afar vel og enn og aftur voru iðkendur deildarinnar til mikillar fyrirmyndar.

Héraðsmót HSK

Héraðsmót HSK í fimleikum var haldið 3. maí 2008. Fimleikadeild Umf. Selfoss sá um mótið og var þátttaka góð og sýnilega mikil gróska í fimleikum á sambandsvæði Skarphéðins. Umf. Selfoss varð stigahæsta félag HSK í fimleikum á árinu.

Minningarmót

Minningarmót var haldið 24. apríl í lðu og gekk mótið vel að vanda. Á minningarmótinu er hefð fyrir því að veita viðurkenningar til einstaklinga fyrir framfarir, mætningar o.fl. Efnilegasti unglingurinn var valin Karen Sif Óskarsdóttir og félagi ársins var Raket Nathalie Kristinsdóttir. Fyrir framfarir og ástundun fengu tvær stúlkur viðurkenningu, þær Dagbjört Sævarsdóttir og Jóhanna Runólfssdóttir.

Æfingabúðir í júní

Víkuna 2.-7. júní komu gestaþjálfarar frá Svíþjóð og voru með æfingabúðir fyrir krakkana í deildinni. Þessar æfingabúðir voru iðkendum deildarinnar alveg að kostnaðarlausu. Tveir þjálfarar voru karlkyns og sáu þeir aðalega um stökkin. Þriðji kennarinn var kona og sá hún um danskennsluna. Einnig kom til okkar hópur frá Danmörku sem stundar nám við Lýðháskólann í Viborg á fimleikabraut. Þau sáu einnig um einstaka æfingar hjá nokkrum hópum. Við vonum að þessar æfingar hafi verið iðkendum okkar góð skemmtun og hvatning til áframhaldandi iðkunar.

Jólasýning

Jólasýning var haldin 13. desember. Þjálfarar skipuðu jólasýningarnefnd og var ákveðið að setja upp „Jól í Latabæ“. Allir iðkendur tóku þátt í sýningunni ásamt þjálfurum sínum og er óhætt að segja að sýningin hafi slegið í gegn hjá



áhorfendum. Guðfinna Gunnarsdóttir var sögumaður í ævintýrinu. Tvær sýningar voru, kl. 10:30 og kl. 12:30, fyrir fullu húsi við frábærar undirtektir. Latibær ehf. gaf öllum iðkendum, 8 ára og yngri, geisladisk með lögum úr Latabæ og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir. Aðrir iðkendur fengu að gjöf lyklaband merkt fimleikadeild UMFS. Á milli sýninga seldu meistarahópar HM1 og HM2 súpu og brauð. Þetta skapaði góða kaffihúsastemningu og mæltist vel fyrir hjá gestum.


Fimleikamaður ársins

Á jólasýningunni var fimleikamaður ársins tilnefndur. Fimleikamaður ársins 2008 er Katrín Ösp Jónasdóttir. Katrín Ösp er fimleikakona sem hefur vaxið ár frá ári undanfarin 8 ár. Katrín Ösp bjó lengst af á Sólheimum í Grímsnesi, en þrátt fyrir það mætti hún samvisskusamlega á hverja einustu æfingu og gerir enn í dag. Katrín Ösp er mikill vinnuhestur og setur takmarkið hátt og hættir ekki fyrr en hún hefur náð því sem stefnt var að. Hún hefur góða nærveru og hvetur liðsmenn sína áfram þegar illa gengur og fagnar þegar vel gengur. Hún er mikill burðarstólpi í liði Selfoss. Hún er mikil og góð fyrirmynd yngri iðkenda í deildinni, hvort heldur er innan vallar eða utan. Í lok árs var Katrín Ösp kjörin íþróttakona Sveitarfélagsins Árborgar. Hún var einnig kjörin íþróttamaður HSK 2008.

Menntun þjálfara og dómara

Fjölmarginir þjálfarar sóttu sér frekari menntun á liðnu ári. Strax í janúar 2008 sóttu þrír þjálfarar sérgreinanámskeið FSÍ 2A. Í september fóru átta stelpur á sérgreinanámskeið 1A. Einn þjálfari sat C-dómaranámskeið í hóp fimleikum í október 2008 og náði dómaraþrófi í landsreglum hóp fimleika. Fjórir þjálfarar fóru á móttökunámskeið 1 á trampólíni 16.-17. nóvember 2008, en það var haldið á Selfossi á vegum Fimleikasambands Íslands. Að auki sótti Olga Bjarnadóttir ráðstefnu 21. nóvember sem hafði yfirheitið: Framhaldsskólanemar, afreksíþróttabrautir, lífsstíll og brottfall.

Stjórnin færir öllum þjálfurum deildarinnar bestu þakkir fyrir gott og óeigingjart starf á árinu.



Fimleikaakademía

Þann 8. maí 2008 var skrifað undir samning við sveitarfélagið Árborg um rekstur fimleikaakademíu við FSu. Samningur við FSu var síðan undirritaður 15. ágúst. Fimleikaakademían fór síðan af stað í lok ágúst með 18 nemendum. Í fimleikaakademíunni, sem er sú fyrsta sinnar tegundar héraendis, er lögð áhersla á að nemendur vikki skilning sinn á fimleikum sem íþrótt, jafnframt því sem þeir eru studdir í námi. Mikil áhersla er lögð á reglusemi nemenda og góða ástundun íþróttar og skóla. Olga Bjarnadóttir hefur yfirumsjón með akademíunni.

Áhaldakaup og félagsbolir

Áhaldakaup voru í lágmarki á árinu enda flutti deildin í nýtt og fullbúið íþróttahús Sunnulaekjarskóla. Sölu félagsbúninga var haldið áfram á árinu. Iðkendur hafa verið mjög duglegir að nota félagsbolinn og setur það skemmtilegan svip á æfingar og mót.

Frábær árangur

Iðkendum í fimleikum hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár og oft er þétt setinn bekkurinn á æfingum. Með bættri æfinagaaðstöðu hefur árangur æfinganna eflst til muna. Hér að neðan má sjá samantekt á árangri hópanna á þeim mótum sem tekið var þátt í á síðasta ári. Eins og sjá má á samantekt árangurs á mótum á síðasta ári er fimleikafólk á



Selfossi í fremstu röð, sama hvort skoðaður er árangur meistarahóps deildarinnar eða árangur yngri iðkenda. Árangur þennan má þakka öfluggu starfi óeigingjarnra þjálfara, áhugasömum og duglegum iðkendum, auk áhugasamra foreldra sem styðja við bakið á börnum sínum.

Úrslit í hóp fimleikum árið 2008

Reykjavík International 19. janúar 2008

Selfoss HM1: 2. sæti, 21,45 stig

Unglingamót FSÍ 9. febrúar 2008

Landsreglur börn

Selfoss HL5 gulur: 1. sæti gólf 7,70, 2. sæti dýna 5,45, 3. sæti trampólín 5,55

Selfoss HL5 rauður: 2. sæti gólf 6,90, 3. sæti dýna 5,25

Selfoss HL7: 3. sæti gólf 4,80

Teamgym

Selfoss HM1: 2. sæti, 21,75 stig. Keppnisréttur á NMJ 2008

Bikarmót FSÍ landsreglur 23. febrúar 2008

Selfoss HM2: 2. sæti dýna, 6,30 stig

Bikarmót FSÍ Teamgym 23. febrúar 2008

Selfoss HM1: 2. sæti, 22,80 stig

Íslandsmót landsreglur 8. mars 2008

Selfoss 1: 2. sæti tramp, 6,5

Selfoss 2: 3. sæti gólf 7,6

Íslandsmót Teamgym 7. og 8. mars 2008

7. mars. Selfoss HM1: 2. sæti, 22,15 stig.

Þátttökuréttur á Evrópumóti í október 2008

8. mars. Selfoss HM1: 3. sæti, 44,40 stig

Norðurlandamót í hóp fimleikum Bergen 19. apríl 2008

Selfoss: 10. sæti, 20,55 stig

Minningarmót Magnúsar Arnars Garðarssonar 24. apríl 2008

Byrjendareglur

Selfoss HB2-2: 1. sæti, 22,15 stig

Selfoss HB1: 2. sæti, 20,75 stig

Selfoss HB2: 3. sæti, 20,00 stig

Landsreglur yngri

Selfoss HL5 rauður: 1. sæti, 21,45 stig

Selfoss HL5 gulur: 2. sæti, 19,85 stig

Selfoss HL2: 3. sæti, 19,35 stig

Landsreglur eldri

Selfoss HM1: 1. sæti, 23,75 stig

Selfoss HM2: 2. sæti, 22,80 stig

Selfoss HL1: 3. sæti, 21,60 stig

HSK-mót í hóp fimleikum 3. maí 2008

Byrjendareglur

Selfoss HB2: 1. sæti, 23,30 stig. HSK-meistarar byrjenda

Selfoss HB1: 2. sæti, 20,90 stig

Landsreglur börn

Selfoss HL5 rauður: 1. sæti, 20,45 stig

Selfoss HL5 gulur: 2. sæti, 19,00 stig

Selfoss HL7: 3. sæti, 18,55 stig

Landsreglur unglíngar

Selfoss HL1: 1. sæti, 22,10 stig

Selfoss HL2: 2. sæti, 20,70 stig

Landsreglur táníngar

Selfoss HM1: 1. sæti, 22,50 stig. HSK meistarar landsreglur

(Hærrí einkunn á tveimur áhöldum).

Selfoss HM2: 2. sæti, 22,50 stig

Vormót FSÍ 17. maí 2008

Landsreglur börn

Selfoss HL5 rauður: 1. sæti gólf 6,85, 1. sæti dýna 5,80

Selfoss HL5 gulur: 3. sæti gólf 5,70

Landsreglur unglíngar

Selfoss HL1: 2. sæti dýna 6,25

Selfoss HL2: 3. sæti dýna 5,85

Evrópumót í hóp fimleikum Ghent í Belgíu 24. október 2008

Selfoss HM1: 9. sæti, 22,90 stig

Íslandsmót í almennum fimleikum 29. og 30. nóvember 2008

Eysteinn Máni Oddsson: 1. sæti, 1. þrep.

Íslandsmeistari 1. þreps drengja

Linda Sjöfn Alexdóttir: 1. sæti, 1. þrep.

Íslandsmeistari 1. þreps stúlkna

Ægir Atlason: 1. sæti, 2. þrep

Íslandsmeistari 2. þreps drengja

Eva Grímsdóttir: 2. sæti, 4. þrep

Heiðrún Stella Þorvaldsdóttir: 1. sæti, 5. þrep

Íslandsmeistari 5. þreps stúlkna

Haustmót/mót 1 22. og 23. nóvember 2008

Úrvalsdeild – meistaraflokkur

Selfoss HM1: 1. sæti, 22,70 stig

2. flokkur

Selfoss HM3: 1. sæti, 20,75 stig

Selfoss HM2: 2. sæti, 20,25 stig

1. deild

4. flokkur

Selfoss HL3: 3. sæti, 19,20 stig

5. flokkur

Selfoss HL4: 1. sæti, 22,20 stig



Starfsemi frjálsíþróttadeildar er í mjög föstum skorðum. Við bjóðum upp á æfingar fyrir alla þá sem vilja æfa frjálsar íþróttir á öllum aldri, allt árið um kring, bæði undir handleiðslu okkar eigin þjálfara eða hjá öðrum félögum. Yngsti þátttakandi hjá okkur á síðastliðnu ári var fimm ára, en sá elsti var á níráðisaldri. Já, á níráðisaldri því að á síðasta ári fékk ég skemmtilegt símtal frá gömlum brottfluttum Selfyssingi, sem var að æfa og keppa í frjálsum íþróttum í Reykjavík. Erindi hans var að fá að ganga í Umf. Selfoss og fá að keppa fyrir okkar deild á öldungamótum í frjálsum.

Eins og alltaf, og ekki síst á tímum eins og núna, verðum við að standa saman um að verja okkar helstu fjárflokkarleiðir, sem standa að mestu leyti undir starfsemi deildarinnar. Má þar nefna Brúarhlaupið, 17. júní kaffisöluna og bingóin. Að baki þessara fjáraflana liggur mikil vinna. Sú vinna tryggir okkar rekstur þar sem að æfingagjöld duga engan veginn fyrir þjálfunarkostnaði og öðrum rekstrarkostnaði deildarinnar. Einnig þarf að fylgjast vel með öllum tækifærum sem gefast til að afla fjár til rekstrarins. Í þessu samhengi var það mikill stuðningur þegar okkar gamli félagi, Vésteinn Hafsteinsson, færði deildinni í desember s.l. 500.000 krónur. Vildi hann með því þakka deildinni fyrir stuðninginn við sig í gegnum tíðina. Færum við Vésteini bestu þakki fyrir og óskum honum alls góðs í starfi sínu.

Framkvæmdir hófust á s.l. ári á íþróttavallarsvæðinu við Engjaveg. Þar sem rísa munu tveir nýjir vellar, knattspyrnuvöllur og frjálsíþróttavöllur. Má því segja að loksins hylli undir nýjan fullkominn frjálsíþróttavöll, sem við höfum beðið svo lengi eftir og þráð heitar en margt annað.

Á síðasta ári varð mikil breyting á uppbyggingu þjálfunar meistaraflokks okkar. Ráðnir voru þrjú þjálfarar sem skiptu með sér þjálfun og hefur hver og einn þeirra með ákveðnar greinar að gera. Einnig hafa þeir tekið í notkun þjálfunarforrit Sideline Sports, sem hefur gefið góða raun. Með þessu hefur öll þjálfun orðið markvissari og skipulagðari. Í dag er stór hópur að æfa með meistaraflokki, ekki

aðeins úr okkar félagi heldur einnig úr öðrum félögum í nágrenninu. Okkar draumur er að einhvern tíma renni upp ljós hjá öðrum félögum á sambandssvæði HSK og að þau sjái að við erum hér með öflugan meistaraflokk, frábæra þjálfara og allir eru velkomnir að þjálfa með okkur. Þannig styrkir það reksturinn fjárhagslega og hjálpar til við það að halda úti þessu góða starfi.

Frá því að deildin ákvað á sínum tíma að keppa undir eigin merkjum, á öllum helstu frjálsíþróttamótum á landsvísi, hefur athygli á starfi deildarinnar og eftirtekt á árangri okkar keppenda vakið sífellt meiri athygli. Því teljum við að það hafi verið mikið gæfuspör fyrir okkur að stíga það skref á sínum tíma og eftir og styrkt starf deildarinnar til muna.

Að lokum þökkum við öllum þeim sem komu að starfi deildarinnar á s.l. ári með einum eða öðrum hætti, stjórnarmönnum, þjálfurum, keppendum og ekki síst öllum foreldrum og forráðamönnum, sem lagt hafa hönd á plóginn í starfsemi deildarinnar.

Helgi Sigurður Haraldsson formaður.

Meistaraflokkur Selfoss – sumarið 2008

Æfingar og aðstaða

Sumarið hjá meistaraflokki Selfoss var viðburðaríkt og gjöfult. Á milli 10 og 15 manns stunduðu æfingar á hinum „klassíska“ Selfossvelli, en ljóst er að þetta sumar var það síðasta þar sem æft var á vellinum í óbreyttri mynd. Gröfurnar voru mættar þegar tímabilinu lauk til að marka upphafið að nýjum og langþráðum velli sem tekinn verður í notkun vorið 2010. Þrátt fyrir þetta var æft af kappi fimm sinnum í viku á Selfossvelli, í Íþróttahúsinu iðu, þar sem tekið var á lóðunum, auk þess sem teknar voru æfingar á Laugarvatni og á nýjum velli í Þorlákshöfn, sem tekinn var í notkun fyrir Unglingalandsmót UMFÍ.



Keppni og árangur

Frjálsíþróttasumrinu var hleypt af stað með pomp og prakt á Héraðsmóti HSK á Laugarvatni 9. júní. Þar gerði Selfoss sér lítið fyrir og sigraði. Kvenfólkið í liðinu bar höfuð og herðar yfir aðra keppendur og fóru þar fremstar í flokki þær stóllur Ágústa Tryggvadóttir og Þórhildur Helga Guðjónsdóttir sem skiptu með sér 11 af 12 héraðsmeistaratitlum félagsins, auk þess sem þær voru báðar í sigursveit Selfoss í 4x100 metra boðhlaupi.

Aðalhluti MÍ var haldinn á Laugardalsvelli. Þar bar hæst 200 m hlaup Þórhildur Guðjónsdóttur sem kom fimmta í mark, þá nýrðin sextán ára. Þetta var sannarlega forsmekkurinn af því sem koma skyldi á næstu mótum á eftir.

Meistaramót Íslands 15-22 ára var haldið á Sauðárkróki 23.-24. ágúst. Liðið gisti á Skíðastöðum. Aðstaðan gaf liðinu tækifæri til að standa vel að andlegum undirbúningi með markvissri markmiðsetningu. Mottó liðsins var að „skilja ekkert eftir“ á vellinum og kom það heim og saman. Þórhildur skildi eftir samkeppni sína í „reyk“ þegar hún varð Íslandsmeistari í þremur spretthlaupum, 100m, 200m og 400 metra hlaupi. Anna Pálsdóttir varð Íslandsmeistari 17-18 ára í sleggjukasti. Hún sótti í sinn innri styrk og stórbætti fyrri árangur sinn í spjótkaсти, sem gaf henni annað sæti í greininni. Agnes Erlingsdóttir varð önnur í 400m hlaupi og þriðja í þristökki stúlkna 17-18 ára. Sólveig Sara varð svo önnur í langstökki í keppni 17-18 ára stúlkna. Sannarlega happadrjúg ferð fyrir liðið norður í land.

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í nágrennasveitarfélaginu Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina. Keppni í frjálsum íþróttum fór fram undir dyggri stjórn Sigríðar Önnu Guðjónsdóttur. Alls lögðu 11 keppendur leið sína á mótið úr hópi Selfyssinga. Þórhildur Guðjónsdóttir, Eva Þórisdóttir og Anna Pálsdóttir unnu verðlaun í sínum greinum.

Unglingamót HSK var haldið á nýja vellinum í Þorlákshöfn 12.-13. ágúst. Þar mættu 13 keppendur frá Selfossi og lögðu allir sín lóð á vogarskálarnar til að taka stigakeppnina. Liðið vann samtals til 36 verðlauna á mótinu og sigraði með 222 stig, 46 stigum á undan næsta félagi.

Bikarkeppni FRÍ í 2. deild var ekki haldin þetta árið og því mun HSK keppa á því móti árið 2009 þar sem lið Selfoss mun án vafa skipa veglegan sess.

Þjálfun, skipulag og framtíðarhorfur

Þjálfari Selfossliðsins sumarið 2008 var Albert Þór Magnússon. Í lok sumars var brugðið á það ráð að breyta skipulagi þjálfunar. Var það gert með þeim hætti að bjóða upp á þrískipta greinabjálfun. Sigurður Einarsson spjótkastari tók við kast- og styrktarþjálfun, Albert Þór hélt áfram með spretthlaupsþjálfun og Sigríður Anna Guðjónsdóttir varð stökkþjálfari. Með þessu móti er lagður grunnur að sigrum framtíðarinnar.

Albert Þór Magnússon, þjálfari

Frjálsíþróttæfingar 11-14 ára sumarið 2008

Í sumar var nokkuð góður kjarni að æfa hjá okkur í þessum flokki og allt upp í 18 krakkar sem mættu á æfingar. Sumaræfingarnar hófust 2. júní og stóðu fram í lok ágúst. Æft var þrisvar í viku 1½ tíma í senn á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum. Þegar líða tók á sumarið fórum við einnig á nokkrar æfingar í Þorlákshöfn til að æfa við bestu aðstæður og vera þá um leið betur undirbúin fyrir helstu stórmót sumarsins.

Eitt af markmiðum okkar með æfingum og keppni er að hver iðkandi geri alltaf sitt besta og reyni af fremsta megni að bæta sinn eigin árangur. Mjög mikið var um bætingar á árinu og alveg ljóst að krakkarnir okkar eru öll að leggja sig fram og bæta sig samkvæmt því. Verðlaun á mótum er auðvitað líka inn í okkar markmiðum og hafa þau heldur betur hlaðist á okkar iðkendur á árinu.

Fyrsta mót sumarsins, Goggi galvaski í Mosfellsbæ, var um miðjan júní og fóru nokkrir krakkar frá Selfossi þangað. Undirrituð komst því miður ekki á þetta mót, en foreldrar tóku málið í sínar hendur og fylgdu börnunum og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

Íþróttahátíð HSK var á Laugarvatni þann 28. júní. Íþróttahátíðin er alltaf mjög skemmtileg og okkar stærsta mót í héraði. Við stóðum okkur mjög vel á þessu móti og unnum til fjölda verlauna, 11 gull, 6 silfur og 6 bronsverðlaun. Því má ekki gleyma að fyrstu sex í hverjum flokki fá stig og því eru allir mikilvægir í liðinu. Telpur 14 ára voru stigahæstar og 12 ára stelpurnar einnig. Selfoss vann svo heildarstigakeppnina.

Um Verslunarmannahelgina var komið að fyrra stórmóti sumarsins, Unglingalandsmóti UMFÍ í Þorlákshöfn. Á mótið komu allir okkar iðkendur og var mótið alveg frábært í alla staði. Þar unnum við til 5 gullverðlauna, fengum 1 silfurverðlaun og 3 bronsverðlaun. Krakkar frá okkur voru svo í nokkrum boðhlaupsveitum sem komust á verðlaunapall.

Meistaramót Íslands 11-14 ára fór fram á Laugum í Reykjadal í snilldarveðri um miðjan ágúst við draumaaðtæður. Keyrt var norður á föstudegi og kíkt í jólahúsið í Eyjafirði í leiðinni. Mikil stemning var hjá krökkunum og voru þau til fyrirmyndar í alla staði. Árangur á mótinu var einnig frábær. Í ellefu skipti komumst við á verðlaunapall, fengum 5 gull, 2 silfur og 4 bronsverðlaun og enn fleiri unnu til stiga fyrir félagið. Svo unnu 12 ára stelpurnar stigakeppni mótsins sem er frábært hjá þeim.

Æfingum lauk í lok ágúst og þá tókum við okkur smá hvíld fyrir vetrartímabilið. Undirrituð vill svo þakka fyrir gott sumar og hlakkar til að fylgjast með krökkunum áfram.

Æfingar í sumar voru 33 talsins. Um helmingur hópsins mætti vel á æfingar þ.e. á yfir 25 æfingar. En ein stúlka, Sólveig Helga Guðjónsdóttir, mætti á flestar æfingar, hún missti af 5 æfingum samtals og mætti þ.a.l. á 28 æfingar. Næst á eftir henni mætti Andrea Sól Marteinsdóttir aðeins einni æfingu minna.

Puríður Ingvarsdóttir þjálfari

Æfingar hjá 10 ára og yngri sumarið 2008

Utanhússæfingar í sumar hjá 10 ára og yngri voru tvisvar í viku, á mánudögum og fimmtudögum, klukkutíma í senn. Mætingin var nokkuð góð, þó sérstaklega í byrjun sumars. Alls skráðu 19 krakkar sig á æfingar sumarsins, en einungis 10 þeirra stunduðu æfingarnar vel. Á æfingum voru krakkarnir að mestu leyti að ná aukinni færni á undirstöðuatriðum frjálsíþróttagreinanna, auk þess sem farið var í leiki. Keppt var á einu móti yfir sumarið. Það fyrsta voru Héraðsleikar HSK sem haldnir voru þann 28. júní. Þar var keppt í 60 m hlaupi, 800 m hlaupi, hástökki og langstökki. Mæting var ágæt og stóðu krakkarnir sig allir með mikilli þryði. Harpa Svansdóttir var með bestu mætinguna þetta sumarið.

Sigríður Anna Guðjónsdóttir þjálfari

Afreksmaður eldri flokks 2008

Ágústa Tryggvadóttir hefur síðustu ár verið í fremstu röð frjálsíþróttakvenna hér á landi í sjöþraut, hástökki og þristökki. Hún er í dag í landsliði Íslands í frjálsum íþróttum. Hún keppti fyrir Íslands hönd í Evrópubikarkeppni landsliða, í Tallin í Eistlandi sumarið 2008. Auk þess er Ágústa mjög mikilvægur burðarás í liði Umf. Selfoss og liði HSK. Á afrekalista Frjálsíþróttasambands Íslands fyrir árið 2008, utanhúss, er Ágústa nr. 2 í þristökki, nr. 5 í kúluvarpi, nr. 6 í spjótkaсти, nr. 3 í sjöþraut og nr. 5 í 100m grindahlaupi. Á afrekalistanum fyrir árið 2008, innanhúss, er Ágústa nr. 2 í þristökki, nr. 3 í kúluvarpi og nr. 6 í 60m grindahlaupi. Þetta sýnir vel hvað Ágústa er framarlega í hópi íslenskra kvenna í frjálsum íþróttum. Á árinu 2008 varð Ágústa Íslandsmeistari í sjöþraut kvenna.

Í dag er Ágústa í mastersnámi í íþróttafraeðum og æfir á fullu undir handleiðslu þjálfara í Reykjavík, við bestu aðstæður. Ágústa hefur alla tíð verið góð fyrirmynd yngri kynslóðarinnar í frjálsum íþróttum og lagt sig fram um að aðstoða eins og hún getur. Hún á góða möguleika á að vera áfram í landsliðshópi Íslands á árinu 2009 og bæta árangur sinn enn frekar.

Framfarabikar eldri flokks 2008

Í þetta sinn varð fyrir valinu spretthlauparinn Þórhildur Helga Guðjónsdóttir. Þórhildur Helga, sem er aðeins 16 ára, átti frábært ár og bætti sinn persónulega árangur í öllum greinum verulega. Hún vann til margra verðlauna á árinu og uppskar ríkulega eftir að vera búin að stunda æfingar mjög samvissusamlega síðustu ár. Framfarir hennar voru sem hér segir:



Grein:	2007	2008
60m hlaup	8,36 sek	8,29 sek
100m hlaup	12,86 sek	12,58 sek
200m hlaup	27,28 sek	25,77 sek
400m hlaup	64,69 sek	62,11 sek
800m hlaup	2:46,19 m	2:31,44 m
Langstökk	4,71 m	4,90 m
Þristökk	9,47 m	9,70 m
Langstökk án atr.	2,50 m	2,51 m
Þristökk án atr.	6,77 m	7,15 m

Mestu framfarir 14 ára og yngri 2008

Mjög erfitt var að velja einn einstakling fyrir mestu framfarir á síðasta ári. Þeir krakkar sem hafa verið að mæta gríðarlega vel á æfingar voru að bæta sinn árangur verulega á árinu. Eftir að hafa skoðað árangur allra í öllum greinum var ákveðið að veita tveimur stúlkum þessa viðurkenningu. Þær Andrea Sól Marteinsdóttir og Franziska Jóney Pálsdóttir mæta alltaf á æfingar nema þær komist alls ekki og það skilaði þeim á síðasta ári miklum bætingum í öllum greinum. Þær eiga þessa viðurkenningu svo sannarlega báðar skilið svo ekki verður gert upp á milli og án efa verður gaman að fylgjast með þeim í framtíðinni.

Afreksmaður 14 ára og yngri 2008

Afreksmaður ársins 2008 hjá 14 ára og yngri er Thelma Björk Einarsdóttir. Thelma Björk fékk flest afreksstig allra á árinu, 1012 afreksstig fyrir hástökk, og skorar einnig hærra en aðrir í fleiri greinum. Á Unglingalandsmótinu fékk hún þrenn gullverðlaun og ein bronsverðlaun í einstaklingsgreinum. Á Meistaramóti Íslands fékk hún einnig þrenn gullverðlaun og þau fjórðu svo í 4 x 100 m boðhlaupi. Glæsilegur árangur hjá henni á árinu.

Handknattleiksdeild



Það eru ákveðin forréttindi að fá að starfa í handknattleiksdeild Umf. Selfoss. Stöðugar framfarir, jákvætt umhverfi, bjartsyni og stöndugur fjárhagur hafa einkennt starf deildarinnar. Handknattleiksdeild Umf. Selfoss var kosin deild ársins innan HSÍ síðasta vor, fékk viðurkenningu innan HSK fyrir besta barna- og unglíngastarf ársins auk þess sem deildin hlaut útnefningu sem Fyrirmyndardeild ÍSÍ á árinu.

Stöðug fjölgun iðkenda, Íslandsmeistaratitlar og flestir flokkar á meðal fimm bestu á landinu á hverjum tíma. Er hægt að gera betur? Jú, íþróttafélag er eins og áin, áfram rennur og ávallt þarf að huga vel að málum. Við stefnum ótrauð áfram og markmið handknattleiksdeilda eru skýr. Við ætlum að bjóða upp á alla unglíngaflokka, fyrir bæði karla og konur og meistaraflokka bæði í karla og kvennaflokki sem standa jafnfætis þeim bestu á Íslandi. Ekki er síður mikilvægt að iðkendur yngri flokka tileinki sér það sjálfstraust að lið frá Selfossi sé alltaf sigurstranglegt í keppnum. Undirritaður þakkar öllum þeim sem hafa komið að starfi handknattleiksdeildarinnar fyrir gott og óeigin-gjarnt starf á síðasta ár.

Síðastliðið vor var gerður nýr þjónustusamningur við Sveitarfélagið Árborg sem styrkir starfsemi handknattleiksdeilda. Sveitarfélagið leggur til fjármuni í barna- og unglíngastarfið ásamt verulegum styrk vegna fyrirmyndarfélags ÍSÍ, sem önnur sveitarfélög gera ekki. Mikil áhersla er á forvarnarsamvinnu við íþróttafélög og eru akademíurnar leiðandi á því sviði. Sveitarfélagið hefur mótað stefnu gagnvart meistaraflokkum íþróttafélaga sem felur það m.a. í sér að ef kemur til árangur þá fá þeir fjárhagsstyrk. Þetta er nokkuð umdeilanlegt form því rekstur á meistaraflokkum er kostnaðarsamur. Sum sveitarfélög líta svo á að árangur meistaraflokka sé mikilvægur fyrir samfélögin og styrkja þá fjárhagslega til að ná árangri. Fyrirtæki og einstaklingar hafa mörg hver styrkt okkar starfsemi þrátt fyrir krepuna og kunnun við þeim bestu þakkir fyrir.

Umgjörð heimaleikja Selfoss hefur farið batnandi hjá okkur og aðsókn á heimaleiki er mun meiri en undanfarin ár. Haldið verður áfram á þeirri braut að gera heimaleikina að fjölskylduskemmtun.

Ragnarsmótið var haldið í 19. sinn og hefur skipað sér fastan sess í handboltamótum landsins. Á næsta ári verður farið í samvinnu við systkyni Ragnars heitis um að gera enn meira úr þessu móti, en þá verður mótið haldið í 20. sinn.

Kvenna-handboltaakademía var sett á laggirnar síðasta haust og eru níu stúlkur í henni. Mikil áhersla er lögð á forvarnarstefnu í akademíunni. Það verður að segjast eins og er að erfiðara hefur verið fyrir iðkendur að halda þær reglur sem settar eru. Þetta er 3. árið sem akademían er rekin og verður farið yfir starfseminu og skoðað hvort einhverju þurfi að breyta í framhaldinu. Mikil og almenn ánægja er með mótuneytið og buðum við fimleikaakademíunni að taka þátt í því um áramót og þáðu 10 stúlkur það boð. Rúmlega 40 einstaklingar eru skráðir í mótuneytinu.

Árangur meistaraflokks karla það sem af er vetri er nokkuð góður. Stefnt var á 2. sætið í deildinni og umspil um sæti í úrvalsdeild næsta keppnistímabili. Liðið komst í 4-liða úrslit í Eimskipsbikarnum, en var slegið út af liði Gróttu sem hefur verið okkur nokkuð erfitt í vetur. Strákarnir í 3. flokki eru á góðu róli og verður gaman að sjá hvernig þeir enda tímabilið. Þá er 2. flokkur að gera góða hluti og sýnir svo ekki verður um villst að lið Selfoss er á stöðugri uppleið.

Rekstur handknattleiksdeildarinnar verður erfiðari fjárhagslega næsta vetur. Við verðum að treysta á stuðningsaðila okkar og alla þá sem koma að starfi deildarinnar til að taka saman höndum og láta handboltaævintýrið hér á Selfossi lífa og dafna.

Hallur Halldórsson formaður

Handboltaakademían 2008

Keppnistímabilið 2007 – 2008 gekk vel og miklar framfarir hjá iðkendum skiluðu sér. Landsliðsmönnum frá Selfossi fjölgaði, en allir þeir sem voru valdir til æfinga með landsliðum Íslands voru iðkendur úr handboltaakademíunni, utan einn leikmaður sem ekki hafði aldur til að vera í FSu. Í lok keppnistímabilsins eða vorið 2008 varð unglíngaflokkur karla bæði deildar- og Íslandsmeistari, en liðið var einungis skipað leikmönnum úr handboltaakademíunni. Liðið tapaði aðeins einum leik allt tímabilið í Íslandsmótinu og hafði því talsverða yfirburði. Alls voru 33 iðkendur í handboltaakademíunni á skólaárinu 2007 – 2008.

Handboltaakademían setti á stofn mótuneyti í félagsheimilinu Tíbrá. Tókst það frábærlega og var mikil ánægja með bæði matinn og framtakið. Af 33 iðkendum voru 20 þeirra skráðir í mat.

Fjárhagslega gekk keppnistímabilið 2007 – 2008 vel og tókst reksturinn einstaklega vel. Vegur þar þyngst að ferða-kostnaður var með því minnsta sem hægt var að búast við. Selfoss-liðin voru heppin með andstæðinga í forkeppni, bikarkeppni og úrslitakeppni. Þá náði handboltakademían að halda öllum sínum styrktaraðilum á milli keppnistímabíla. Munaði mikið um þann styrk þegar upp var staðið.

Félagslega var boðið upp á mikið. Frægir gestþjálfarar voru fengnir til að koma og taka æfingu hjá handboltaakademíunni. Má þar helsta nefna A-landslíðþjálfara kvenna Júlíus Jónasson og Zoran Ivic aðstoðarþjálfara A-landslíðs serbenska karlaliðsins. Þá voru ýmsar ferðir farnar með iðkendur. Ber þar hæst jólahlaðborðið á Rauða Húsinu og vorferð á Hótel Geysi. Einnig var brugðið út af vananum og iðkendurnir sendir á fimleikaæfingar tvisvar í viku hjá fimleikadeild UMFS þegar keppnistímabilinu lauk. Vakti það gríðarlega lukku.

Haustið 2008 byrjaði ekki vel þar sem ljóst var að talsverður samdráttur yrði í styrkveitingum fyrirtækja fyrir keppnistímabilið 2008 – 2009. Ferðakostnaður og aðföng hafa hækkað margfalt, bæði vegna verðhækkana og óhagstæðra mótherja í keppnum á vegum HSÍ. Metfjöldi ferða til Akureyrar ásamt ferðum til Ísafjarðar og Vestmannaeyja vega þar þyngst. Þá bættust tvö lið við reksturinn með tilheyrandi kostnaði. Unglingaflokkur kvenna og B-lið meistaraflökks voru skráð til leiks, en allmargir iðkendur félagsins sáu fram á að verða verkefnalausir þar sem fjöldi iðkenda er svo mikill. Þrátt fyrir minni tekjur og meiri kostnað er útlit fyrir að reksturinn verði í jafnvægi. Ýmsum aðhaldsaðgerðum var beitt í rekstrinum og jákvæðri stöðu eftir keppnistímabilið 2007 - 2008.

Fjöldi iðkenda jókst í 37 og um 30 þeirra skráðu sig í mat í mótuneytinu. Af þessum 37 voru 9 stúlkur skráðar í handboltaakademíuna sem er nýlunda hjá deildinni. Þá sér handboltaakademían fram á að útskrifa fyrstu iðkendur sína í lok keppnistímabilsins vorið 2009. Þannig hefur starfið náð sinni fyrstu hringrás og er því smám saman að koma undir sig aðeins stykari stöðum.

Handboltalega stefnir í gott ár þar sem meistaraflokkur, 2. flokkur og 3. flokkur karla eru í toppbaráttu á öllum vígstöðvum og framfarir unglíngaflokks kvenna eru hraðar og miklar. Landsliðsmönnum hefur ekki fækkað, heldur þvert á móti stefnir enn í fjölgun iðkenda sem fá tækifæri á að sýna sig á æfingum yngri landsliðanna.

Sebastian Alexandersson, yfirþjálfari handboltaakademíu

Skýrsla unglíngaráðs

Æfingar yngri flokka hófust 20. ágúst um leið og skólarnir byrjuðu. Vel gekk að manna þjálfarastöður. Alls störfuðu 10 þjálfarar hjá unglíngaráði í vetur og iðkendur voru um 250.

4. flokkur karla: Þjálfarar: Arnar Gunnarsson og Atli Kristinsson.

Flokkurinn var mjög fjölmennur, um 30 strákar að æfa. Selfoss sendi þrjú lið til keppni, fleiri en nokkurt annað félag. Strákarnir í A-liðinu voru í toppbaráttu í 2. deild og enduðu í 2. sæti með 25 stig í 16 leikjum. Þeir léku síðan gegn sterku liði FH í umspili um sæti í úrslitakeppninni, en töpuðu í framlengdum leik. B-liðið komst í undanúrslit um Íslandsmeistaratilinn og átti góða möguleika á titli. C-liðið lék í 2. deild og varð um miðja deild. Gott foreldrastarf hefur verið



í kringum þessa stráka og eru þeir þegar farnir að safna fyrir og skipuleggja ferð á Partille-cup í Svíþjóð nú í sumar. Margir af strákunum hafa þegar sett stefnuna á Handboltaakademíu FSu næsta vetur.

5. flokkur karla: Þjálfarar: Guðni Ingvarsson og Eyþór Lárusson.

Um 25 strákar hafa æft að staðaldri í vetur. Strákarnir tóku miklum framförum í vetur og stóðu sig mjög vel á Íslandsmótinu. 5. flokkur eldra ár varð í 2. sæti í heildarstigakeppni félaga til Íslandsmeistara. Strákarnir á yngri ári bættu sig jafnt og þétt í allan vetur og náði m.a. öðru sæti á síðasta mótinu og varð að lokum í 3. sæti í heildarstigakeppni félaga til Íslandsmeistara. Strákarnir fóru bæði til Akureyrar og Húsavíkur í vetur þar sem foreldrar fylgdu strákunum.

6. flokkur karla: Þjálfari: Einar Guðmundsson.

Um 30 strákar hafa æft og keppt í vetur. A-liðið tryggði sér nánast Íslandsmeistaratilinn eftir fjórða mótið og hafa þessir drengir haft nokkra yfirburði í vetur. Þeir hafa aldrei tapað leik gegn sínum jafnöldrum. Þeir urðu deildarbikar-meistarar fyrr í vetur. B-liðs strákarnir hafa á að skipa frábæru liði sem leikur mjög góðan handbolta. Þeir urðu í 1. sæti í keppni B-liða á Íslandsmótinu í haust og eiga góða möguleika á titlinum. Selfoss hefur teft fram tveimur C-liðum. C-1 er sem stendur í 2. sæti í stigakeppni til Íslandsmeistara. Þeir fengu silfur á deildarbikarameistaramótinu fyrr í vetur. C-2 hafa staðið sig vel líka og verið milli 5. og 8. sætis.

7. flokkur karla: Þjálfari: Atli Kristinsson.

Milli 20 og 25 manna hópur hefur æft í 7. flokki í vetur. Þeim gekk mjög vel á síðasta mótinu þar sem þeir unnu alla sína andstæðinga.

4. flokkur kvenna: Þjálfarar: Halldór Stefán Haraldsson og Bjarki Már Elísson.

Stelpurnar uðu deildar- og Íslandsmeistar í vetur þrátt fyrir

Handknattleiksdeild



að flestar stelpurnar séu enn í 5. flokki. Krístrún Steinþórsdóttir og Birta Antonsdóttir voru valdar til æfinga með unglíngalandsliðinu.

5. flokkur kvenna: Þjálfarar: Halldór Stefán Haraldsson og Bjarki Már Elísson.

Um 20 manna hópur hefur æft í vetur. 5. flokkur kvenna eldra ár urðu Íslandsmeistarar í vetur. Komin er kjarni af mjög góður stelpum sem eru tilbúnar að leggja mikið á sig til á ná langt. Þær Hrafnhildur Hanna Prastardóttir og Esther Hallsdóttir voru valdar í U15 ára landsliðið, en þær eru þar báðar á yngri ári. Stelpurnar á 5. flokki kvenna yngri ár urðu að sætta sig við 4. sætið á Íslandsmótinu eftir að hafa átt möguleika á titli allt fram í síðasta leik, svo jöfn og spennandi var keppnin. Þær unnu sigur á tveimur deildar mótum en það dugði ekki til. Thelma Björk Einarsdóttir var valin í U15 ára landslið þrátt fyrir að vera aðeins 12 ára.

6. flokkur kvenna: Þjálfari: Bjarki Már Elísson.

Milli 10-15 stelpur hafa verið í þessum flokki. Stelpurnar í urðu í 5. sæti á Íslandsmótinu í vetur. Í þessum flokkur er mjög efnilegar stelpur sem spennandi verður að fylgjast með.

Hátt í 650 leikir á ári

Umfang starfs handknattleiksdeildar hefur aukist ár frá ári, iðkendum hefur fjölgað, árangurinn hefur aldrei verið betri og flestir árgangar eru á top fimm á landsvísu. Um 300 einstaklingar stunda handbolta af fullum krafti á Selfossi. Þeir æfa frá þrisvar til tíu sinnum í viku. Í handboltaakademíu FSu eru 38 strákar og stelpur og eru sex af þeim í unglíngalandsliðum.

Á síðasta keppnistímabili léku lið á vegum handknattleiksdeildar Umf. Selfoss yfir 500 leiki. Einnig hélt deildin Landsbankamótið í 5. flokki drengja og stúlkna, en á því móti voru leiknir 140 leikir. Æfingaleikir og æfingamót sem lið tóku þátt í eru ekki talin með heldur aðeins leikir í opinberum mótum. Þessi samantekt sýnir hversu umfangsmikið starfið er. Hjá handknattleiksdeild starfa 10 þjálfarar, 12 manns sitja í stjórn og unglíngaráði og mun fleiri í foreldráðum. Á vegum handknattleiksdeildar fara fram um 38 æfingar á viku og þyrftu að vera mun fleiri. Fjórir flokkar æfa milli kl. 22 og 23 á kvöldin sem er ekki ásætlanlegt.

Landsbankamótið

Landsbankamótið í handbolta í 5. flokki karla og kvenna fór fram á Selfossi. Um 600 keppendur mættu til leiks, 62 lið lið tóku þátt og leiknir voru 140 leikir á þremur dögum. Mótið tókst mjög vel, allar tímasetningar stóðust og fjölmargir sjálfbóðaliðar unnu frábært starf á mótinu. Um 50 dómaraar dæmdu leikina 140, en þess má geta að þeir voru allir 17 ára og eldri. Yfir 50 tímaverðir úr 5. og 4. flokki sáu um skráningar. Foreldrar strákanna í 4. flokki sáu um sjoppu og lögðu fram mikla vinnu. Allur ágóði af sjoppusólu fer í ferðasjóð. Ætla má að yfir 1000 manns hafi heim sótt Selfoss um þessa helgi í tengslum við mótið. Þetta er í sjötta skiptið sem þetta mót er haldið og er það búið að festa sig í sessi í íþróttalífínu. Unglingaráð handknattleiksdeildar vill koma á framfæri þökkum til Landsbankans á Selfossi fyrir frábæran stuðning við yngri flokka starf handboltans á Selfossi og til allra þeirra sem störfuðu á Landsbankamótinu, sérstaklega til starfsmanna íþróttahúsanna sem unnu sýna vinnu með miklum sóma.

Unglingalandslið

Þeir Ragnar Jóhannsson, Guðmundur Árni Ólafsson, Einar Héðinsson og Bjarki Már Elísson fóru með unglíngalandsliðinu á Evrópumeistaramótið í Tékklandi þar sem liðið endaði í 4. sæti. Einnig fór liðið á æfingamót í Frakklandi s.l. haust. Þeir Sigurður Már Guðmundsson, Árni Steinn Steinþórssen og Matthías Örn Halldórsson voru valdir í landsliðshóp leikmanna fæddir 1991. Anton Freyr Traustason var valinn í unglíngalandsliðshóp leikmanna fæddir 1992 og síðar. Þeir Birkir Fannar Bragason, Guðmundur Árni Ólafsson, Ragnar Jóhannsson og Hörður Mássen æfðu og kepptu með U21 landsliðinu. Þær Krístrún Steinþórsdóttir, Birta Antonsdóttir, Hrafnhildur Hanna Prastardóttir, Esther Hallsdóttir og Thelma Björk Einarsdóttir voru valdar til æfinga með U15 landsliðinu. Samtals eru þetta 15 ungmenni sem eru í fremstu röð sinna jafnaldra í handknattleik á landinu. Ef að líkum lætur á bara eftir að fjölga í þessum hópi því á leiðinni eru mjög sterkir árgangar leikmanna með framtíðarlandsliðsmönnum.

Einar Guðmundsson yfirþjálfari



Árið 2008 gekk nokkuð vel og unnust, að venju, margir sigrar á vellinum. Talsverð fjölgun varð á árinu og þrengir því enn að í húsnæði okkar í Gagnheiðinni, en þar höfum við nú haft aðstöðu um nokkurra ára skeið. Júdoeildin sér um rekstur hússins og hefur það gengið skikkánlega. Til stóð að deildin fengi inni í nýrri sundlaugarbyggingu, en eftir áföll sem dunið hafa yfir þjóðfélagið að undanförunu, má reikna með að á því verði töf. Auðvitað er salurinn orðinn alltof lítill fyrir þessa starfsemi og því er jafn nauðsynlegt og fyrr að vera vakandi fyrir framtíðarlausnum á húsnæðismálunum deildarinnar.

Á krepputímum eru íþróttir og íþróttaiðkun hvers konar mikilvægar og ekki síst einstaklingsíþróttir eins og júdo, þar sem hópíþróttir henta ekki öllum. Því er enn meira áriðandi, en ella, að hvetja börn og unglunga til þátttöku í íþróttum.

Verum því vakandi fyrir því að benda stórnámálamönnum og öðrum sem hafa með málefni barna og íþróttamála að gera, á þennan forvarnar- og uppeldisþátt.

Stjórn deildarinnar hefur verið virk í öllu fundarstarfi og þinghöldum á árinu og mæting verið óvenjugóð.

Þórdís Hansen formaður

Skýrsla þjálfara fyrir árið 2008

Vorönn

Þjálfarar á vorönn voru Bergur Pálsson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Baldur Pálsson, Þór Davíðsson og Matthías Harðarson. Æfingatímar á vorönn 2008 voru á þriðjudögum og fimmtudögum, 6-11 ára kl. 16:30-17:30, 11-14 ára kl. 17:30-18:30 og flokkur fullorðinna kl. 18:30-20:00. Flokkur fullorð-

inna var einnig með æfingu á mánudögum kl. 19:30-21:00. Æfingum lauk á vorönn um miðjan maí.

Haustönn

Þjálfarar á haustönn voru Bergur Pálsson, Sigurður Ásgeirsson, Þorkell Eyjólfsson, Sturlaugur Eyjólfsson og Baldur Pálsson. Einnig hefur Eiríkur Ingi Kristinsson komið og séð um nokkrar æfingar fyrir elsta hópinn. Á haustönn hófust æfingar 2. september. Strax á fyrstu æfingu varð algjör sprenging, 42 krakkar mættu á æfingu fyrir 5-11 ára, 25 á æfingu fyrir 11-15 ára og 14 mættu á fullorðinsæfingu. Það varð því ljóst að skipta þyrfti upp yngsta hópnum. Því breyttust æfingatímar á haustönninni að því leyti að við bættist æfing fyrir yngstu iðkendur eða 5-8 ára kl. 16-17 og aðrir hópar þar á eftir.

Á árinu hafa Matthías, Sturlaugur, Þór og Þorkell komið að þjálfun yngri flokkanna, Guðmundur Tryggvi og Bergur skiptu æfingum á milli sín á vorönn, en á haustönn hefur Bergur að mestu tekið yfir þjálfun elstu iðkenda, auk þess að koma í auknum mæli að þjálfun yngri flokka. Á haustönninni bættist einnig Sigurður Ásgeirsson inn í hópinn, en hann sér um æfingar 9-11 ára og 11-15 ára á þriðjudögum. Baldur hefur séð um mánudagsæfingar.

Ánægjulegt er að sjá hvað iðkendum hefur fjölgað síðastliðið ár í júdo og er fjöldi virkra iðkenda nú um 70. Æfingar hafa gengið mjög vel og árangur ekki staðið á sér. Skilar deildin fjölda verðlauna á mótum innanlands. Farið var á Laugarvatn í æfingabúðir á vegum JSÍ í lok júlí. Þangað fóru 4 iðkendur frá UMFS. Á lokaæfingu fyrir júl var haldið fyrsta HSK-mótið í Júdo fyrir alla flokka og höfðu keppendur og foreldrar mjög gaman af. Yfirþjálfari mælist til að leitað verði leiða næstkomandi vetur til að ráða þjálfara í a.m.k. 50% starf við deildina sem getur þá séð um flestar æfingar og umfang.

Bergur Pálsson yfirþjálfari



Árangur UMFS á júdómótum árið 2008

Afmælistmót JSÍ haldið 26. janúar

Flokkur 11 – 12 ára:

- 55 kg Egill Blöndal 2. sæti
- 50 kg Baldur Jóhannson 2. sæti
- 46 kg Hinrik Hjartarson 1. sæti
- 34 kg Stefán Helgason 3. sæti

Flokkur 13-14 ára:

- 55 kg Marel Björgvinsson 2. sæti

Flokkur 15 – 16 ára:

- 81 kg Sturlaugur Eyjólfsson 1. sæti

Flokkur 15-19 ára:

- 81 kg Matthías Harðarson 3. sæti
- 90 kg Þór Davíðsson 1. sæti
- 90 kg Alexander Olgeirsson 2. sæti

Opinn flokkur:

- Þór Davíðsson 1. sæti

Íslandsmeistarmót 14. og 15. mars

Flokkur 11 -12 ára:

- 34 kg Stefán H. Helgason 2. sæti
- 42 kg Sindri Pálmason 1. sæti, Íslandsmeistari
- 42 kg Hrafnkell D. Batson 3. sæti
- 50 kg Hinrik Hjartarson 1. sæti, Íslandsmeistari
- 60 kg Eypór Óskarsson 2. sæti

Sveitakeppni 11 -12 ára:

- 1. sæti, Íslandsmeistarar

Flokkur 13-14 ára:

- 55 kg Birgir A. Ásbjörnsson 2. sæti
- 55 kg Marel B. Björgvinson 3. sæti

Flokkur 15-16 ára:

- 81 kg Sturlaugur Eyjólfsson 1. sæti, Íslandsmeistari
- 66 kg Magnús Bjarki Snæbjörnsson 3. sæti
- 44 kg Árný Helgadóttir 3. sæti

Flokkur 15 – 19 ára:

- 90 kg Þór Davíðsson 1. sæti, Íslandsmeistari

Vormót 16. maí

Flokkur 11 -12 ára:

- 46 kg Sindri Pálmason 1. sæti
- 60 kg Egill Blöndal 1. sæti
- 46 kg Baldur Jóhannson
- 60 kg Eypór Óskarsson 3. sæti

Flokkur 13-14 ára:

- 60 kg Birgir A. Ásbjörnsson 3. sæti

Haustmót 19. - 20. september

Flokkur 11 -12 ára:

- 42 kg Sindri Pálmason 1. sæti
- 55 kg Hinrik Hjartarson 1. sæti
- 55 kg Baldur Jóhannson 2. sæti
- 66 kg Eypór Óskarsson 2. sæti

Flokkur 13-14 ára:

- 60 kg Birgir A. Ásbjörnsson 3. sæti

Flokkur 15 – 19 ára:

- 90 kg Þór Davíðsson 1. sæti

Þór Davíðsson var valinn í U-20 landslið og átti að keppa fyrir Íslands hönd á Norðurlandamótinu, en komst því miður ekki.

Einnig var farið á tvö Kyu-mót og náðist þar góður árangur.

Þann 11. desember var haldið fyrsta HSK mótið í júdo. Keppendur voru sextíu og einn, sextíu frá Selfossi og einn frá Umf. Laugdæla. Margir voru að taka sín fyrstu skref á mótum, mótið þótti takast í alla staði vel í alltof litlu hús-næði.



Á aðalfundi knattspyrnudeildar 13. nóvember 2007 var ákveðið að gera þá áherslubreytingu innan stjórnar deildarinnar, að í henni sætu, eða yrðu tilnefndir, sérstakir tengiliðir við unglingaráð, 2. flokks ráð og meistaraflokksráð. Með þessari skipan mála var markmiðið að auka upplýsingaflæði og tengsl stjórnar, flokka og ráða innan deildarinnar. Eftirtalin voru kosin og skiptu þannig með sér verkum: Hermann Ólafsson formaður, Margrét Ingpórsdóttir gjaldkeri, Jón Gíslason ritari og tengiliður 2. flokks, Óskar Sigurðsson, varaformaður og tengiliður mfl. og Sveinbjörn Másson, meðstjórnandi og tengiliður unglingaráðs, en Sveinbjörn var þá formaður unglingaráðs. Til vara voru kosnir Guðjón Sigurjónsson, Guðmundur Sigurðsson og Leó Árnason. Stjórnin hefur haldið reglulega fundi, lengst af aðra hverja viku, en vikulega á undirbúningstímabilinu fram að vori. Viðfangsefni stjórnar voru að vanda fjölmörg og verður hér á eftir stiklað á stóru.

Almennt um störf stjórnar

Á undanfönum tveim árum hefur tekist að koma á lagginnar öflugu meistaraflokksráði karla sem hefur haft með höndum dagleg viðfangsefni er tengjast rekstri flokksins. Ráðið hefur haft með höndum alla samningagerð við leikmenn og notið stuðnings Stuðningsmannaklúbbsins til þess. Til fjáröflunar vegna kostnaðar við leikmenn og æfingasóknar hafa þessir aðilar haft herrakvöldin viðfrægu, en auk þess notið framlaga frá deildinni sjálfri, auk nokkurra einstaklinga. Þá hefur ákveðinn hluti aðgangseyris af vellinum runnið til Stuðningsmannaklúbbsins. Þessi tilhögun hefur að mati stjórnar skipt sköpum, bæði hvað varðar árangur flokksins svo og um vöxt og viðgang deildarinnar allrar. Stjórninni hefur að þessu leyti gefist betra ráðrúm, bæði til að sinna öðrum flokkum og ráðum betur, svo og öðrum viðfangsefnum sem e.t.v. hefur ekki verið sinnt nægilega í gegnum tíðina. Verkefni stjórnar á tímabilinu hafa m.a. verið ýmis konar vinna við að uppfylla skilyrði leyfiskerfis KSÍ, þátttaka í stefnumótunarvinnu íþróttahreyfingarinnar á Selfossi, sem sveitarfélagið stóð fyrir, undirbúningur og samningsgerð vegna yfirtöku deildarinnar á rekstri íþróttavallarsvæðisins, ásamt þátttöku í mót- un skipulags og þrýstings á bæjaryfirvöld varðandi upp-

byggingu á íþróttavallarsvæðinu. Þá var á árinu formlega stofnaður meistaraflokkur kvenna. Segja má að flokkurinn sé eðlilegt framhald af góðu uppbyggingarstarfi 2. flokks kvenna sem hefur verið starfandi í þrjú ár. Þá var á árinu loksins ráðinn starfsmaður eða framkvæmdastjóri til deildarinnar eftir nokkurn undirbúning. Til starfsins var ráðinn Sveinbjörn Másson og er hann jafnframt vallarstjóri á vegum knattspyrnudeildar. Þó þessum ofangreindu málum sé ekki lokið á neinn hátt, og verða sjálfsgagt aldrei, þá hefur verið lagður ákveðinn grunnur til frekari ávinnings á ýmsum sviðum. Gengið hefur verið í gegnum leyfiskerfi KSÍ í fyrsta skiptið og við tekur að bæta í ýmis göt og undanþágur sem gefnar hafa verið. Deildin gerði í gegnum Ungmennafélagið samning við sveitarfélagið um rekstur íþróttavallarsvæðisins til eins árs. Fyrir okkur liggur að sýna að við stöndum undir þeirri ábyrgð og svo að endurnýja samninginn á nýju ári með hliðsjón af stækkun vallarsvæðisins. Þá liggur nú fyrir nýtt samþykkt skipulag af íþróttavallarsvæðinu þar sem deildin fékk því til leiðar komið að í stað eins keppnisvallar fyrir fótbolta og frjalsar íþróttir verða gerðir tveir nýir keppnisvellir með fullkomnu undirlagi, þar af einn sérstaklega fyrir fótbolta á núverandi stað þar sem gert er ráð fyrir stúku. Framkvæmdir við fyrsta áfanga, sem eru undirbygging vallanna, ásamt nýju grasi á knattspyrnuvöll, eru komnar vel á veg. Í þessu máli öllu býður okkar svo að halda áfram að beita þrýstingi á sveitarfélagið um að halda áfram uppbyggingunni þannig að áhorfendastúka verði komin upp sem fyrst. Varðandi meistaraflokk kvenna þá er að mestu leyti í höndum viðkomandi ráðs að fylgja flokknum úr hlaði og efla hann á komandi misserum og gera flokkinn gjaldgengan til keppni í vor. Til bráðabirgða tóku þjálfarar 2. flokks að sér þjálfun meistaraflokks fram að áramótum. Að öðru leyti hafa formaður og aðrir stjórnarmenn eftir atvikum setið mánaðarlega fundi með aðalstjórn félagsins. Lang stærsta málefni á þeim vettvangi var gerð nýs þjónustusamnings félagsins við sveitarfélagið, en hann var undirritaður á aðalfundi þess 3. maí s.l. Þá var og gerður nýr samningur um búningamál félagsins við Sportbæ og Hummel og hefur félagið tekið í notkun nýjan félagsgalla og búninga frá þeim.

Knattspyrnudeild



Fjármál og rekstur

Undir stjórn nýs framkvæmdastjóra deildarinnar hefur verið unnið ötullega að gerð nýrra samninga við fyrirtæki í bæn-um og utan hans. Í annars góðan hópi helstu styrktaraðila deildarinnar bættust við á árinu Verkfræðistofa Árborgar, Lögmenn Suðurlandi og Krás kjötvinnsla. Helsti styrktaraðili deildarinnar í ár, eins og mörg undanfarin ár var Glitnir banki. Aðrir helstu styrktaraðilar voru m.a. Set, Olís, Málflutningsskrifstofan, Árborgir fasteignasala, Toyota á Selfossi, Byko og Bílasala Selfoss. Fjölmargir aðrir hafa styrkt deildina, þar af nokkrir all myndarlega, en of langt mál yrði að telja alla upp. Helstu kostnaðarliðir í rekstri deildarinnar allrar eru þjálfaralaun og ferðakostnaður ýmis konar. Þá er kostnaður við búninga og fatnað verulegur. Áfram þarf að leita leiða til að renna frekari stoðum undir rekstur deildarinnar. Mikilvægara er að finna fleiri regluleg fjáröflunarverkefni en að kreista beina styrki út úr fyrirtækjum og einstaklingum.

Verkefni og fjáraflanir

Hér verður fjallað um þau helstu verkefni og fjáraflanir sem tengjast knattspyrnudeildinni á einn eða annan hátt. Ekki gerður greinarmunur á því hver sér um framkvæmd þeirra, meðlimir stjórnar, stuðningsmannaklúbbs, ráða og nefnda, eða almennir félagsmenn og stuðningsaðilar.

Framkvæmd heimaleikja, heimaleikjaráð

Með tilkomu umsjónar deildarinnar með rekstri vallarins hefur framkvæmd heimaleikja orðið einfaldari og viðráðanlegri. Undirbúningur hefur að miklu leyti færst yfir á vallarstarfsmenn með vallarstjóra og starfsmann deildarinnar í sama einstaklingi. Að framkvæmd leikja hafa þó margir aðrir komið með ýmsum hætti. Einstaklingar úr Björgunarfélagi Árborgar voru fengnir til öryggisgæslu og félagar í Stuðningsmannaklúbbum stóðu vaktina í nokkrum leikjum. Gefin var út veglegri leikskrá en árið áður og send í öll hús í Árborg.

Vefsíða

Knattspyrnudeild Umf. Selfoss getur státað af einni allra bestu og ýtarlegustu umfjöllunum um leiki meistaraflokks og annað starfi deildarinnar miðað við knattspyrnufélög hér á landi. Fyrir þessu hefur Tómas Þóroddsson staðið og á hann mikinn heiður skilið fyrir það. Það er fyrst eftir að hafa lesið umfjallanir hans að menn hafa almennilega áttað sig á öllu sem fram fór á leikum! Þá hefur Stuðningmannaklúbburinn haldið úti spjallþræði á sinni vefslóð, og hafa umræður þar verið mjög liflegar og skemmtilegar á árinu.

Samningur við Knattspyrnuakademíuna

Í sumar var gerður samningur milli Knattspyrnudeildar Umf. Selfoss og Knattspyrnuakademíu Íslands sem stendur að knattspyrnuakademíunni við Fjölbautaskóla Suðurlands. Í samningnum er meðal annars kveðið á um að knattspyrnudeildin styrki sína iðkendur á fjölbautaskólaaldri með niðurgreiðslu hluta skólagjalda. Með þessu vonar deildin að sem flestir af iðkendum sínum fari í akademíuna. Hún hefur stöðugt verið að þróa starfsemi sína þau tvö ár sem hún hefur verið starfrækt við skólann. Er þessi samningur til marks um það að deildin vill styrkja sína iðkendur af báðum kynjum í því að bæta sig og sitt lið sem mest og þar með efla deildina til frekari afreka í knattspyrnu.

Herrakvöld

Undanfarin tvö ár hefur umsjón með herrakvöldinu verið að mestu leyti í höndum Stuðningsmannaklúbbsins. Í því ljósi, og einnig þess að yfir kvöldunum svífur gjarnan svólítið annar andi en almennt hjá félaginu, þá var ákveðið að kvöldin skildu alfarið vera á ábyrgð klúbbsins. Herrakvöld ársins 2007, það fimmta í röðinni var haldið í Hvíta húsinu á Selfossi. Það var Sigurður Fannar Guðmundsson sem fór fyrir vaskri sveit manna við undirbúning og framkvæmd kvöldsins. Ræðumaður kvöldsins var Guðmundur Steingrímsson og heiðursgestur Björgvin G. Sigurðsson. Aðsóknarmetið frá því árinu áður var slegið, en vel á þriðja hundrað manns sóttu kvöldið sem þótti takast vel þrátt fyrir að kynni kvöldsins hafi verið orða vant, sem gerist víst sjaldan!

Herrakvöld ársins 2008 var haldið í Þingborg í Hraungerðishrepp hinum forna og er það í annað sinn sem það er gert. Elvar Gunnarsson hafði frumkvæðið í að koma á lagginar undirbúningsnefnd, en að framkvæmd kvöldsins komu fjölmargir. Kynnir kvöldsins var hinn óviðjafnanlegi Hermann Gunnarsson, ræðumaður kvöldsins var séra Baldur Kristjánsson og heiðursgestur Logi Ólafsson.

Flugeldasala

Flugeldasala hefur síðastliðin ár verið mikilvæg fjáröflun deildarinnar og sala aukist jafnt og þétt ár frá ári. Þeir sem unnu óeigingjarnt starf við flugeldasöluna á vegum deildarinnar voru þeir Axel Gissurarson, Sveinbjörn Másson og Hjalti Þorvarðarson. HSK hefur verið afar liðlegt við deildina í þessu efni og ljáð sölunni húsnæði sitt í Selinu gegn vægu gjaldi.

Firmakeppnir

Ekki hafa verið haldnar firmakeppnir í ár, en með upphituum velli er enn von til þess að hægt sé að halda úti þessum skemmtilegu keppnum, þótt komið sé fram á vetur.

Vorblaðið Tuðran

Vorblað knattspyrnudeildar var gefið út að vanda í vor og var



Því dreift í öll hús í upphafi Íslandsmótsins. Soffía Sigurðardóttir sá um uppsetningu blaðsins, en ýmsir komu að efnisöflun.

Olísmótið – „Meistaradeildin“

Olísmót 5. flokks karla hefur unnið sér fastan sess í íþrótt- og menningarlífi Selfoss, en mótinu var komið á laggirnar á sínum tíma að frumkvæði unglingaráðs. Undirbúningur mótsins í ár var að miklu leyti í höndum framkvæmdastjóra deildarinnar, en að framkvæmd mótsins koma margir úr röðum allrar deildarinnar. Segja má með sanni að mótið sé í dag félagslegt stolt deildarinnar.

Getraunastarf

Það var grettistak Stefáns Ólafssonar fyrrum formanns 2. flokks ráðs sem kom á öflugu getraunastarfi hjá deildinni fyrir nokkrum árum. Síðan hefur getraunastarfið verið að eflast og myndast góð félagsstemning í kringum tippíð á laugardagsmorgnum í Tíbrá. Undanfarið ár hefur Gissur Jónsson haft veg og vanda af getraunastarfinu, en foreldrar og aðstandendur 2. flokka hafa séð um veitingar á staðnum. Gissur á bestu þakki skyldar fyrir sitt fórnfúsa starf. Þá ber að þakka Guðnabakarí fyrir að gefa okkur bakkelsi.

Lokahóf

Lokahóf eða „slútt“ knattspyrnudeildar var haldið í Hótel Selfossi laugardaginn 20. september. Eins og árið áður nutum við þess að hafa öfluga undirbúnings- og skemmtinefnd fyrir slúttið, en fyrir henni fór Anna Guðmundsdóttir. Óhætt er að segja að um frábæra skemmtun hafi verið að ræða. Fjölmargar viðurkenningar voru veittar. Tómas Þór-oddsson hlaut viðurkenningu sem félagi ársins, en hann hefur undanfarin ár unnið frábært starf bæði í unglingaráði og nú síðustu ár bæði í meistaraflokksráði, sem liðsstjóri og sem skribent. Aðrar viðurkenningar fyrir frábær störf í þágu deildarinnar hlutu Alma Sigurjónsdóttir, Armheiður Helga Ingibjartsdóttir, Guðjón Sigurjónsson og Kristinn Bárðarson. Fjölmargar leikmannaviðurkenningar voru veittar, en leikmaður ársins í meistaraflokki karla var kjörinn Sævar Þór Gíslason, annað árið í röð.

Söluvarningur

Nýjrir keppnisbúningar voru teknir í notkun hjá meistaraflokki á árinu. Með samningi við Sportbæ gefst nú kostur, í

fyrsta skipti í langan tíma, að kaupa keppnisbúninginn beint úr verslun. Einnig fást æfingagallar í Sportbæ, en félagið var sjálft með sölu á þeim áður.

Vallarskilti

Sala á skiltum gekk ágætlega í vor. Lögð var áhersla að aðalstyrktaraðilar sætu í fyrirrúmi og að völlurinn væri vel skreyttur skiltum fyrirtækja og stofnanna bæjarins. Seld voru skilti bæði á aðalvöll og við gervigrasvöllinn. Munu þau standa uppi yfir vetrartímann sem eykur auglýsingargildi þeirra.

Lokaorð

Frábært gengi meistaraflokks karla á sínu fyrsta ári í 1. deild í sumar kom öllum á óvart, jafnt spekingum sem öðrum. Undir dyggri stjórn Zorans Þjálfara og Ómars aðstoðarþjálfara, ásamt frábæru teymi liðssjóra á bekknum tókst breiðum og samheldnum hópi leikmanna að sýna sínar bestu hliðar í sumar. Þá setti ofurhress hópur stuðningsmanna „Skjálfta“ skemmtilegan svip á heimaleiki liðsins og átti án efa sinn þátt í velgenginni.

Deildin öll hefur átt góðu gengi að fagna undanfarin misseri og náð góðum árangri á mörgum sviðum. Lið 2. flokks karla vann sig upp í B-deild á síðasta ári og hefur í sumar náð að tryggja veru sína þar og tekið miklum framförum í sumar. Stúlkurnar í 2. flokki hafa átt frábært tímabil og enduðu í 3. sæti B-deildar. Ljóst er að flokkarnir eru í mikilli framför og full ástæða til bjartsýni því fjölmennir og öflugir hópar stráka og stelpna koma upp úr 3. flokki á næstu árum. Með uppbyggingu í 2. flokki ásamt öflugu yngri flokka starfi í kvennaboltanum teljum við að góður grundvöllur hafi verið kominn fyrir nýstofnaðan meistaraflokki kvenna á Selfossi í haust.

Í vetur hafa jarðvinnuvélar verið á fullu á íþróttavallarsvæðinu við Engjaveg. Við vonum að ekki aðeins völlurinn verði byggður upp á traustum grunni heldur verði svo um alla áframhaldandi uppbygging knattspyrnudeildar héðan af. Vissulega hafa í haust hrannast upp óveðurský yfir landinu, en engu að síður verður leikinn fótbolta áfram hér sem annars staðar. Einhverjar breytingar eða seinkanir kunna að verða í fyrirhugaðri uppbyggingu mannvirkja svo og að einhverju leyti í umgjörð boltans. Á Íslandi í dag ku vera

Knattspyrnudeild

best að vera skuldlaus og því er það fagnaðaeftir að svo sé um knattspyrnudeild Selfoss. Að því leyti er ástæða til að vera bjartsýnni en ella um áframhaldandi uppgang boltans á Selfossi.

Nú eru liðin fjögur ár síðan undirritaður tók að sér formennsku í knattspyrnudeildinni og hefur það verið skemmtilegur og gefandi tími. Í deildinni hefur blessunarlega um langt skeið verið rekið öflugt barna- og unglingsstarf og því hefur áhersla stjórnar lengst af legið á málefni meistaraflokks og 2. flokks. Það hefur samt verið hugsjón mín að deildin myndi starfa betur sem ein heild og hefur það orðið raunin á mörgum sviðum. Olísmótið er dæmi um verkefni sem deildin í heild getur áorkað og vona ég að hún geti í framtíðinni tekist samtaka á við fleiri slík verkefni. Það var einnig stórt hagsmunamál deildarinnar sem loks náðist að landa í höfn fyrir á þessu ári þegar deildin tók við rekstri og umsjón með íþróttavallarsvæðinu fyrir hönd félagsins. Öll framkvæmd leikja og móta hefur orðið einfaldari og einnig hefur loks skipast grundvöllur til að hafa starfsmann hjá deildinni sem hefði rekstur vallarins á sínum snærum auk þess að sinna málefnum deildarinnar í hlutastarfi. Við höfum einnig borið gæfu til að taka virkari þátt í starfi félagsins og mótun þess en þann þátt höfðum við vanrækt lengi. Nú liggur fyrir einn allra besta árangur liðs meistaraflokks Selfoss frá upphafi. Við getum verið stolt af því en um leið erum við þess fullviss að öll okkar lið eiga heima á meðal þeirra bestu á Íslandi og þangað stefnum við ótrauð. Okkur hefur lukkast að virkja frábæran hóp fólks til að ná langt á öllum sviðum í boltanum, en það er án efa lykkillinn að velgengni til framtíðar. Úr stjórn á þessum aðalfundi ganga undirritaður ásamt Margréti Ingþórsdóttur og er Margréti þakkað óeigingjarn starf í þágu deildarinnar. Stjórnin þakkar jafnframt samstarfið við þá fjölmörgu aðila sem allt og langt máli yrði að telja upp, sem starfað hafa í og með deildinni á tímabilinu. Vill undirritaður jafnframt nota tækifærið til að þakka skemmtilegt samstarf og óskar deildinni alls góðs á komandi árum.

Hermann Ólafsson formaður

Skýrsla minjaverndarsjóðs

Knattspyrnudeild Umf. Selfoss varð 50 ára 15. desember 2005. Um vorið það ár var Birni Inga Gíslasyni, fyrrverandi formanni og heiðursfélaga knattspyrnudeildar, falið að stýra nefnd sem skyldi minnast afmælisins. Björn kallaði til starfa með sér þá Bárð Guðmundarson, Einar Jónsson og Kristinn M. Bárðarson. Síðar bættist í hópinn Þorvarður Hjaltason.

Þann 18. desember bauð nefndin til glæsilegrar veislu á Hótel Selfossi þar sem myndarlegt afmælisrit var kynnt og sýndir nokkrir munir úr sögu knattspyrnunnar sem safnað hefur verið saman. Afmælisveislan var sérstaklega vel heppnuð og glæsileg í alla staði, enda voru gestir um tvö hundruð.

Í febrúar árið 2006 var sett upp sýningu á knattspyrnumunum í Miðgarði. Í allri þessari vinnu fann nefndin fyrir velvild og áhuga bæjarbúa á sögu deildarinnar. Afmælisritið skilaði góðum hagnaði og með stofnun minjaverndarsjóðs var stefnt að áframhaldandi starfi. Nefndarmenn vissu að til voru kvikmyndir teknar af Gísla Bjarnasyni, Marteini Sigurgeirssyni og fleirum. Því var ákveðið að gera DVD disk um sögu deildarinnar og byggðarinnar við Ölfusá. Þessi vinna reyndist umfangsmeiri en gert var ráð fyrir og

kostnaðasamari. En efnið var áhugavert svo að ekki var gefist upp, heldur leitað til aðila sem skildu það sem verið var að gera. Þeir bræður í SET, Bergsteinn og Örn voru fljótir að átta sig á eðli verkefnisins þegar til þeirra var leitað og veittu myndarlegan styrk til verksins. Þá var stærstu hindruninni rutt úr vegi, en verkefnið varð stærra og stærra. Það varð að vinna upp hljóð og tónlist. Aftur var leitað til gamalla Selyssinga, Gunnars Árnasonar hljóðmeistara (sem m.a. átti í fórum sínum gamlar upptökur með Lúðrasveit Selfoss) og Björgvins Valdimarssonar tónskálds. Ingólfur Þórarinsson tónlistarmaður lagði til lag, Ólafur Þórarinsson tók upp tónlist og Karlaþór Selfoss söng lokalag myndarinnar. Gunnar Sigurgeirsson og Gerður Óskarsdóttir lögðu nefndinni líka lið, með góðum ráðum og fagmannlegri vinnu við umslag/kápu disksins og vinnslu ljósmynda. Guðjón Arngrímsson las þulartexta, en yfirsniður hefur svo verið Marteinn Sigurgeirsson kvikmyndagerðarmaður. Þannig má með sanni segja að allt efni myndarinnar sé heimatilbúið.

Í maí í vor veitti Menningarnefnd sveitarfélagsins tvö hundruð þúsund króna styrk til verkefnisins. Myndin var svo frumsýnd tveimur dögum eftir skjálftann mikla, 29. maí. Fyrri sýningin var fyrir yngri kynslóðina, þar sem um 50 gestir voru mættir og seinni sýningin var kl. 18.00 og bíósalurinn var meira en troðfullur, líklega nær 160 gestir. Um kvöldið fjölmenntu knattspyrnufélagar í Hvíta húsið þar sem haldin var glæsileg knattspyrnuveisla í samstarfi Getraunaklúbbsins og deildarinnar. Fjölmargir aðilar lögðu þar hönd á plóg og var frumsýningunni og veislunni gerð góð skil í Tuðrunni sem út kom í júní í sumar. Nefndin vill þakka þeim fjölmörgu sem lögðu henni lið við þessa vinnu. Það hefur verið áhugavert að vinna þetta verkefni sem svo margir knattspyrnuáhugamenn og velviljaðir aðilar hafa komið að og stutt við. Þetta hefur verið gríðarleg vinna, að mestu leiti unnin í sjálfboðavinnu, en um leið ánægjuleg og gefandi. Knattspyrnudeildin er sterk félagsleg eining og það er mikill mannaúður sem býr í metnaðarfullu starfi deildarinnar.

Stjórn minjaverndarsjóðs

Skýrsla meistaraflokksráðs

Árangur Selfossliðsins í sumar er tvímælalaust einn sá besti sem Selyssingar hafa náð í fótbolta. Segja má að næstum því hvert sem litið er gagnvart fótboltanum, þá voru met slegin og múrar brotnir, lið sem ekki hefur tekist að vinna lengi, voru lögð, aldrei hafa fleiri komið á völlinn en í sum- ar og aldrei hafa áhorfendur haft jafn hátt. Síðast en ekki síst hafa aldrei fleiri stig komið í hús og þriðja sætið staðreind, en það er besti árangur frá upphafi.

Zoran Miljkovic var þjálfari Selfoss og Ómar Valdimarsson aðstoðarþjálfari. Trausti Hrafnsson var sjúkrapjálfari og Halldór Björnsson var markmannsþjálfari. Þeir Óskar Arilíusarson og Tómas Þóroddsson sáu svo um ytra skipulag. Undirbúningstímabilið var mjög gott. Farið var í vel heppnað keppnisferðalag til Isla Canela á Spáni. Þar var m.a. spilað við lið Ayamonte. Þjálfarar liðanna náðu ekki saman og flautaði dómari leiksins leikinn af í byrjun seinni hálfleiks eftir að leikmaður Spánverjana hafði fengið rauða spjaldið og allt sauð upp úr.

Í Lengjubikarnum voru leiknir fimm leikir. Gerðu Selyssingar jafntefli í tveimur og töpuðu þremur. Í Lengjubikar, æfingaleikjum á Spáni og á Íslandi fengu margir ung-



ir og efnilegir leikmenn að spreyta sig. Ekki er spurning að sú reynsla sem strákarnir fengu í vor og sumar á eftir að skila sér sumarið 2009.

Eins og fyrr var getið varð Selfoss í þriðja sæti 1. deildar með 46 stig, sem er 14 stigum meira en KA fékk, en þeir urðu í 4. sæti. Selfoss var svo einu stigi á eftir Stjörnunni og fjórum stigum á eftir ÍBV sem vann deildina. Í fyrri umferð fengu Selfyssingar 22 stig og í seinni umferð fengu þeir 24 stig. Heimavallarangur var frábær í sumar og eru Selfyssingar loksins búnir að gera Selfossvöll að sínum. Á heimavelli komu 31 stig og þar tapaðist ekki leikur. Á útivelli komu aðeins 15 stig í sumar og verður m.a. lögð áhersla á að laga það fyrir næsta ár.

Viðar Örn Kjartansson var eini leikmaðurinn sem lék alla 22 leiki liðsins í deildinni í sumar. Henning Eyþór Jónasson og Dusan Ivkovic léku báðir 21 leik og 20 leiki léku þeir Agnar Bragi Magnússon, Arilíus Marteinsson og Sigurður Eyberg Guðlaugsson. Þess má geta að Sigurður Eyberg var hvíldur í útleikjunum gegn Víking frá Ólafsvík og Fjarðarbyggð.

Í deildinni voru skorud 401 mark og skorudu Selfyssingar 54 mörk af þeim, sem verður að teljast mjög gott. En það gera 13,5% skoraða marka eða rúmlega áttunda hvert mark í 12 liða deild. Með góðum sóknarleik eignuðust Selfyssingar markakóng og það var að sjálfsögðu Sævar Þór Gíslason, en hann skoraði 17 mörk. Henning Eyþór Jónasson varð 4. markahæsti með 12 mörk, sem er frábært fyrir miðjumann.

Efnilegasti leikmaður deildarinnar, Viðar Örn Kjartansson varð svo í 9. sæti með 8 mörk. Það er frábært að hafa skorað þessi 54 mörk, en að sama skapi ekki nógu gott að fá á sig 36 mörk. Má benda á að KS/Leiftur féll og urðu þeir neðstir og fengu jafn mörg mörk á sig og Selfyssingar. Allt of miklar breytingar voru gerðar í vörninni á milli leikja. Vörnin var t.d. aðeins einu sinni skipuð sömu leikmönnum tvo leiki í röð. Alls voru 524 gul spjöld gefin í sumar og fengu Selfyssingar aðeins 48 þeirra. Aftur á móti fengu Selfyssingar 4 rauð spjöld af 41 sem gefin voru og fékk Ingólfur Þórarinnsson tvö af þeim þrátt fyrir að vera einn þrúðasti leikmaður sem spilað hefur í deildinni.

Á lokahófi Selfyssinga var Sævar Þór Gíslason valinn besti leikmaðurinn, ásamt því að vera sá markahæsti 2. árið í röð. Viðar Örn Kjartansson var valinn efnilegasti leikmaðurinn og Sigurður Eyberg Guðlaugsson sýndi mestu framfarinar. Á lokahófi fotbolta.net fyrir 1. deildina í fót-

bolta fékk Sævar Þór Gíslason viðurkenningu fyrir að vera markahæstur í deildinni. Þar var Viðar Örn Kjartansson valinn sá efnilegasti í 1. deildinni. Henning Eyþór Jónasson, Dusan Ivkovic og Sævar Þór Gíslason voru svo allir valdir í lið ársins.

Selfyssingar héldu áfram að hala inn landsliðsstrákum. Sigurður Eyberg Guðlaugsson, Viðar Örn Kjartansson og Stefán Ragnar Guðlaugsson voru allir valdir í u-19 ára landslið Íslands í haust. Eins voru þeir Guðmundur Þórarinnsson og Jón Daði Böðvarsson kallaðir í u-17 ára verkefni, en þeir léku báðir sinn fyrsta meistaraflokksleik í sumar. Guðmundur var svo valinn til að keppa með landsliðinu á Evrópumótinu.

Eins og áður sagði endaði liðið í 3. sæti árið 2008 með 46 stig. Þeir unnu 14 leiki, gerðu jafntefli í 4 leikjum og töpuðum 4 leikjum. Árangurinn 14-4-4, sem gera 46 stig úr 22 leikjum og eru það rúmlega 2 stig á leik.

Eftir tímabilið 2007 hurfu sex leikmenn á braut, þeir Andy Pew, Carl Clampitt, Craic Dean, Björn Aron Magnússon og Hallgrímur Jóhannsson. Njörður Steinarsson setti skóna á hilluna og tók til starfa í meistaraflokksráði Selfoss. Selfoss fékk sex leikmenn í staðinn. Henning Eyþór Jónasson og Agnar Bragi Magnússon höfðu komið sem lánsmenn árið áður, en skrifuðu nú undir samning. Gunnar Rafn Borgþórsson kom frá Aftureldingu og þeir Dusan Ivkovic og Boban Jovic komu með Zoran frá Serbíu. Þeir léku reyndar báðir á Íslandi árið áður. Jóhann Ólafur Sigurðsson kom aftur heim sem lánsmaður frá Fylki. Þegar leið á sumarið komu þeir Jón Guðbrandsson, Ásgeir B. Ásgeirsson, Arnar Þór Úlfarsson og Kristján Óli Sigurðsson. Allir spiluðu þeir einhverja leiki.

Að loknu frábæru knattspyrnusumri er ekki úr vegi að þakka öllum þeim sem eitthvað komu nálægt fótboltanum í sumar. Munum að það er hvert einasta smáatriði sem máli skiptir, hvort sem menn vinna ákveðið hlutverk á leikjum sumarsins, sjá um fjáröflun eða bara kíkja á eina og eina æfingu yfir sumartímann til að sína stuðning í verki. Það eru þeir aðilar sem eitthvað koma að starfinu sem gera umgjörðina öfluga. Umgjörðin er einmitt eitt af lykilatriðum þess að komast upp í úrvalsdeild. Hugsum sem úrvaldsdeildarlið og við verðum það.

Tómas Þóroddsson

Meistaraflokkur kvenna

Rúmlega 40 manns mættu á stofnfund meistaraflokks kvenna í knattspyrnu sem haldinn var 8. september 2008. Mætingin var framfar björtustu vonum stjórnar og undirbúningshóps um eflingu kvennaknattspyrnu á Selfossi. Tveir þjálfarar þjálfu meistaraflokksstelpurnar fyrsta kastið, þeir Guðjón Hálfðánarson og Guðmundur Sigmarsson. Þeir voru stelpunum að góðu kunnir og hafa verið helstu talsmenn um stofnun meistaraflokks kvenna. Á fundinum var einnig kosið í meistaraflokksráð, en það skipa: Auður Ólafsdóttir, Árný Steingrimsdóttir, Helga Þráinsdóttir, Sigríður Ágústsdóttir og Elvar Gunnarsson.

Stofnun meistaraflokks kvenna er mikil lyftistöng fyrir knattspyrnudeild Selfoss og stækkar hana um miklu meira en þá iðkendur sem bætast við. Það að halda úti meistaraflokki fyrir bæði kynin ætti að vera markmið hjá sem flestum deildum. Það er ekki bara að stelpurnar haldist lengur í íþróttinni, heldur og ekki síður mikilvægt að yngri stelpur eigi sér fyrirmynd í þeim sem eldri eru.

Skýrsla 2. flokks karla

Annar flokkur Selfoss sendi sameiginlegt lið með Árborg í Íslandsmótið í ár. Þetta var gert til að 2. flokks strákarnir gætu leikið með meistaraflokki Árborgar og fengið þannig aukna reynslu. Árangur hjá 2. flokki varð ekki eins góður og vonir stóðu til, þó svo að þeir hafi sýnt mjög flotta leiki á milli og m.a. unnið eitt besta lið landsins 4-0. Miklar vonir voru bundnar við strákana, sem unnu sig upp í B-deild síðastliðið haust með eftirminnilegum hætti. Leikmannahópurinn var óbreyttur hjá 2. flokki og var því hægt að stóla á sömu leikmennina tvö ár í röð. Strákarnir enduðu í 7. sæti deildarinnar með 19 stig. Þess má geta að í seinni umferð fengu þeir 14 stig. Samarið 2008 unnu þeir fimm leiki, gerðu fjögur jafntefli og töpuðu níu leikjum.

Guðjón Þorvarðarson byrjaði með liðið og var með það út júní, en fluttist síðan til Noregs. Úrslit leikja voru ekki eins og efni stóðu til. Reyndar áttu nokkrir lykilmenn við meiðsli að stríða. Kristján Óli Sigurðsson tók við þjálfun er Guðjón hélt til Noregs. Kristján Óli náði að brýna strákana betur og fóru stigin að tynast inn.

Á lokahófi knattspyrnudeildar voru veit verðlaun og var besti leikmaður ársins valinn Snorri Sigurðsson. Efnilegastur var Tómas Kjartansson og Viðar Örn Kjartansson var markahæstur. Alls léku 24 leikmenn leiki með 2. flokk í sumar og verður það að teljast ágætis veganesti fyrir næsta sumar.

Í haust var skrifað undir tveggja ára samning við Jón Pétur Róbertsson sem þjálfara 2. flokks. Jón Pétur er fæddur og uppalinn á Selfossi og fór þar í gegnum yngri flokkana. Hann hefur starfað við þjálfun og knattspyrnutengd verkefni síðan 1993. Mikill fengur er að fá jafn reynslumikinn mann og Jón Pétur til starfa fyrir félagið. Knattspyrnuakademía Íslands er starfrækt á Selfossi og kemur ráðning hans til með að styrkja það samstarf auk þess að styrkja allt það faglega starf, sem fyrir er á Selfossi.

Skýrsla 2. flokks kvenna

Í byrjun september 2007 var Guðmundur Sigmarsson ráðinn þjálfari 2. flokks kvenna. Um miðjan nóvember 2007 var síðan gengið frá ráðningu Guðjóns Bjarna Hálfðánarsonar, fyrrum þjálfara 3. flokks Hamars/Ægis, sem aðstoðarþjálfara 2. flokks kvenna.

Æfingar hófust um miðjan september eftir smá frí eftir erfttt sumar. Leikmannahópurinn skartaði 14 leikmönnum og sinntu 8-9 af þeim æfingum mjög vel. Þann 19. október 2007 hófst Faxaflóamótið og því lauk 4. apríl 2008. Stelpurnar fóru ekki mjög vel af stað í byrjun, þar sem þær töpuðu fyrstu þremur leikjunum. Þegar á leið óx þeim ásmegin, unnu þá leiki sem eftir voru, og enduðu í 3. sæti riðilsins. Þegar grasið fór að grænka og vorlyktin lék í loftinu fóru fleiri stelpur að tynast á æfingar. Leikmannahópurinn var þegar best lét 16 stelpur og æfðu 13 þeirra mjög vel. Íslandsmótið hófst 22. maí og því lauk 16. september. Allt tímabilið var mikill stígandi í liðinu og bætti það sig frá leik til leiks. Það sýndi sig best í því að liðið var í baráttu um að komast upp í A-riðil fram til síðasta leiks. Því miður voru hlutskipti okkar þetta árið að vera áfram í B-riðli 7 stigum frá efsta liðinu. Þrátt fyrir þetta var niðurstaðan alls ekki slæm. Liðið vann 6 leiki, gerði 2 jafntefli og tapaði 4 leikjum. Stelpurnar skorðu 37 mörk en fengum á sig 22. Þær stóðu sig ekki einungis vel í Íslandsmótinu heldur komust í 8. liða úrslit í Visa-bikarkeppninni, en féllum úr leik á útivelli eftir 2-0 tap á móti Þór/KA/Völsungi, sem endaði í 3. sæti A-riðils.

Þrátt fyrir miklar framfarir hjá öllum leikmönnum voru ákveðnir leikmenn sem sköruðu framúr og fengu verðlaun á lokahófi Umf. Selfoss. Besti leikmaður var valin Karen Kristjánsdóttir, mestu framfarir sýndi Lena Rut Guðmundsdóttir, Þóra Margrét Ólafsdóttir var með bestu ástundun og markahæsti leikmaðurinn var Katrín Ýr Friðgeirsdóttir. Þess má einnig geta að Katrín Ýr var valin í landsliðsúrtaf fyrir U19 ára landsliðið en komst því miður ekki í endanlegan hóp.

Þrátt fyrir langar og stangar æfingar var fundinn tími til þess að gera eitthvað skemmtilegt með liðinu. Farið var í alls konar leiki á æfingum, labbað upp á Esjuna, í óvissuferð o.fl. Þær uppkomur sem hópurinn var með fyrir utan æfingar skilaði sér í því að stelpurnar náðu að kynast mun betur og læra betur inn á hvor aðra. Út úr því kom betri liðsheild. Þessi þáttur í vinnu þjálfaranna á þessu tímabili er án efa grundvallarforsenda þess árangurs sem náðist á knattspyrnuvelliðum í sumar.

Guðjón B. Hálfðánarson og Guðmundur Sigmarsson

Skýrsla unglíngaráðs 2008

Á síðasta aðalfundi var Sveinbjörn Másson skipaður formaður unglíngaráðs. Eftir að Sveinbjörn var ráðinn til starfa í deildinni tók Olgeir Jónsson við formennskunni. Á aðalfundi deildarinnar var staðfest ný skipan stórnar unglíngaráðs sem er þannig skipuð: Formaður, Olgeir Jónsson, gjaldkeri, Helena Sif Kristinsdóttir, meðstjórnendur, Alma Sigurjónsdóttir, Arnheiður Ingibergsdóttir og Grímur Hergeirsson.

Starfið og æfingar

Vetrarstarf yngri flokka knattspyrnudeildar hófst um miðjan september. Boðið var uppá æfingar fyrir alla aldurshópa á grunnskólaaldri og jafnt framboð var af æfingum hjá báðum kynjum. Allir flokkar æfðu 3-4 sinnum í viku. Auk þess var boðið uppá æfingar fyrir börn á leikskólaaldri, svokallaðan Litla fótboltaskóla og voru æfingar hjá þeim einu sinni í viku síðastliðinn vetur. Í sumar voru æfingar hjá litla fótboltaskólanum tvær á viku.

Eftir að gervigrasið kom til sögunar höfum við getað



sent lið á haust Faxaflóamót til undirbúnings fyrir komandi átök. Lið úr 3. og 4. flokki karla og kvenna tóku þátt í því móti.

Í október var haldið innanhúsmót „Glitismótið“ í lðu. Á mótinu léku lið úr 5., 6. og 7. flokkum karla og kvenna. Heppnaðist það mót vel og var leikgleði leikmanna í fyrirrími.

Íslandsmótin innanhúss voru leikin í desember og janúar. Leikið var eftir Futsal reglum í fyrsta skipti, en þar er boltinn með aðra eiginleika en menn eiga að venjast, mörkin minni og reglurnar aðlagaðar að þessum breittu aðstæðum. Sá unglingaráð um tvo riðla sem leiknir voru á Selfossi. Fresta þurfti öðrum riðlinum vegna veðurs, þar sem lið af höfuðborgarsvæðinu treystu sér ekki yfir heiðina.

Sumarfótboltaskóli Toyota var haldinn þriðja sumarið í röð og hefur þátttakan aldrei verið meiri. Vel á annað hundrað krakkar tóku þátt í þeim námskeiðum sem boðið var upp á.

Veturinn var óvenju snjópungur og erfður knattspyrnu-mönnum til útiæfinga. Tóku þjálfarar og í unglingaráðsfólk eftir því að nokkur fækkun varð á æfingum þegar snjóþyngslin voru sem mest og veðrin sem verst. Sem betur fer eigum við þó hörkutól bæði í flokkum stelpna og stráka sem varla misstu úr æfingu á tímabilinu. Flestir skiluðu sér svo aftur til æfinga þegar fór að vora. Áhyggjuefni er hversu fáa innitíma knattspyrnudeildin hefur til ummráða yfir vetrarmánuðina.

Laugardaginn 14. september hélt unglingaráð glæsilega uppskeruhátíð í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Þar var keppnistímabilið gert upp og veitt verðlaun fyrir framúrskarandi árangur.

Framkvæmd leikja, þáttur foreldra

Yfir sumarmánuðina æfðu allir flokkar fjórum sinnum í viku ásamt því að keppa á ýmsum mótum. Leiknir voru 241 leikir á vegum KSÍ í sumar. Þá eru ótaldir leikir í öðrum mótum eins og Olísmótinu og fleiri mótum af því tagi. Má reikna með að rúmlega 200 leikir hafi verið leiknir á Selfossvelli, 112 á vegum KSÍ og um eða yfir 80 í öðrum mótum. Það gefur auga leið að margir verða að koma að svo viðamiklu starfi. T.d. þarf dómara til að knattspyrnuleikur geti farið fram. Hjá yngstu iðkendunum þarf einn dómara á hvern leik, en hjá unglíngunum þarf þrjá. Þakka ber öllum sem hafa aðstoðað við dómgæslu á tímabilinu, en oft er þetta vanþakklátt starf og starfsskilyrði erfið. Einnig er þarft að minnast á þátt foreldrar sem hafa starfað ótullega með þjálfurum að framgangi knattspyrnunar á Selfossi. Má þar

nefna hluti eins og að taka myndir, sjá um liðsstjórn, hugsa um búninga, skipuleggja fjáraflanir og ferðalög, skrifa greinar á heimsíðuna og síðast en ekki síst að mæta á leiki og hvetja barnið sitt og allt liðið.

Afreksfólk

Helstu afrek í sumar voru þau að 3. flokkur karla og 4. flokkur kvenna unnu sína riðla í Íslandsmótinu og komust í úrslit. 4. flokkur kvenna vann einnig B-liða keppnina á Síma-mótinu og 7. flokkur kvenna gerði sér lítið fyrir og vann Fossvogsmóti HK. 5. flokkur karla stóð sig vel á Akureyri og náði D-liðið í silfurverðlaun. Svo var Erna Guðjónsdóttir í 5. flokki valin besti leikmaðurinn á Pæjumótinu í Vestmannaeyjum, annað árið í röð. Til gamans má geta að Selfossstelpa hefur unnið þennan titil þrjú ár í röð því að á undan Ernu hlaut Guðmunda Brynja Óladóttir þennan eftirsóttta titil. Auk þess voru nokkur ungmenni á grunnskólaaldri valin til æfinga og jafnvel keppni í unglíngalandsliðum Íslands. Það voru þau Guðmundur Þórarinnsson, Jón Daði Böðvarsson, Ingvi Rafn Óskarsson, Íris Sværriddóttir, Guðmunda Brynja Óladóttir, Steinar Sigurjónsson og Karen Inga Bergsdóttir. Unglingaráð óskar öllum þessu afreksfólki til hamingju með glæsilegan árangur.

Olísmótið

Olísmótið skipar stóran sess hjá deildinni og ekki er nokkur spurnin að mótið er orðið eitt af stóru mótunum hér á landi. Tókst það vel í alla staði og var fjöldi þátttökuliða takmarkaður við 48. Undirbúningur mótsins var að mestu í höndum framkvæmdastjóra deildarinnar, Sveinbjörns Más-sonar. Vill unglingaráð koma á framfæri þakklæti til hans og allra þeirra fjölmörgu sem að mótinu komu. Margir lögðu þar hönd á plóg bæði sjálfboðaliðar og fyrirtæki. Án þess-ara aðila væri ekki hægt að halda svona glæsilegt mót.

Lokaorð

Síðasta haust ákváðu bæjaryfirvöld í Árborg að niðurgreiða æfingagjöld íþróttabarna í sveitafélaginu. Fyrir það ber að þakka og sýnir það vel skilning bæjaryfirvalda á gildi íþróttar og annarra heilbrigðra tómstunda. Það hefur sýnt sig að slíkar tómstundir auka félagslegt, líkamlegt og andlegt heilbrigði. Nú þegar krepur að er mikilvægt að barna- og unglíngastarf haldi dampi og öllum sé gert kleift að vera með.

Sverrir Geir Ingibjartsson



Á síðasta aðalfundi sunddeildar, sem haldinn var 14. mars 2008, voru eftirtalin kjörin í stjórn; Guðmundur Jóhannesson formaður, Guðbjörg Oddsdóttir ritari, Guðbjörg Árnadóttir gjaldkeri og Sigrún Sunna Skúladóttir og Steinunn Aradóttir meðstjórnendur. Varamenn voru kjörnir Ingibjörg Elfa Laugdal Stefánsdóttir, Arndís Harpa Einarsdóttir og Bryndís Jónsdóttir. Sigrún Sunna var síðan kjörin varaformaður og hefur einnig starfað sem ritari þar sem Guðbjörg Oddsdóttir flutti frá Selfossi s.l. vor. Sæti hennar í stjórn tók Ingibjörg Elfa Laugdal Stefánsdóttir.

Stjórnin hefur fundað 11 sinnum frá síðasta aðalfundi auk þess sem formaður hefur setið allmarga fundi aðalstjórnar Ungmennafélagsins, en í henni eiga sæti framkvæmdastjórn félagsins og formenn deilda. Aðalstjórn fundar alla jafna mánaðarlega. Þeim vettvangi er mjög þrytt að sinna.

Fyrirmyndarfélag

Ný stjórn lagði strax áherslu á að deildin fengi viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndardeild. Í því skyni var farið yfir starfsemi deildarinnar og gerð handbók sem er leiðarvísir um starf deildarinnar og þær reglur sem að starfsemi hennar lúta. Bent skal á að handbókin er aðgengileg á heimasíðu deildarinnar. Á aðalfundi Ungmennafélagsins, 15. maí s.l., fékk síðan deildin afhenta viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag og varð þar með önnur deildin/félagið á Suðurlandi til þess að hljóta þessa viðurkenningu. Sveitarfélagið Árborg og HSK styrktu deildina myndarlega af því tilefni og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Fjáraflanir

Fjáraflanir deildarinnar á árinu voru hefðbundnar. Deildin sá um kaffiveitingar á aðalfundi Ungmennafélagsins, götusópi var sinnt og flöskum safnað. Nokkur vinna hefur verið lögð í skipulagsbreytingar vegna flöskusafnana sem vonandi munu skila sér í léttari og fljótlegri vinnu. Auk þessa höfum við allmiklar tekjur af sölu auglýsingaskilta við sund-

laugina á Selfossi. Þá er ótalið ungbarnasundið sem skilar deildinni verulegum tekjum á ári hverju. Guðbjörg Bjarnadóttir sýnir deildinni þar mikla velvild og tryggð sem undirrituðum er bæði ljúft og skylt að þakka fyrir.

Þjálfaramál

Ekki urðu neinar breytingar á þjálfaramálum deildarinnar á árinu aðrar en þær að Bryndís Ólafsdóttir fór í fæðingarorlof að loknu AMÍ í lok júní. Hún eignaðist síðan tvíbura í júlí sem við óskum henni hjartanlega til hamingju með. Hrafnhildur Guðmundsdóttir hefur því sinnt þjálfun allra hópa síðari hluta ársins. Ekki er neinum blöðum um það að fletta að deildin er mjög gæfusöm að hafa innan sinna raða svo hæfa þjálfara sem þær mæðgur eru. Um það vitnar árangur iðkenda, en hver og einn einasti iðkandi hefur bætt sig á árinu. Einnig hefur það sýnt sig að hinn ungi iðkendahópur deildarinnar er mun lengra kominn í sund-íþróttinni en jafnaldrar þeirra víða annars staðar. Slíkur árangur næst ekki án góðra þjálfara.

Þjálfarar deildarinnar sóttu ráðstefnuna „Nordic Conference in Elementary Swimming Teaching“ sem haldin var á Selfossi í lok október. Um er að ræða norrænt námskeið fyrir þá sem vilja læra meira um það hvernig á að kenna byrjendum að synda. Kennarar frá öllum Norðurlöndunum hittast á tveggja ára fresti og bera saman bækur sínar. Slíkt getur verið bæði gagnlegt og fróðlegt fyrir sundþjálfara og sundkennara. Deildin fékk styrk úr verkefnasjóði HSK og afreksmannasjóði Árborgar og UMFS vegna þessa sem við þökkum hér með kærlega fyrir.

Magnús Tryggvason sá um kennslu á sundnámskeiði sem haldið var í júní.

Foreldrastarf

Íþróttastarf barna og unglinga á Íslandi byggir að verulegu leyti á samstarfi viðkomandi íþróttafélaga við foreldra iðkenda. Þrytt er að það sé eins gott og mögulegt er á hverjum tíma. Stjórn deildarinnar hefur reynt að bæta þetta,

m.a. með auknu upplýsingaflæði um starf deildarinnar til foreldra. Í haust var gefinn út bæklingur um vetrarstarfið sem dreift var til allra foreldra og heimasíðan hefur verið uppfærð reglulega auk þess sem miklum upplýsingum hefur verið bætt þar inn.

Á árinu voru eftirtaldir skipaðir í foreldraráð en það hefur ekki starfað áður innan deildarinnar; Berggrós Gísla-dóttir, Elín Hafsteinsdóttir og Helga Sigurðardóttir.

Iðkendum

Í janúar 2008 var fjöldi iðkenda 41 en fækkaði því miður heldur á árinu og í desember voru iðkendum 34 talsins. Auðvitað er miður að sundiðkendum skuli fækka. Á móti má segja að samheldni og félagslíf þeirra iðkenda sem eftir standa hefur aukist til muna. Auk þessa starfrækir sunddeildin sundskóla auk þess sem boðið var upp á sundnámskeið í júní s.l. Varðandi sundskólann vísast til skýrslu yfirþjálfara.

Það er von okkar í stjórn sunddeildarinnar að okkur takist að auka iðkendafjöldann á næstu árum en segjast verður eins og er að það er við ramman reip að draga gagnvart öðrum vinsælum íþróttagreinum. Það er líka okkar sjónarmið að halda ekki uppi samkeppni milli deilda um iðkendum heldur að börnin/unglingarnir finni sjálf hvaða íþrótt hentar þeim best. Okkar markmið er að búa þeim sem besta umgjörð og stuðla að félags-, and- og líkamlegum þroska hvers einstaklings.

Mót og ferðir

Sundmenn frá deildinni kepptu á 11 sundmótum, fjórum á Selfossi og þar af tveimur höldnum af sunddeildinni sjálfri. Þá sendum við 4 keppendur á Aldursflokkeistaramót Íslands í Reykjanesbæ. Tvær stúlkur náðu lágmarkum en þar sem Sundsamband Íslands leyfir félögum að senda 4 sundmenn hafi a.m.k. einn náð lágmarkum, var ákveðið að senda leyfilegan fjölda.

Farið var í hina hefðbundnu vorferð í Þrastarlund í vor þar sem farið var í leiki og grillað. Til stóð að fara til Vestmannaeyja í stað Þýskalandsferðar, en því miður varð að blása þá ferð af vegna veðurs. Þýskalandsferð var frestað um ár vegna þess að yfirþjálfari var langt gengin með tvíbura á þeim tíma. Yngsti hópurinn sem samanstendur af strákum fór í veiðiferð í Hvammsvík í Hvalfirði. Þá voru æfingabúðir að Borg í Grímsnesi í haust.

Félagslíf

Félagslíf innan deildarinnar hefur verið gott og farið vaxandi. Staðið hefur verið fyrir ýmsum viðburðum eins og skautuferð, pizzakvöldi, aðventuskemmtun, bingói o.fl. Þetta þjappar hópnum saman og er gaman að sjá hve hópnum kemur vel saman þrátt fyrir nokkurn aldursmun.

Áhaldakaup

Á árinu var fjárfest í þráðlausum hljóðnema til að nota við hátalarakerfi Sundhallarinnar, en slíkt er nauðsynlegt á sundmótum þannig að vel heyrist í kynni. Einnig voru keyptar dýnur sem notaðar eru við æfingar á sundlaugarbakkanum áður en farið er að synda á æfingum.

Félagsgallar

Sunddeildin stóð fyrir kaupum iðkenda á félagsgalla Ungmennafélagsins. Árvirkinn styrkti þau kaup með auglýsingu á göllunum og þökkum við kærlega fyrir þann stuðning.



Lokaorð

Á þessu ári stefnir sunddeildin að æfingaferð til Þýskalands með elsta iðkendahópinn. Farið verður til Rosenheim en þar æfði og keppti yfirþjálfari deildarinnar á árum áður og er því öllum hnútum kunnug. Ekki er að efa að þessi ferð verður mikil upplifun fyrir krakkana og mjög gott fyrir þau að fá að sjá og kynnst þeim aðstæðum sem þar eru. Guðbjörg Stefánsdóttir, fyrrum formaður sunddeildarinnar, tók að sér að hafa yfirumsjón með fjáröflun fyrir ferðina. Kunnum við henni hinar bestu þakkir fyrir.

Fjármögnun íþróttastarfs er ekki auðveld við þær aðstæður sem ríkt hafa í Þjóðfélaginu frá bankahruninu s.l. haust. Erfiðara er að fá styrki frá fyrirtækjum og auglýsingatekjur af skiltum gætu dregist saman. Þá er því ekki að leyna að samningur Ungmennafélagsins og Sveitarfélagsins Árborgar rýrir tekjur deildarinnar þar sem götusópið fellur niður þó styrkur vegna fyrirmyndafélags komi þar að nokkru á móti. Það er því nokkuð ljóst að sunddeildin verður rekin með tapi á þessu ári. Hins vegar erum við svo gæfusöm að eiga varasjóð þar sem deildin hefur verið rekin með hagnaði undanfarin ár.

Á árinu styrktu tveir einstaklingar deildina með fjáramframlögum. Helga Þórðardóttir, móðir Þórðar Gunnarssonar heitins fyrrum þjálfara Sunddeildarinnar, færði deildinni myndarlega fjárhæð að gjöf á minningarmóti Þórðar þann 1. nóvember s.l. Þá gaf Hafsteinn Þorvaldsson deildinni allnokkra fjárhæð í desember s.l. Ég vil fyrir hönd deildarinnar þakka þeim Helgu og Hafsteini fyrir þann mikla hlýhug sem að þau sýna starfi okkar og vona við berum gæfu til að nýta þessa fjármuni skynsamlega í þágu iðkenda okkar.

Undirritaður vill að lokum þakka stjórn og þjálfurum deildarinnar kærlega fyrir samstarfið sem hefur verið með eindæmum gott. Einnig Erni Guðnasyni, framkvæmdastjóra Ungmennafélagsins og Hansínu Kristjánsdóttur, bókara Ungmennafélagsins fyrir gott samstarf og góða vinnu á þágu Sunddeildarinnar.

Enn fremur ber að þakka iðkendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu.

Guðmundur Jóhannesson formaður



Þjálfaraskýrsla vegna ársins 2008

Iðkendafjöldinn fór úr 41 iðkanda í janúar niður í 34 í desember.

Sundmót

Sunddeild Selfoss fór með sundmenn sína á 11 sundmót. Fjögur mótanna voru á Selfossi og tvö þeirra haldin af sunddeildinni sjálfri. Við sendum fjóra keppendur á Aldursflokkeistaramót Íslands. Tvær stúlkur náðu lágmarkum, en þar sem Sundsamband Íslands leyfir félögum að senda minnst fjóra sundmenn, tók ég þá ákvörðun að bjóða þeim tveim sem höfðu mætt best á æfingar, að koma og synda á mótinu. Árangurinn kom skemmtilega á óvart. Árný Oddbjörg lenti í 7. sæti í 100m bringusundi við sinn besta tíma. Ólöf náði lágmarkum í fjórum greinum og lenti í 4. sæti í 100m flugsundi, 6. sæti í 100m skriðsundi, 8. sæti í 100m fjórsundi og 11. sæti í 100m baksundi. Hún bætti sig í öllum sundum. Njáll lenti einnig í 4. sæti í 100m skriðsundi og bætti sig. Hrólfur var svo óheppinn að þjófstarta í sínu sundi. Ég var mjög ánægð að stjórn sunddeildarinnar gaf leyfi sitt fyrir sérmerktum þæjubolum fyrir stelpurnar og fína t-boli fyrir strákana. Þetta kom sér mjög vel þar sem nýju búningar Umf. Selfoss komu ekki í verslun fyrir mótið.

Viðurkenningar

Gíslína Skúladóttir bætti sig mest á árinu eða um 35,33 sek í 100m skriðsundi. Ásgerður og Einar Þór bættu sig bæði um 23 sekúndur í 33m sundum. Fjórtán sundmenn bættu sig um meira en 10 sekúndur í 23 greinum. Þrettán sundmenn fengu viðurkenningu fyrir góða ástundun og dugnað fyrir árið sem miðast við að sundmaður mæti á 80% æfinga.

Ferðir

Í sunddeildinni er að myndast stór vinakjarni sem kallar á meira félagslíf. Farið var í hina hefðbundnu lautar- og grillferð í Þrastarlund í vor. Vestmannaeyjaferðin sem átti að koma í staðinn fyrir Þýskalandsferðina í júní var blásin af vegna ofsaveðurs. Þýskalandsferðinni var frestað vegna þess að undirrituð var barnshafandi af tvíburunum sínum.

Yngsti hópurinn sem saman stendur af strákum fór saman að veiða í Hvammsvík í Hvalfirði. Þetta mæltist vel fyrir þó svo að sumir hafi ekki verið svo heppnir að landa fiski. Æfingabúðirnar að Borg voru á sínum stað og sváfu þátttakendur í félagsheimilinu á Borg. Góð þátttaka var hjá sundmönnum og foreldrum sem er undirstaða þess að allt gangi snurðulaust fyrir sig.

Árangur

Tveir sundmenn náðu meira en 500 stigum á alþjóða stigatöflunni. Ólöf var stigahæst og fékk 532 stig fyrir 100m skriðsund og 531 stig fyrir 50m skriðsund. Árný kom fast á hæla hennar og fékk 518 stig fyrir 50m bringusund.

Sundskóli sunddeildar

Gerð var tilraun með sundskólann með það að markmiði að auka iðkendafjöldann. Undirrituð byrjaði haustið 2007 með sundskóla og tók bara inn ný börn fyrir jól. Þetta var gert til að reyna að ná því markmiði að útskrifa börn, 5 ára og eldri, með getu sem samsvarar getu 7 ára barna eða eldri sem klárað hafa skólaár í sundi. Ekki tókst að útskrifa alla með þessari getu, en nokkur börn náðu sömu getu og 8 ára börn. Eftir 6 mánaða kennslu var hætt með kennsluna þar sem þau börn sem eftir voru urðu að biðja aukins taugaproska svo samhæfingin leyfði áframhaldandi lærdóm. Átta börn af 20 héldu áfram í koparhóp. Tvö börn byrjuðu svo um haustið á eftir. Vonir stóðu til betri endurkomu en þessu kerfi mun verða haldið áfram í haust 2009 til að sjá hvort það borgi sig eða ekki. Ein ástæðan fyrir því að ákveðið var að taka ekki inn börn eftir jól er sú reynsla okkar að veikindi barnanna koma oft í veg fyrir góða mætingu þó svo þeim bjóðist að mæta í aðra tíma til að bæta upp tapið. Léleg mæting skilar lélegum árangri í sundkennslu sem við viljum ekki láta bendla okkur eða Sundskóla sunddeildarinnar við. Magnús Tryggvason tók að sér sundkennsluna við Sundskólann í júní.

Þjálfaraskipti urðu í september. Hrafnhildur Guðmundsdóttir þjálfari yngri flokkanna tók að sér að þjálfra gull- og silfurhópinn, en undirrituð hélt starfinu sem yfirþjálfari áfram.

Bryndís Ólafsdóttir yfirþjálfari



Taekwondodeild var stofnuð innan Umf. Selfoss í nóvember 2007. Formlega var tekið við rekstri deildarinnar af taekwondodeild Fjölnis um áramótin 2007-2008. Fram að þeim tíma var rekstur deildarinnar í höndum Magneu Kristínar Ómarsdóttur yfirþjálfara.

Þjálfun deildarinnar árið 2008 hvíldi mikið til á herðum Daníels Jens Péturssonar, vegna barneigna Magneu. Daníel Jens varð yfirþjálfari deildarinnar eftir að hann tók 1. dan prófið í mars. Er hann jafnframt fyrsti svartbeltingur Selfoss-deildarinnar. Magnea er yfirkennari og aðstoðarþjálfarar eru Arnar Bjarnason, Brynjólfur Ingvarsson og Aron Bragason.

Árið 2008 voru á milli 60 og 76 iðkendur sem stunduðu æfingar, sem er frábært fyrir svona nýja deild. Sýnir það að taekwondo er vaxandi íþróttargrein á Selfossi og í nágrenni. Samkvæmt félagatali voru félagar deildarinnar 127 í mars 2009 og erum við næst fjölmennastir innan SsangYong TaeKwon félaganna.

Okkar fyrsta verkefni á árinu var að halda TSH-bikarmót 2.-3. febrúar og tókst það mjög vel í alla staði. Er deildin komin með árvisst TSH-mót m.a. vegna góðrar skipulagningar. Við vorum með æfingar í sumar og var þátttakan

framar öllum vonum og nýjir iðkendur bættust í hópinn. Formaður og meðstjórnandi tóku þátt í vinnu Umf. Selfoss við að móta stefnu og markmið deilda innan UMFS. Eitt af fyrstu verkum deildarinnar var að koma af stað vinnu við handbók taekwondodeildar, en hún kom síðan út í febrúar 2009. Haustið byrjaði með hvelli þegar 37 nýir iðkendur mættu á æfingar fyrstu tvær vikurnar. Í dag er æfingum skipt upp í byrjendur og lægri belti og hærri belti. Æfingartímum var fjölgað og fleiri komu að þjálfun. Við fengum liðsinni frá SsangYong þegar Master Cesar 5. dan kom eina helgi í mánuði með æfingarbúðir og var mjög vel mætt á þær helgar. Í dag er Master Cesar í hverri viku hjá okkur til að leysa kíosaním Daníel af vegna æfinga hans með landsliðinu. Starf deildarinnar er í miklum blóma og rekstur er góður. Æfingaraðstaðan er þó orðin alltof lítil og við verðum að vona að framkvæmdir við sundlaugarbyggingu hefjist sem fyrst því okkur er lofað aðstöðu þar inni.

Árangur á mótum hér innanlands og utan var góður og keppendur voru hvarvetna til fyrirmyndar fyrir taekwondodeild Umf. Selfoss.

Ófeigur Ágúst Leifsson, formaður

Skýrsla yfirþjálfara

Brons á Norðurlandamóti

Alls fóru átta keppendur á Norðurlandamótið í Finnlandi og komust þrír Íslendingar á verðlaunapall. Daníel Jens Pétursson, sem er þjálfari taekwondodeildar Selfoss, lenti í 3. sæti í -78 kg flokki í sparring (bardaga). Þetta verður að teljast gríðarlega góður árangur og eykur enn á hróður taekwondodeildar Umf. Selfoss.

3 gull, 5 silfur og 3 brons á TSH-móti

Annað mót TSH-bikarmótaraðarinnar á tímabilinu 2007-8 fór fram helgina 2.-3. febrúar í íþróttahúsinu lðu á Selfossi. Alls tóku um 160 keppendur þátt frá 11 félögum. Mótið gekk frábærlega og eiga starfsfólk og dómamar hrós skilið fyrir það. Ingibjörg Erla Grétarsdóttir, Fjölni, var valin keppandi mótsins í fullorðinsflokkum og Aron Bragason, Selfossi, í barnaflokkum. Lið Selfoss stóð sig mjög vel á heimavelli og fengum við 3 gull, 5 silfur og 3 brons.

Gull og silfur á Íslandsmóti í taekwondo

Þann 15. mars var haldið Íslandsmeistaramót í Sparring (bardaga) og fóru fjórir keppendur frá Selfossi, Daníel Jens Pétursson þjálfari, Aron Bragason, Erlendur Jón Ingvarsson og Magnús Bjarki Þórlindsson á mótið. Aron gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari í -50 kg flokki. Daníel Jens þurfti að gefa úrslita bardagann í -80 kg flokki vegna meiðsla og hafnaði því í 2. sæti. Daníel var einnig valinn keppandi mótsins í Junior flokki. Erlendur náði sér ekki á strik og tapaði hann sínum fyrsta bardaga, en Magnús vann sinn fyrsta, en tapaði öðrum.

Fyrsti svartbeltingur taekwondodeildar

Þann 22. mars þreytti Daníel Jens Pétursson svart belti 1. dan í taekwondo. Einnig þreytti þjálfari Daniels, og yfirþjálfari taekwondodeildar, Magnea Kristín Ómarsdóttir (Fjölni), 2. dan próf, og stóðust þau bæði með mikilli þryði.

Daníel Jens er fyrsti nemandi taekwondodeildar Umf. Selfoss til þess að þreyta svartbeltispróf. Daníel byrjaði að æfa taekwondo á Selfossi í september 2003, sama ár og æfingar hófust á Selfossi.

Þriðja TSH-mótið

Þriðja og síðasta mót TSH-bikarmótaraðarinnar á tímabilinu 2007-2008 fór fram helgina 26.-27. apríl í íþróttahúsinu við Sunnubraut í Keflavík. Skráðir voru 231 keppendur frá 11 félögum sem er mesti keppendafjöldi sem hefur verið skráður á taekwondomót á Íslandi. Í barnaflokki -25 kg gerði Davíð Arnar Pétursson sér lítið fyrir og vann sinn flokk með miklum yfirburðum. Í minior lægri belti kvenna vann Salvör Ágústa Ófeigsdóttir sinn flokk. Þess má geta að Salvör er fyrsta stúlkan frá Selfossi sem hlýtur fyrstu verðlaun. Í junior karla hærra belti -65 kg vann Arnar Bjarnason sinn flokk og keppti til úrslita á móti samherja sínum frá Selfossi, Brynjólfi Ingvarssyni, sem hafnaði í 2. sæti. Í junior karla hærra belti +65 kg flokki vann þjálfari liðsins Daníel Jens Pétursson til gullverðlauna. Selfoss liðið náði 3. sæti í liðakeppninni, sem er mjög góður árangur.

1 gull, 1 silfur, 4 brons á fyrsta TSH-móti vetrarins

Sex keppendur frá taekwondodeild Umf. Selfoss unnu til verðlauna á fyrsta TSH-móti tímabilsins 2008-2009 sem fram fór á Akureyri. Úrslit urðu eftirfarandi: Arnar Bjarnason 1. sæti í sparring (léttari flokkur), Brynjólfur Ingvarsson 2. sæti í sparring (léttari flokkur) og Kristmundur Ólafsson 3. sæti í sparringi (léttari flokkur). Elín Linnea Ólafsdóttir og Karítas Gunnarsdóttir deildu þriðja sætinu í unglunga flokki kvenna. Þá varð Aron Bragason 3.-4. sæti í minior hærra belti.

Fyrsta HSK-mótið í taekwondo á Selfossi

Mótið var haldið á Selfossi 17. desember. Þátttaka var góð, enda íþróttin í mikilli sókn á Selfossi. Allir keppendur voru frá Selfossi.

Daníel Jens Pétursson yfirþjálfari



Reikningar

félags og deilda
2008

Framkvæmdastjórn Umf. Selfoss

Rekstrarreikningur 2008

	Skýr.	2008	2007
REKSTRARTEKJUR			
Tjónabætur		345.800	0
Lottó		2.391.179	1.800.730
Styrkir Árborg	1	35.486.000	23.966.000
Styrkir ýmis fyrirtæki.....		225.000	375.000
Auglýsingar á íþróttasíðu		315.000	36.000
Húsaleiga		0	214.001
Tekjur af íþróttu og tómstundaskóla		856.000	1.254.361
Sala búninga		222.547	256.460
Rekstrartekjur alls		39.841.526	28.472.552
REKSTRARGJÖLD			
Framlag til vallarstjórnar		0	1.277.000
Laun og launatengd gjöld	2	9.322.782	3.615.865
Styrkir til deilda	3	22.680.149	20.735.264
Verðlaunapeningar		12.700	0
Mótagjöld HSK		6.150	162.642
Kostnaður við íþróttu og tómstundaskóla		60.141	66.506
Rekstur skrifstofu	5	4.816.105	3.316.006
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	6	1.604.524	422.169
Birgðabreyting		187.529	(6.619)
Kostnaður v/búninga		9.000	42.469
Posaleiga v/samkeppnisreksturs		34.162	0
Annar kostnaður		94.409	1.188
Afskriftir		451.251	0
Rekstrargjöld alls		39.278.902	31.277.469
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		562.624	(2.804.917)
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur		1.514.502	944.125
Vaxtagjöld		(35.582)	(26.807)
Þjónustugjöld banka		(31.456)	(21.581)
Þjónustugjöld vísa/euro		(2.364)	(19.493)
Fjármagnstekjuskattur.....		(139.440)	0
		1.305.660	876.244
Hagnaður (tap) tímabilsins		1.868.284	(1.928.673)

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	2008	2007
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
Fasteignir		28.257.469	28.257.469
Ljósritunarvél		22.777	227.767
Tölvubúnaður		153.333	246.261
Fastafjármunir alls		28.433.579	28.731.497
VELTUFJÁRMUNIR			
Íþróttavörubirgðir		415.040	602.569
Viðskiptakröfur		51.909	95.471
Fjármagnstekjuskattur		0	94.409
Handbært fé	7	12.290.590	11.812.787
Veltufjármunir alls		12.757.929	12.605.626
Eignir samtals		41.191.508	41.337.123
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé		35.063.998	36.992.671
Tekjuafgangur ársins		1.868.284	(1.928.673)
Eigið fé alls		36.932.282	35.063.998
SKAMMTÍMASKULDIR			
Ógr. lífeyrissjóður		104.200	0
Ógr. félagsgjöld		21.454	0
Uppgj.reikningur virðisauka		(128.319)	(126.220)
Viðskiptaskuldir		4.261.891	6.399.345
Skammtímaskuldir alls		4.259.226	6.273.125
Skuldir og eigið fé samtals		41.191.508	41.337.123

Framkvæmdastjórn Umf. Selfoss

Skýringar

1. Styrkir frá Sveitarfélaginu Árborg

Styrkúthlutun v/forvarna.....	106.000
Styrkir íþróttasalurinn Gagnheiði.....	600.000
Styrkur íþróttavöllurinn.....	12.600.000
Aukafjárveiting v/íþróttavallar	580.000
Styrkur í afreksmannasjóð.....	2.200.000
Æfingaaðstaða utan Árborgar	2.000.000
Rekstrarstyrkur	11.400.000
Styrkur v/íþrótt- og tómstundaskóla	3.000.000
Styrkur v/jólasveina og þrettánda.....	3.000.000
Styrkir bæjarfélag alls	35.486.000

2. Laun og launatengd gjöld

Laun	6.457.160
Verktakagreiðslur	215.386
Vallarstjórn jan - apríl	1.202.250
Tryggingagjald	393.997
Lífeyrissjóður 8%	660.648
Orlofs- og sjúkrasjóður	53.741
Bifreiðastyrkir.....	339.600
Laun og launatengd gjöld	9.322.782

3. Styrkir til deilda

Lottó	2.391.179
Æfingar utan Árborgar	881.500
Gagnheiði - Júdíódeild	600.000
Íþróttasvæði Vallarstjórn	13.180.000
Styrkir úr afreksmannasjóði	2.720.000
Skattur til HSK	428.097
Styrkir v/barna- og ungl.starfs	2.479.373
Styrkir til deilda alls	22.680.149

5. Rekstur skrifstofu

Sími - ADSL - Sýn	252.983
Netþjónusta	375.593
Ritföng, pappír o.fl.	70.057
Rekstur ljósritunarvélar	89.915
Gjaldfærð skrifstofuáhöld	38.900
Ógreitt tryggingagjald.....		141	
Skammtímaskuldir alls		23.128	
Skuldir og eigið fé samtals		1.101.442	

Skýringar

1. Laun og verktakgreiðslur

Laun þjálfara.....	533.056
Tryggingagjald.....	33.700
Lífeyrissjóður.....	25.763
Bifreiðastyrkir þjálfara.....	141.485
Laun og verktakagr. alls	734.004

2. Áhöld og tæki

Búningar.....	348.740
Keyptar bækur og diskar.....	244.000
Önnur áhöld.....	248.051
Áhöld og tæki alls	840.791

3. Þátttaka í mótum

Gisting.....	12.600
Uppihald.....	10.340
Annar ferðakostn. innanlands.....	8.001
Flug.....	56.890
Þátttökugjald.....	100.000
Dómgæslugjald.....	20.000
Sjúkrakostnaður.....	8.486

Þátttaka í mótum alls 216.317

1. kafli – Um Umf. Selfoss

1. grein

Félagið heitir Ungmennafélag Selfoss, skammstafað Umf. Selfoss og hefur aðsetur sitt á Selfossi í sveitarfélaginu Árborg á Suðurlandi.

2. grein

Merki félagsins er skjaldarmerki með breiðum útlögum í vinnu og hvítum lit. Innan í koma orðin UMF. Selfoss, 1936.

3. grein.

Keppnisbúningur og æfingabúningur félagsins skal vera í vinnu og hvítum aðallitum með hvítri áletrun og merki félagsins í vinstri barmi. Hverri deild innan félagsins er heimilt að útfæra ofangreinda aðalliti á keppnisbúningum að eigin vild, en þó fá staðfestingu aðalstjórnar. Heimilt er hverri deild að setja á aðra búninga en keppnisbúninga, táknmerki viðkomandi deildar og stofnár.

2. kafli – Markmið Umf. Selfoss

4. grein.

Markmið félagsins eru:

- Að auka áhuga á íþróttaiðkun og líkamsrækt.
- Að standa fyrir öflugum og faglegum íþrótt- og félagsstarfi, sérstaklega meðal barna og unglinga.
- Efla keppnis- og afreksíþróttir.
- Að vinna gegn tóbaksreykingum, neyslu áfengis og annarra skaðnautna.
- Að vinna að markmiðum og stefnuskrá íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands með kjörorðunum „ÍSLANDI ALLT“.

5. grein.

Umf. Selfoss er aðili að Héraðssambandinu Skarphéðni (HSK), sem er aðili að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍÓÍ) og Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ).

3. kafli – Félagar

6. grein.

Félagið er myndað af einstaklingum sem mynda deildir um iðkun viðurkenndrar íþróttgreinar eða annarrar starfsemi sem samrýmist markmiðum ungmenna- og íþróttafélagshreyfingarinnar og hafa sameiginlega aðalstjórn, sem er æðsti aðili félagsins milli aðalfunda.

7. grein.

Félagi getur hver sá orðið sem æskir þess og greiðir árgjald. Heimilt er að skrá sig í fleiri en eina deild. Hægt er að gerast félagi í Umf. Selfoss án þess að ganga í deild innan félagsins og skulu þeir einstaklingar heyra undir aðalstjórn. Félagar skuldbinda sig til að fara að lögum félagsins, hlíta keppnisreglum og vera félaginu til sóma hvarvetna sem þeir koma fram á vegum eða fyrir hönd félagsins. Aðalstjórn er heimilt að víkja félagi úr félaginu hafi hann

brotið gegn lögum félagsins eða áliti hún framkomu hans eða gjörðir að öðru leyti vítaverðar.

8. grein.

Heimilt er að afla styrktarfélaga sem hafa öll sömu réttindi og aðrir félagar. Ákveða skal félagsgjald styrktarfélaga til deilda á aðalfundi viðkomandi deildar en til aðalstjórnar á aðalfundi Umf. Selfoss.

9. grein.

Árgjald félaga skal vera það sama hjá öllum deildum og ákveðið á aðalfundi Umf. Selfoss.

4. kafli – Deildir

10. grein.

Deildir skulu standa fyrir iðkun og eftir atvikum æfingum og keppni í viðurkenndum íþróttgreinum skv. skilgreiningu ÍÓÍ eða annarri starfsemi sem samrýmist markmiðum íþrótt- og ungmennafélaganna. Framkvæmdastjórn skal halda sérstaka skrá yfir þær deildir sem starfandi eru innan félagsins hverju sinni. Skráin skal staðfest á aðalfundi. Til þess að deild teljist starfhæf skulu að jafnaði a.m.k. 20 félagar viðkomandi deildar hafa greitt félagsgjöld.

Komi fram skrifleg umsókn frá a.m.k. 20 sjálfráða einstaklingum um stofnun nýrrar deildar innan félagsins, skal aðalstjórn félagsins standa fyrir stofnundi nýrrar deildar samkv. 13. gr. laga félagsins og leggja síðan fyrir næsta aðalfund félagsins til samþykktar. Aðalstjórn getur þó veitt nýrri deild bráðabirgðaráðild fram að næsta aðalfundi.

11. grein.

Hver deild innan félagsins hefur sér stjórn og fjárhag. Stjórn hverrar deildar félagsins skal skipuð þrem til sjö mönnum; formanni, gjaldkera og ritara sem kjörnir eru sérstaklega á aðalfundi viðkomandi deildar og allt að fjórum meðstjórnendum. Deildarstjórn ákveður verkaskiptingu meðstjórnenda á fyrsta stjórnarfundum. Kjörtímabil deildarstjórna er á milli aðalfunda viðkomandi deilda. Skyld er að halda stjórnarfundum reglulega. Halda skal sérstaka gjörðabók um stjórnarfundum og senda afrit fundargerða til framkvæmdastjórnar.

Heimilt er að stofna unglingarád innan deilda sem skal sérstaklega sjá um og vinna að eflingu starfsins hjá börnum og unglingum. Unglingaráð starfar á vegum stjórnar deildarinnar og skal kosið í það á aðalfundi deildar eða skipun þess staðfest á aðalfundi. Deildirnar skulu setja sér nánari reglur um skipun, starfshætti og starfsemi unglingaráðs. Halda skal fjárhag unglingaráðs aðskildum frá öðrum fjárhag deildarinnar en áætlanir og ákvarðanir um fjáraflanir og ráðstöfun fjármuna skulu hljóta samþykki deildarstjórnar, og lúta að öllu leyti sömu skilmálum og gilda um fjármál deilda, sbr. m.a. ákvæði 13. greinar laga þessara.

12. grein.

Stjórnir deilda skulu framfylgja samþykktum aðalfunda deilda og ráða daglegum rekstri þeirra, þar á meðal ráða þjálfara og ákveða laun þeirra. Hver deild skal halda nákvæmt félagi- og iðkendatal samkvæmt lögum og reglum UMFÍ og ÍÓÍ. Hver deild skal skila aðalstjórn félagatali sínu fyrir 30 janúar ár hvert.

Rekstur deilda skal vera hallalaus á hverju ári. Aðalstjórn skal setja verklagsreglur um fjárfreiður og bókhald félagsins og deilda þess og skal framkvæmdastjórn hafa eftirlit með því að þeim sé fylgt. Aðalfundur deildar skal samþykka fjárhagsáætlun sem þarf að fá staðfestingu aðalfundar félagsins til að öðlast gildi. Deildum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga umfram fjárhagsáætlun nema með samþykki framkvæmdastjórnar.

Hver deild aflar fjár til sinnar starfsemi og hefur tekjur af:

- Árgjöldum deildar.
- Æfingagjöldum.
- Styrktarfélagsgjöldum.
- Ágóða af íþróttamótum viðkomandi deilda.
- Lottótækjum skv. skiptareglum og öðru fjármagni til skipta.
- Öðrum tekjuöflunarleiðum sem ekki rekast á við starf annarra deilda.

Deildarstjórn skal halda skýrslu um starf deildarinnar sem lögð skal fyrir aðalfund deildarinnar og afhent aðalstjórn til birtingar í ársskýrslu félagsins.

13. grein.

Aðalfundir deilda félagsins skulu vera haldnir eigi síðar en 31. mars fyrir liðið starfsár. Knattspyrnudeild skal þó heimilt að halda aðalfund á starfsárinu, eftir lok keppnistímabils að hausti, en þó eigi síðar en 15. nóvember og skal þá leggja fram níu mánaða milliuppgjör. Knattspyrnudeild er samt sem áður skylt að leggja fram endurskoðaðan ársreikning a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund félagsins.

Atkvæðisrétt á aðalfundi deildar hafa allir félagar deildarinnar, enda hafi þeir greitt öll lögboðin gjöld. Kjörgengir eru þó aðeins félagar deildarinnar sem náð hafa 15 ára aldri, nema til formanns og gjaldkera verða þeir að vera 18 ára. Til aðalfundar deilda skal boðað með viku fyrirvara með auglýsingu í staðarblöðum og er hann löglegur sé löglega til hans boðað. Stjórn skal leggja fyrir aðalfund fjölfaldaða ársskýrslu, ársreikninga og fjárhagsáætlun.

Dagskrá aðalfunda deilda skal vera sem hér segir:

- Formaður deildarinnar setur fundinn.
- Kosinn fundarstjóri.
- Kosinn fundarritari.
- Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
- Formaður leggur fram ársskýrslu deildarinnar.

Lög Ungmennafélags Selfoss

- Gjaldkeri leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga, sem síðan eru bornir undir atkvæði.
- Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til afgreiðslu.
- Stjórnarkjör:
 - Kosinn formaður.
 - Kosinn gjaldkeri
 - Kosinn ritari.
 - Kosnir meðstjórnendur, eftir ákvörðun fundarins.
- Önnur mál.

Á aðalfundi deilda ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála. Kosning deildarstjórna skal vera skrifleg, ef þurfa þykir. Ef atkvæði eru jöfn skal kosið bundinni kosningu og fáist enn ekki úrslit skal hlutkesti ráða.

14. grein.

Vanræki einhver deild að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal framkvæmdastjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

5. kafli – Aðalfundur Umf. Selfoss

15. grein.

Aðalfundur Umf. Selfoss fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Til aðalfundar skal boða með bréfi til stjórna allra deilda félagsins og auglýsinga í staðarblöðum með tveggja vikna fyrirvara og er hann löglegur ef löglega er til hans boðað. Allir félagar 16 ára og eldri hafa kjörgengi til aðalfundar og 18 ára og eldri til stjórnarstarfa í aðalstjórn. Allir félagar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins og deilda þess. Aðalstjórn skal leggja fyrir aðalfund fjölfaldaða ársskýrslu félagsins, ársreikninga og fjárhagsáætlun næsta árs.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa eftirtaldir félagar:

- Framkvæmdastjórn félagsins.
- Formenn allra deilda félagsins.
- 43 fulltrúar deilda, sem kosnir eru á aðalfundi þeirra eða stjórn deilda tilnefni skv. ákvörðun aðalfundar deildarinnar, í réttu hlutfalli við iðkendur hverrar deildar á aldrinum 6 til 16 ára. Við ákvörðun hverjir séu iðkendur skal miðað við að iðkun sé regluleg, a.m.k. einu sinni í viku yfir tímabil sem sé að lágmarki 3 mánuðir á almanaksárinu, skv. skráningu í félagaskráningakerfinu Felix.

Hver félagi getur aðeins farið með eitt atkvæði.

Hafi deild ekki haldið aðalfund eða sent fullgilt félagatal til aðalstjórnar á tilsettum tíma, eða ársreikningar deildar eru ekki samþykktir á aðalfundi hennar missa allir fulltrúar deildarinnar atkvæðisrétt á aðalfundi Umf. Selfoss.

Dagskrá aðalfundar Umf. Selfoss skal vera sem hér segir:

Formaður setur fundinn. Kosinn fundarstjóri og einn til vara. Kosinn fundarritari og einn til vara. Kosin þriggja manna kjörbréfanefnd. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar. Formaður flytur ársskýrslu félagsins. Gjaldkeri leggur fram reikninga til samþykktar. Lagt fram álit kjörbréfanefndar. Umræður um skýrslu formanns og gjaldkera og reikningar félagsins bornir upp til samþykktar. Ávörp gesta. Tillögur lagðar fyrir fundinn. Verðlaunaafhending og lýst kjöri íþróttakarls og íþróttakonu Umf. Selfoss. Kaffihlé. Umræður og afgreiðsla tillagna. Lagabreytingar. Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun aðalstjórnar til samþykktar og deilda til staðfestingar. Ákveðin árgjöld félagsins og deilda Stjórnarkjör:

- Kosinn formaður.
- Kosinn gjaldkeri.
- Kosinn ritari.
- Kosnir tveir meðstjórnendur
- Kosnir 2 skoðunarmenn og tveir til vara.
- Kosning í jóla- og þrettándanefnd. Önnur mál.

Heimilt er fundarstjóra að færa til dagskrárlíði með samþykki fundarins.

16. grein.

Á aðalfundi félagsins ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála. Kosningar skulu vera skriflegar ef þurfa þykir. Séu atkvæði jöfn skal kjósa bundinni kosningu um þá menn að nýju. Verði atkvæði þá enn jöfn skal hlutkesti ráða.

17. grein.

Reikningsár félagsins og deilda þess er almanaksárið.

6. kafli. – Aðalstjórn og framkvæmdastjórn

18. grein.

Framkvæmdastjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, gjaldkeri, ritari og tveir meðstjórnendur sem kjósa skal á aðalfundi félagsins ár hvert og mega þeir ekki einnig vera formenn deilda félagsins. Framkvæmdastjórn fer með hlutverk aðalstjórnar milli aðalstjórnarfunda.

19. grein.

Framkvæmdastjórn og formenn allra starfandi deilda, eða annar stjórnarmaður í föllum fomanns, skipa aðalstjórn Umf. Selfoss. Aðalstjórn Umf. Selfoss fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála í aðalstjórn. Fyrsta fund aðalstjórnar skal boða innan 15 daga frá aðalfundi félagsins. Aðalstjórn skal að jafnaði funda mánaðarlega og skulu aðalstjórnarfundir tímasettir fyrir

allt árið á fyrsta fundi eftir aðalfund. Halda skal sérstaka gjörðabók um aðalstjórnarfundi.

20. grein.

Aðalstjórn félagsins ber að framfylgja samþykktum aðalfundar, koma fram fyrir hönd félagsins, efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Hún hefur umráðarétt yfir öllum eignum félagsins og ræður starfsemi þess í aðalatriðum í samráði við deildarstjórnir. Alla sjóði félagsins skal ávaxta í banka eða sparisjóði. Kaup og sala fasteigna félagsins er bundin aðalfundarsamþykkt. Aðalstjórn tekur ákvörðun um skiptingu fjármagns sem félagið hefur aflað og staðið sameiginlega að. Heimilt er aðalstjórn og framkvæmdastjórn félagsins að skipa nefndir sem hún telur þörf á.

7. kafli – Heiðursviðurkenningar

21. grein.

Aðalfundur getur kosið heiðursfélag Umf. Selfoss hvern þann sem unnið hefur afbragðs starf í þágu félagsins og er það æðsti heiður sem félagið veitir. Til kosningar heiðursfélaga þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Heiðursfélag skal afhentur heiðursfélagafáni Umf. Selfoss með áletruðu nafni. Heiðursfélagar eru undanþegnir öllum gjöldum til félagsins.

22. grein.

Eftirtaldir viðurkenningar skulu veittar eftir ákvörðun aðalstjórnar Umf. Selfoss:

- Björns Blöndal bikar skal veittur þeim manni eða konu innan félagsins eða utan, sem unnið hefur félaginu vel.
- UMFI bikarinn, „deild ársins“. Bikarinn er veittur fyrir mesta félagslega starfið. Aðal- og framkvæmdastjórn er heimilt að veita merki félagsins fyrir gott starf í þágu félagsins.

23. grein.

Deildir félagsins velja íþróttakar og íþróttakonu ársins hver í sinni deild, setja reglur þar um og veita verðlaun. Deildir skulu skila tilnefningum íþróttakarls og íþróttakonu Umf. Selfoss til aðalstjórnar eigi síðar en 31. desember. Með tilnefningum fylgi greinargerð um íþróttalegan árangur á árinu.

Aðalstjórn félagsins skipar fimm manna valnefnd sem skal útnefna íþróttakar og íþróttakonu Umf. Selfoss. Hljóta þau til varðveislu farandgrip í eitt ár og að auki staðfestingargrip til eignar. Til greina koma eingöngu þeir sem tilnefndir hafa verið af deildum félagsins auk þeirra sem hafa náð framúrskarandi árangri þar sem ekki er starfandi deild.

Við valið skal tekið mið af eftirfarandi:

- Alþjóðlegur árangur, landsárangur og árangur á héraðsvísu.
- Íþróttakar og íþróttakona Umf. Selfoss þurfa að hafa náð 14 ára aldri.
- Stöðu viðkomandi íþróttgreinar.

8. kafli – Slit Umf. Selfoss

24. grein.

Ef félagið verður lagt niður verða eigur þess afhentar íþróttá- og tómstundanevnd Árborgar til varðveislu.

9. kafli – Lagabreytingar og gildistaka

25. grein.

Lögum þessum má eingöngu breyta á lög-
mætum aðalfundi félagsins og þarf til þess
2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur til
breytinga á lögum félagsins skal senda
aðalstjórn eigi síðar en viku fyrir aðalfund
og skulu þær vera undirritaðar af flutn-ings-
mönnum. Framkvæmdastjórn skal senda
stjórnnum deilda tillögur til lagabreytinga
til kynningar a.m.k. 4 dögum fyrir aðal-
fund. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi

tillögur til breytinga á lögum félagsins,
sem síðar koma fram, ef það er samþykkt
með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

26. grein.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru jafn-
framt eldri lög félagsins úr gildi fallin.

*Samþykkt á aðalfundi Umf. Selfoss hinn 15.
maí 2008.*

Formenn Umf. Selfoss frá upphafi

1936	Vernharður Jónsson	1955	Hafsteinn Sveinsson	1983	Gunnar Kristjánsson
1937	Björn Blöndal Guðmundsson	1956-1958	Enginn kosinn, en Kristján Guðmundsson stýrði.		Bárður Guðmundsson tók við á miðju ári.
1938-1942	Grímur Thorarensen	1959	Grímur Thorarensen	1984-1989	Björn Gíslason
1943	Sigfús Sigurðsson	1960-1961	Enginn kosinn.	1990-1991	Elínborg Gunnarsdóttir
1944-1945	Leifur Eyjólfsson	1962	Hafsteinn Þorvaldsson	1992-1995	Gísli Á. Jónsson
1946	Arnold Pétursson kosinn en þaðst lausnar. Guðmundur Jónsson tók við.	1963	Hörður S. Óskarsson	1996	Gísli Á. Jónsson
1947	Leifur Eyjólfsson	1964	Sigfús Sigurðsson		Þórður G. Árnason tók við á miðju ári.
1948	Helgi Ólafsson	1965-1969	Kristján S. Jónsson	1997-1998	Þórður G. Árnason
1949-1952	Guðmundur Geir Ólafsson	1970-1976	Hörður S. Óskarsson	1999-2003	Sigurður Jónsson
1953-1954	Árni Guðmundsson	1977-1979	Sigurður Jónsson	2004-2007	Þórir Haraldsson
		1980-1982	Sigmundur Stefánsson	2008-	Axel Þór Gissurarson

Björns Blöndal bikarinn

2008	Þröstur Ingvarsson	1988	Aðalbjörg Hafsteinsdóttir
2007	Jóhannes Óli Kjartansson	1987	Sveinn Á. Sigurðsson
2006	Ragnheiður Thorlacius	1986	Ingvar Gunnlaugsson
2005	Sigríður Jensdóttir	1985	Bárður Guðmundsson
2004	Bergur Guðmundsson	1984	Sigmundur Stefánsson
2003	Stefán Ólafsson	1983	Sigurður Jónsson
2002	Guðrún S. Þorsteinsdóttir	1982	Sigurður Ingimundarson
2001	Ólafur Ragnarsson	1981	Guðmundur Kr. Jónsson
2000	Gylfi Þorkelsson	1980	Kristján Jónsson
1999	Þórarinn Ingólfsson	1979	Björn Gíslason
1998	Ólafur Sigurðsson	1978	Þórður Gunnarsson
1997	Svanur Ingvarsson	1977	Hörður Óskarsson
1996	Guðmunda Auðunsdóttir	1976	Páll Lýðsson
1995	Garðar Gestsson		
1994	Einar Jónsson		
1993	Þórður G. Árnason		
1992	Guðmundur Kr. Ingvarsson		
1991	Gunnar Guðmundsson		
1990	Smári Kristjánsson		
1989	Gísli Á. Jónsson		

Bikarinn var gefinn af eftirlifandi systkin-
um Björns Blöndal, þann 27. nóvember
1976. Bikarinn skal veittur þeim einstak-
lingi innan félagsins eða utan sem hefur
unnið félaginu vel. Um bikarinn segir í
ársskýrslu Umf. Selfoss 1976:

„Sýning var haldin á verðlaunagripum fél-
agsins og nýttkominni afmælisbók og
tókst sýning þessi vel. Þá gerðist það á
sýningu þessari, að eftirlifandi systkini
Björns Blöndal gáfu félaginu sérstakan
HEIÐURSBIKAR - Björns Blöndal bikarinn
- sem veita skyldi árlega (farandgripur):
1. Þeim manni eða konu innan félagsins
eða utan - virkur í starfi og sem að dómi
stjórnar og deilda hefur unnið félaginu vel.
2. Gefendur bjóðast til að láta lettra á bik-
arinn nafn þess sem hlýtur hann ár hvert
næstu 5 árin – eða til ársins 1981. Þá hlýtur
og sá hinn sami heiðurspening til eignar.
Um þetta sér Lárus Blöndal, bókaverslunin
Skólavörðustíg 2, Reykjavík.
3. Afhenda skal bikarinn 7. des. ár hvert
(afmælisdag Björns heitins).“

UMFÍ bikarinn – Deild ársins

2008	Knattspyrnudeild - Fyrir eflingu kvennaknattspyrnu og Fyrirmyndar- deild ÍSÍ	2004	Knattspyrnudeild – v/yngrí flokka	1996	Sunddeild
2007	Fimleikadeild - Fyrirmyndardeild ÍSÍ	2003	Handknattleiksdeild – Fyrir gott félagsstarf	1995	Knattspyrnudeild
2006	Handknattleiksdeild - Fyrir stofnun handboltaakademíu og gott barna- og unglíngastarf.	2002	Fimleikadeild		
2005	Sunddeild - Fyrir gott starf við heima- síðuna og barna- og unglíngastarf.	2001	Knattspyrnudeild		
		2000	Frjálsíþróttadeild		
		1999	Knattspyrnudeild		
		1998	Knattspyrnudeild		
		1997	Fimleikadeild		

UMFÍ-bikarinn er veittur þeirri deild sem
sýnir mesta félagslega starfið innan Umf.
Selfoss. Bikarinn var gefinn af Ungmennafélagi Íslands á aðalfundi Umf. Selfoss 26.
febrúar 1996. Kom hann í stað Hafsteins-
bikarsins sem var tekinn úr umferð þá.

Viðurkenningar

Hafsteins bikarinn

Handhafar Hafsteins bikarsins frá upphafi:	1986 Frjálsíþróttadeild	1977 Knattspyrnudeild
1994 Körfuknattleiksdeild	1985 Handknattleiksdeild	1976 Sunddeild
1993 Fimleikadeild	1984 Frjálsíþróttadeild	
1992 Handknattleiksdeild	1983 Sunddeild	
1991 Frjálsíþróttadeild	1982 Knattspyrnudeild	Hafsteins-bikarinn var veittur þeirri deild sem sýndi mesta félagslega starfið. Bikarinn gaf Hafsteinn Þorvaldsson, formaður UMFÍ, félaginu að gjöf á aðalfundi þess 24. febrúar 1976.
1990 Handknattleiksdeild	1981 Sunddeild	
1989 Frjálsíþróttadeild	1980 Handknattleiksdeild	
1988 Knattspyrnudeild	1979 Knattspyrnudeild	
1987 Handknattleiksdeild	1978 Frjálsíþróttadeild	

Heiðursfélagar, gull- og silfurhafar Umf. Selfoss

Heiðursfélagar Umf. Selfoss		Silfurmerkjahafar Umf. Selfoss	
Bjarni Sigurgeirsson*	01. 06. 1971	Ingólfur Bárðarson	01. 06. 1986
Grímur Thorarensen*	01. 06. 1971	Kristján Jónsson	01. 06. 1986
Guðmundur Jóhannsson*	01. 06. 1971	Páll Lýðsson	01. 06. 1986
Guðmundur Geir Ólafsson*	01. 06. 1976	Sigurður Ingimundarson	01. 06. 1986
Kolbeinn I. Kristinsson	01. 06. 1976	Sigurður Jónsson	01. 06. 1986
Sigfús Sigurðsson*	01. 06. 1976	Arnold Pétursson	30. 12. 1989
Hörður S. Óskarsson	01. 06. 1986	Garðar Jónsson	30. 12. 1989
Sigurður Ingimundarson*	04. 12. 1988	Sveinborg Jónsdóttir	30. 12. 1989
Hafsteinn Þorvaldsson	03. 05. 2007		
Kristján S. Jónsson	03. 05. 2007		
Tómas Jónsson	03. 05. 2007		
* Látinn.			
Bárður Guðmundsson	01. 06. 1986		
Björn Gíslason	01. 06. 1986		
Guðmundur Kr. Jónsson	01. 06. 1986		
Gylfi Þ. Gíslason	01. 06. 1986		
Hafsteinn Þorvaldsson	01. 06. 1986		
Helgi Björgvinsson	01. 06. 1986		
Hergeir Kristgeirsson	01. 06. 1986		
Hörður S. Óskarsson	01. 06. 1986		
Sigurður Árnason	01. 06. 1976		
Sveinn J. Sveinsson	01. 06. 1976		
Elínborg Gunnarsdóttir	01. 06. 1986		
Þórður Gunnarsson	01. 06. 1986		
Sigmundur Stefánsson	01. 06. 1986		
Kristján Már Gunnarsson	01. 06. 1986		
Guðmundur Kr. Ingvarsson	01. 06. 1986		
Bjarni Sigurjónsson	01. 06. 1986		
Sigurður Grétarsson	01. 06. 1986		
Gísli Á. Jónsson	01. 06. 1986		
Gísli Magnússon	01. 06. 1986		
Marteinn Sigurgeirsson	01. 06. 1986		
Hjalti Sigurðsson	01. 06. 1986		
Tryggvi Gunnarsson	01. 06. 1986		
Kári Jónsson	01. 06. 1986		
Sumarliði Guðbjartsson	01. 06. 1986		
Vésteinn Hafsteinsson	01. 06. 1986		
Þráinn Hafsteinsson	01. 06. 1986		
Hugi Harðarson	01. 06. 1986		
Tryggvi Helgason	01. 06. 1986		
Þórir Hergeirsson	01. 06. 1986		
Diðrik Haraldsson	01. 06. 1986		
Einar Jónsson	01. 06. 1986		

Viðurkenningar á aðalfundi 2009

Íþróttakarlar ársins 2008

Sævar Þór Gíslason

Aðrir íþróttakarlar tilnefndir af deildum:
Daníel Jens Pétursson, taekwondo
Ramunas Mikalonis, handknattleikur
Þór Davíðsson, júdo

Íþróttakona ársins 2008

Katrín Ösp Jónasdóttir

Aðrar íþróttakonur tilnefndar af deildum:
Ágústa Tryggvadóttir, frjálsar íþróttir
Elín Linnea Ólafsdóttir, taekwondo
Karen Kristjánsdóttir, knattspyrna

Björns blöndal bikarinn

2008: Þröstur Ingvarsson

UMFÍ bikarinn - deild ársins

2008: Knattspyrnudeild
- Fyrir eflingu kvennaknattspyrnu og Fyrirmyndardeild ÍSÍ

Íþróttamenn Umf. Selfoss

2008 Sævar Þór Gíslason og Katrín Ösp Jónasdóttir	2000 Magnús Aron Hallgrímsson	1987 Vésteinn Hafsteinsson
2007 Sævar Þór Gíslason og Ágústa Tryggvadóttir	1999 Friðfinnur Kristinsson	1986 Vésteinn Hafsteinsson
2006 Örn Davíðsson og Bergþóra Kristín Ingarsdóttir	1998 Magnús Aron Hallgrímsson	1986 Vésteinn Hafsteinsson
2005 Örn Davíðsson og Linda Ósk Þorvaldsdóttir	1997 Sigríður Anna Guðjónsdóttir	1985 Birgitta Guðjónsdóttir
2004 Hjalti Rúnar Oddsson og Bergþóra Kristín Ingarsdóttir	1996 Ingólfur Snorrason	1984 Tryggvi Helgason
2003 Ívar Grétarsson	1995 Bjarni Skúlason	1983 Tryggvi Helgason
2002 Jóhann Ólafur Sigurðsson	1994 Ingólfur Snorrason	1982 Tryggvi Helgason
2001 Jón Guðbrandsson	1993 Sigurður Valur Sveinsson	1981 Tryggvi Helgason
	1992 Einar Gunnar Sigurðsson	1980 Hugi S. Harðarson
	1991 Einar Gunnar Sigurðsson	1979 Hugi S. Harðarson
	1990 Einar Gunnar Sigurðsson	1978 Hugi S. Harðarson
	1989 Vésteinn Hafsteinsson	1977 Hugi S. Harðarson
	1988 Vésteinn Hafsteinsson	1976 Steinþór Guðjónsson

Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss haldinn í félagsheimilinu Tíbrá fimmtudaginn 15. maí 2008 kl. 20:00.

Fundargerð

1. Formaður félagsins, Þórir Haraldsson, setti fundinn og bauð fundarmenn og gesti velkomna.
2. Fundarstjóri var kosinn Guðmundur Kr. Jónsson og Örn Guðnason til vara.
3. Fundarritarar voru kosnar Sandra D. Gunnarsdóttir og Anna Guðmundsdóttir.
4. Í kjörnefnd voru kjörin Helgi S. Haraldsson, Hallur Halldórsson og Sveinbjörn Másson.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar. Fram kom að fundargerðin hefuri verið aðgengileg á heimasíðunni og er einnig í nýrri ársskýrslu. Var fundargerðin samþykkt.
6. Formaður lagði fram skýrslu stjórnar. Byrjaði hann á að þakka framkvæmdastjóra fyrir vel upp setta skýrslu, en fór síðan yfir helstu þætti er tengjast starfinu á liðnu ári. Sagði hann að félagsstarfið hefði verið öflugt og væri með því besta á landinu. Framfarir hefðu orðið á mörgum sviðum og góður árangur náðst. Stofnun og starfsemi akademíanna væri mjög mikilvæg. Félagið sigldi hraðbyri í hóp hinna 5-10 bestu á landinu hvað árangur varðar og að við ættum að setja markið þar. Hann sagði að yfir 50% unglinga í 8.-10. bekk tækju þátt í íþróttum, en vildi sjá það hlutfall hærra. Alls væru um 1.200 iðkendur í félaginu á grunnskólaaldri. Formaður þakkaði Sveitarfélaginu fyrir sérfræðisástoð sem bauðst í tengslum við úttekt Ræktar ehf. og sagði að það hefði skilað góðu inn í félagið. Þá sagði hann frá nýjum þjónustusamningi við Sveitarfélagið og þakkaði bæjarfulltrúum, bæjarstarfsmönnum og félögum velvild og áhuga á starfsemi félagsins. Miklar framkvæmdir væru á döfinni, m.a. nýr fótboltavöllur og nýr frjálsíþróttavöllur sem yrðu tilbúnir eftir 2 ár. Nýtt íþróttahús Sannulækjarskóla hefði verið tekið í notkun á árinu. Nýr samningur hefði verið gerður við knattspyrnudeild um rekstur íþróttavallarsvæðisins frá maí og út árið. Einnig að lokagreiðslur vegna skuldaskilaverkefnisins hefðu farið fram á árinu. Tvær nýjar deildir hefðu bæst við á árinu, taekwondo og mótókross, og væri formleg inntaka þeirra á dagskrá aðalfundarins. Formaður sagði frá skipan afmælisnefndar í tilefni 75 ára afmælis félagsins 2011. Síðan bað hann fundarmenn að rísa úr sætum og minnst söguritara félagsins, Páls Lýðssonar, sem lést á árinu. Því næst sagði hann frá því hve öflug heimasíða félagsins væri og þakkaði það deildunum sem væru duglegar að setja inn fréttir og upplýsingar. Heimasíðan væri með því besta sem gerist á landinu. Hann sagði frá menningarverðlaunum Árborgar sem jólasveinanefndin fékk og auknu framlagi til þeirra starfa. Einnig nýjum Hummel félagsbúningum sem væru væntanlegir. Formaður þakkaði framkvæmdastjóra félagsins, vallarstarfsmanni og forstöðumönnum íþróttaskólans fyrir góð störf. Hann sagðist nú láta af störfum sem formaður félagsins, en væri ánægður með þann tíma sem hann hefði starfað. Starfið hefði verið bæði skemmtilegt og erfitt, oft hefði verið tekist á, en alltaf endað á góðum notum. Að lokum þakkaði formaður gott samstarf við þá fjölmörgu sem hann hefði átt samskipti við og óskaði Ungmennafélaginu velfarnaðar á komandi árum.
7. Framkvæmdastjóri lagði fram reikninga félagsins til samþykktar.

8. a) Helgi S. Haraldsson lagði fram álit kjörbréfanefndar. Samkvæmt félagatali eiga 40 fulltrúar deilda rétt til setu á aðalfundinum. Mættir voru 31. Frá takekwondodeild 2, mótókrossdeild 1, handknattleiksdeild 6, fimleikadeild 5, knattspyrnudeild 7, sunddeild 4 og frjálsíþróttadeild 6.

8. b) Formaður lagði fram eftirfarandi tillögur og voru þær báðar samþykktar samhljóða:

Tillaga 1:
Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 15. maí samþykkir að veita taekwondodeild aðild að Umf. Selfoss.

Tillaga 2:
Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 15. maí samþykkir að veita

mótókrossdeild aðild að Umf. Selfoss.

Því næst voru kjörbréf frá nýju deildunum samþykkt.

9. Umræður um skýrslur formanns og gjaldkera og reikninga.

Hermann Ólafsson spurði hvort tillaga 9 frá síðasta aðalfundi hefði verið samþykkt. Formaður staðfesti að svo hefði verið. Skýrsla formanns og reikningar voru síðan borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

10. Ávörp gesta.

Sigríður Jónsdóttir úr framkvæmdastjórn ÍSÍ tók til máls og óskaði Umf. Selfoss til hamingju með frábært starf. Sagði hún að akademíurnar væru félaginu mikilvægar og taldi þær skila miklu. Hún afhenti síðan formanni sunddeildar viðurkenningu sem fyrirmyndardeild ÍSÍ og sagði að handbók deildarinnar hefði verið vel unnin eins og handbók fimleikadeildar.

Þorvaldur Guðmundsson bæjarfulltrúi flutti kveðjur bæjarstjórnar og þakkaði þann félagsauð sem í félaginu byggir. Sagði hann mikil lífsgæði fyrir Sveitarfélagið fólgin í því íþróttastarfi sem hér fer fram. Forvarnargildi akademíanna væri gríðarlega mikið og að vel hefði tekist til með stofnun þeirra. Samstarf milli aðila hefði verið mjög gott. Hann sagði að til að viðhalda félagsauði þyrfti að halda leiðtoganámskeið og styrkja þannig starfið. Einnig sagði hann frá starfi og skýrslu Ræktarmanna og lagði áherslu á mikilvægi þess að aðilar myndu vinna saman. Bæjarstjórn hefði ákveðið að styrkja sérstaklega þær deildir sem fá viðurkenningu sem fyrirmyndardeildir. Hann afhenti því næst formanni sunddeildar styrk frá Sveitarfélaginu að upphæð 700.000 kr.

Gísli Páll Pálsson, formaður HSK, bar fundinum kveðjur frá stjórn og framkvæmdastjóra HSK. Óskaði hann félaginu til hamingju með gott starf og góða ársskýrslu. Kvaðst hann ánægður með að skuldaskilaverkefninu væri lokið. Síðan stiklaði hann á stóru um það helsta sem er á döfinni hjá HSK og minnst m.a. á Unglingalandsmót í Þorlákshöfn og ritun 100 ára sögu Hérðassambandsins. Þakkaði hann Þóri Haraldssyni fráfarandi formanni afar gott starf. Að lokum afhenti hann formanni sunddeildar 100.000 kr. styrk úr Verkefnasjóði HSK vegna viðurkenningar sem fyrirmyndardeild ÍSÍ.

Guðmundur Jóhannesson, formaður sunddeildar, tók til máls og þakkaði góða styrki og hamingjuóskir til deildarinnar.

Hafsteinn Þorvaldsson, heiðursfélagi Umf. Selfoss, tók til máls og óskaði sunddeildinni til hamingju með viðurkenninguna. Hvatti hann fleiri deildir til að stefna að því sama. Þakkaði hann fráfarandi formanni frábær störf sem hann sagði einkennast af dugnaði og krafti. Einnig þakkaði hann framkvæmdastjóra félagsins fyrir frábært starf. Að lokum bað hann fyrir kveðjur til fundarins frá Vésteini syni sínum og óskaði félaginu til hamingju með gott starf.

Bragi Bjarnason, íþrótt- og tómskundafulltrúi Árborgar, tók til máls og lýsi yfir ánægju með nýja samninga við ungmennafélagið og akademíurnar. Lagði hann áherslu á forvarnargildi samninganna og minnst m.a. á að í nýjum samningi væri auknið fjármagn lagt til íþrótt- og tómskundaskólans, breytingar gerðar á afreksmannasjóði og boðleiðir væru styttrar. Hann talaði um þá miklu framför sem hefði orðið í starfsemi deildanna og þann góða árangur sem væri að nást. Óskaði að lokum félaginu til hamingju og þakkaði samstarfið.

Hermann Ólafsson, formaður knattspyrnudeildar, sagði að halli á rekstri unglingsráðs ætti sér þá skýringu að ráðinn hefði verið framkvæmdastjóri á síðastliðnu ári. Fjárhagsstaða unglingsráðs væri góð. Hann minnst einnig á leyfikerfi KSÍ sem deildin undirgengist og mætti að mörgu leyti líkja við fyrirmyndarviðurkenningu ÍSÍ. Að lokum þakkaði hann fráfarandi formanni samstarfið og óskaði félaginu til hamingju með nýja samninginn.

11. a) Tillögur lagðar fyrir fundinn. Formaður lagði fram tillögur 3 til 10.

Tillaga 3
Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 15. maí 2008 þakkar öll-

Fundargerð aðalfundar 2008

um sem stutt hafa starf félagsins með þátttöku í starfinu, setu í stjórnnum, ráðum og nefndum, stuðningsaðilum, fyrirtækjum, Sveitarfélaginu Árborg, foreldrum og öðrum sem unnið hafa að framgangi félagsins.

Tillaga 4

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 15. maí 2008 þakkar bæjarstjórn Árborgar veittan stuðning við starfsemi félagsins. Fundurinn lýsir ánægju sinni með aukin framlög til starfsemi félagsins sem birtast í nýgerðum þjónustusamningi og hvetur deildir til að nýta sér þau sóknarfæri sem í honum felast.

Tillaga 5

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 15. maí 2008 fagnar þeirri bættu aðstöðu sem félagið nýtur með tilkomu nýs íþróttahúss við Sunnlækjarskóla, "Baulu".

Tillaga 6

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 15. maí 2008 fagnar nýgerðum samningi félagsins við Sveitarfélagið Árborg um rekstur íþróttavallarsvæðisins við Engjaveg. Með samningnum er tryggt að mögulegt verður að manna völlinn í samræmi við mikla og vaxandi nýtingu hans allt árið.

Tillaga 7

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 15. maí 2008 fagnar ákvörðunum um viðamikla endurbýggingu íþróttavallarsvæðisins við Engjaveg sem hafin verður nú í haust. Félagið væntir mikils af því að hin nýju og fullkomnu mannvirki verði til þess að auka áhuga og iðkun knattspyrnu og frjálsíþróttá á Selfossi og enn betri árangur fylgi í kjölfarið.

Tillaga 8

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 15. maí 2008 bendir á að þrátt fyrir metnaðarfullar ákvarðanir um endurbýggingu íþróttamannvirkja er afar nauðsynlegt að finna varanlega og viðunandi lausn á húsnæðisvanda júdo- og taekvondo deilda félagsins sem nú búa við allt of þröngan kost. Þá er nauðsynlegt að hið fyrsta verði reist fjölnota íþróttahús með knattspyrnuvelli í fullri stærð til þess að íþróttafólk á Selfossi geti æft allt árið við sambærilegar aðstæður og keppinautar þess, auk þess sem slíkt hús myndi nýttast almenningi og vaxandi þörf skólanna á Selfossi fyrir fjölbreytta aðstöðu til íþróttakennslu.

Tillaga 9

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 15. maí 2008 samþykkir að fela aðalstjórn að vinna að sameiginlegum fjáröflunum fyrir félagið í heild og deildir þess. Skal þar sérstaklega horft til að afla styrktar-, auglýsinga- og afsláttarsamninga fyrir félagið í heild. Jafnframt skal aðalstjórn setja reglur um skiptingu þess fjár sem aflast með þessum hætti milli aðalstjórnar og einstakra deilda, sem meðal annars taki mið af eðli samninga, áhrifa þeirra á núverandi fjármögnun aðila og umfangs starfsemi deildanna.

Tillaga 10

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 15. maí 2008 fagnar vinnu Sveitarfélagsins Árborgar að stefnumótun í íþrótt- og tómstundamálu og telur þetta framtak afar þarft og muni skila verulegum árangri til framtíðar. Jafnframt þakkar aðalfundurinn ráðgjöfumu frá Rækt ehf. sem aðstoðuðu deildir og aðalstjórn Umf. Selfoss við stefnumótunarvinnu sína á árinu með góðum árangri og mikilsvert framlag Sveitarfélagsins Árborgar til vinnu félagsins með því að kosta vinnu ráðgjafanna.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögur 11 og 12.

Tillaga 11

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 15. maí 2008 samþykkir að árgjald (félagsgjald) innan félagsins verði kr. 2.000 fyrir árið 2008.

Tillaga 12

Fjárhagsáætlun aðalstjórnar Umf. Selfoss.

Anna Guðmundsdóttir lagði fram tillögu 13.

Tillaga 13. – Lagabreyting:

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 15. maí 2008 samþykkir eftirfarandi lagabreytingu:

Í stað 2. – 4. mgr. 15. greinar komi eftirfarandi ákvæði:

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa eftirtaldir fulltrúar:

1. Framkvæmdastjórn félagsins.
2. Formenn allra deilda félagsins.
3. 43 fulltrúar deilda, sem kosnir eru á aðalfundi þeirra eða stjórn deilda tilnefni skv. ákvörðun aðalfundar deildarinnar, í réttu hlutfalli við iðkendur hveirar deildar á aldrinum 6 til 16 ára. Við ákvörðun hverjir séu iðkendur skal miðað við að iðkun sé regluleg, a.m.k. einu sinni í viku yfir tímabil sem sé að lágmarki 3 mánuðir á almanaksárinu, samkvæmt skráningu í félagaskráningakerfi. Hver félagi getur aðeins farið með eitt atkvæði.

11 b) Kynning á stefnumótun félagsins.

Sigurður Þorsteinsson frá Rækt ehf. sagði frá stefnumótunarvinnu félagsins og lýsti ánægju sinni með að fá að starfa að þessu verkefni. Sagði hann að hér væri trúlega eitt mesta félagsstarfið sem unnið væri á landinu. Hann talaði um hvað rétt ræktun væri þ.e. að rækta hvern einstakling út frá hans eigin forsendum og mikilvægi þess að setja sér markmið. Þakkaði hann fyrir samstarfið.

12. Verðlaunaafhending

Formaður og framkvæmdastjóri afhentu verðlaun.

- 1) Ágústa Tryggvadóttir, frjálsíþróttakona, fékk afhentan bikar sem íþróttakona Umf. Selfoss 2007.
- 2) Sævar Þór Gíslason, knattspyrnumaður, fékk afhentan bikar sem íþróttakarl Umf. Selfoss 2007.
- 3) Jóhannes Óli Kjartansson fékk afhentan Björns Blöndal bikarinn fyrir framúrskarandi störf í þágu félagsins.
- 4) Fimleikadeild fékk afhentan UMFÍ bikarinn sem deild ársins.

Liður utan dagskrár:

Formaður kallaði formann sunddeilda upp og færði honum blómvönd fyrir hönd félgsins fyrir viðurkenningu sem fyrirmyndardeild ÍSí.

13. Kaffihlé

14. Umræður og afgangssamtallegur tillagna.

Tillögur 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10 og 11 voru bornar upp og allar samþykktar samhljóða án breytinga.

15. Lagabreytingar.

Tillaga 13 borin upp og samþykkt samhljóða.

16. Fjárhagsáætlun aðalstjórnar borin upp og samþykkt samhljóða. Fjárhagsáætlunir deilda staðfestar.

17. Tillaga 11 um árgjald var samþykkt undir dagskrárlíð 14.

18. Stjórnarkjör.

Eftirfarandi tillaga um skipan stjórnar var samþykkt samhljóða:

Formaður: Axel Þór Gissurarson.

Gjaldkeri: Hansína Kristjánsdóttir.

Ritari: Sandra D. Gunnarsdóttir

Meðstjórnendur: Bergur Guðmundsson og Sveinn Jónsson.

19. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt samhljóða:

Klara Öfjörð Sigfúsdóttir og Anita Guðlaugsdóttir.

Til vara: Snorri Sigurfinnsson og Ólafur Ragnarsson.

20. Kosning í jólasveina- og þrettándanefnd.

Eftirfarandi tillaga samþykkt:

Svanur Ingvarsson, Þröstur Ingvarsson, Guðmundur Ingvarsson og Þórarinn Ingólfsson.

21. Önnur mál.

Þórir Haraldsson, fráfarandi formaður, tók til máls, þakkaði samstarfið og óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju. Síðan afhenti hann nýkjörnum formanni lykil sinn að Tíbrá.

Axel Þór Gissurarson, nýkjörinn formaður, tók til máls og þakkaði stuðninginn. Jafnframt sagðist hann hlakka til að takast á við ný verkefni.

Fundi slitið kl. 23:15.

AG/SDG/ÖG



Góður kostur

Sveitarfélagið Árborg

- lifandi samfélag -

